


skoðun 18

SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Baðherbergið




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag


# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

MIÐVIKUDAGUR

12. maí 2010 — 110. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Í góðum félagsskap

*Kristján Ingimarsson lék á móti Sofie Gråbøl og Nicolas Bro í Macbeth í leikhúsi í Kaupmannahöfn.*

**fólk** 38

## Stelpur í stuði

*KFUM OG KFUK bjóða sumardvöl fyrir stúlkur með ADHD.*

**tímamót** 20



## Óvænt í vesturbænum

*Nýliðar Hauka gerðu sér lítið fyrir og náðu sér í stig á erfiðum útivelli gegn KR í gær.*

**sport** 34-35

### veðrið í dag




**LÉTTIR TIL SMÁM SAMAN**. Í dag má búast við hægri vestlægri eða breytilegri átt en við suðvestur- og vesturströndina verður aðeins hvassara. Víða skúrir en léttir til er líður á daginn, fyrst sunnanlands.

**veður** 4

# Kemur ekki ótilneyddur

**Sigurður Einarsson er eftirlýstur af Interpol. Hann lýsir handtökum síðustu daga sem leikriti til að sefa reiði almennings. Hann ætli ekki að taka þátt í því sjálfviljugur og muni því ekki koma heim ótilneyddur.**

**LÖGREGLUMÁL** Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, ætlar ekki að mæta sjálfviljugur til Íslands í yfirheyrslu hjá sérstökum saksóknara. Þetta sagði Sigurður þegar Fréttablaðið náði tali af honum í London í gærkvöldi.

Alþjóðalögreglan Interpol gaf í gær út alþjóðlega handtökuskipun á hendur Sigurði, sem hefur neitað að verða við tilmælum um að koma til yfirheyrslu.

„Ég er algerlega hlessa á þessum síðustu tíðindum,“ segir Sigurður. „Það kemur mér mjög á óvart að menn séu handteknir um leið og þeir koma til landsins,“ segir hann og vísar þar til Ingólfs Helgasonar og Steingríms P. Kárasonar, fyrrverandi yfirmanna hjá Kaupþingi, sem voru handteknir við komuna til landsins í fyrrinótt. Áður höfðu Hreiðar Már Sigurðsson og Magnús Guðmundsson verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna rannsóknarinnar. Sigurður er ásamt þeim grunaður um þátttöku í stórfelldum brotum í rekstri Kaupþings, sem meðal annars snúa að markaðsmisnotkun.

> ” Ég mun láta reyna á þau mannréttindi sem ég bý við hér í Bretlandi
>
> **SIGURÐUR EINARSSON**

„Þessar handtökur og gæsluvarðhaldsúrskurðir eru að mínu viti fullkomlega ástæðulaus og ég mun að minnsta kosti ekki sjálfviljugur taka þátt í því leikriti, sem mér sýnist vera sett upp til þess að sefa reiði þjóðarinnar, eins og gefið hefur verið í skyn og ráðamenn hafa ekki treyst sér til að neita.“

Spurður um handtökuskipunina sem Interpol hefur gefið út og hvort hann hyggist koma til landsins í ljósi hennar segir Sigurður: „Ég mun láta reyna á þau mannréttindi sem ég bý við hér í Bretlandi og kem þar af leiðandi ekki heim í þessar aðstæður ótilneyddur.“ Sigurður vildi ekki tjá sig frekar um málið.

Verði Sigurður handtekinn ytra munu þarlendir dómstólar þurfa að úrskurða um það hvort hann verði framseldur til Íslands.

**- sh / sjá síðu 4**




**EFTIRLÝSTUR AF INTERPOL** Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, er á lista yfir eftirlýsta glæpamenn á vefsíðu alþjóðalögreglunnar Interpol. Þar er hann sagður grunaður um falsanir og fjársvik.

Eigendum og æðstu stjórnendum Glitnis stefnt fyrir dómstól í Bandaríkjunum:

# Krafin um 257 milljarða króna

**DÓMSMÁL** Skilanefnd Glitnis hefur höfðað mál fyrir dómstól í New York gegn sjö fyrrverandi eigendum og háttsettum stjórnendum gamla bankans. Þeir eru Jón Ásgeir Jóhannesson og eiginkona hans Ingibjörg Pálmadóttir, Hannes Smárason, Pálmi Haraldsson í Fons, Þorsteinn Jónsson, Lárus Welding og Jón Sigurðsson.

Þeim er stefnt til greiðslu tveggja milljarða Bandaríkjadala, eða 257 milljarða íslenskra króna.

Þetta kemur fram í frétt Reuters í gærkvöldi. Þar segir að sjömenningunum sé gefið að sök að hafa gert samsæri um að ná völdum í bankanum og hafi á stuttum tíma sogið fé út úr bankanum til að „fylla eigin vasa og koma eigin fyrirtækjum í vanda til bjargar“. Pricewaterhouse Coopers, fyrrverandi endurskoðunarfyrirtæki Glitnis, er jafnframt stefnt.

Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, staðfesti fréttina í viðtali við Fréttablaðið í gærkvöldi. Hann segir að málið sé endahnútur langrar rannsóknar en hann geti ekki tjáð sig um málavöxtu frekar. Fréttatilkynning verður send frá skilanefndinni í morgunsárið.

**- shá / sjá síðu 2**










## SPURNING DAGSINS



*Hilmar, er það leikur einn að framleiða tölvuleiki?*

„Nei, alls ekki. Þetta er dauðans alvara."

Hilmar V. Pétursson er forstjóri netleikjafyrirtækisins CCP, sem þekktast er fyrir netleikinn EVE Online. Hjá fyrirtækinu er nóg að gera. Það er með þrjá tölvuleiki í vinnslu og auglýsti um helgina síðustu eftir 150 nýjum starfsmönnum.

Frumvarp um greiðsluaðlögun bílalána lagt fyrir þingflokkana í dag:

# Tilraun til samkomulags brást

**ALÞINGI** Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, leggur í dag frumvarp um greiðsluaðlögun bílalána fyrir þingflokka stjórnarflokkanna. Undanfarnar vikur hafa staðið yfir viðræður á milli stjórnvalda og bílalánafyrirtækja um afskriftir erlendra bílalána og breytingar á þeim yfir í íslenskar krónur. Þær skiluðu ekki tilætluðum árangri.

„Það er rétt. Nú fer frumvarpið í sinn lögformlega feril fyrst við náðum ekki að fara samkomulagsleiðina. Við höfðum bundið vonir við að samkomulag myndi nást því þá hefði málið í heild sinni unnist hraðar. En við höldum bara okkar striki og fyrirtækin hugsa þá væntanlega sinn gang," segir Árni Páll.



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON** Frumvarp um greiðsluaðlögun bílalána verður lagt fyrir þingflokkana í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gengistryggð lán hafa hækkað allt að 80 prósent meira en verðtryggð lán til bílakaupa. Með fyrirhuguðum aðgerðum stjórnvalda verður þessi umframhækkun tekin til baka að stærstum hluta.

Spurður hvort fyrirtækin séu fallin á tíma og samkomulag sé úr sögunni segir Árni Páll að þau hafi í raun tíma þangað til frumvarpið er orðið að lögum. „En við tefjum ekki við þetta lengur. Fyrirtækin taka ákvarðanir út frá sínum hagsmunum. Við erum að hugsa um almannahagsmuni." - shá

Netaralli Hafró lokið:

# Góður þorskafli fjórða árið í röð

**SJÁVARÚTVEGUR** Nýlega er lokið árlegri rannsókn Hafrannsóknastofnunarinnar á hrygningarslóð þorsks, svokölluðu netaralli. Sex bátar tóku þátt í netarallinu.

Afli var góður en tiltölulega mikið er nú af stórum þorski í stofninum, segir á vef Hafró. Aflinn í netarallinu hefur verið góður í fjögur ár eða allt frá árinu 2007.

Úrvinnsla gagna er á frumstigi, en fyrstu niðurstöður munu liggja fyrir í lok maí. - shá



**AMADOU & MARIAM** Malísku tónlistarmennirnir stíga fyrstir á svið á Listahátíð í Reykjavík. Þau verða með tónleika í Laugardalshöllinni. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

Fjöldi listviðburða í maí:

# Listahátíð hefst í Reykjavík í dag

**MENNING** Listahátíð í Reykjavík hefst í dag með tónleikum malísku tónlistarmannanna Amadou og Mariam í Laugardalshöll.

Listahátíðin hefur verið haldin síðan árið 1970. Þar til árið 2004 var hún haldin annað hvert ár en árlega eftir það. Fjöldi viðburða verður að þessu sinni. Má þar nefna að á morgun verður norski píanóleikarinn Leif Ove Andsnes með tónleika í Laugardalshöll. Á föstudaginn verða djasstónleikar með Marilyn Mazur og Sidsel Endresen í Íslensku óperunni og þá um kvöldið verður leiksýningin Rómeó og Júlía á Stóra sviði Borgarleikhússins.

Yfirstjórn Listahátíðar er í höndum fulltrúaráðs, sem er skipað helstu lista- og menningarstofnunum landsins ásamt ýmsum samtökum listamanna. Menntamálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík gegna formennsku í fulltrúaráðinu til skiptis, tvö ár í senn. - th

## ELDGOS Í EYJAFJALLAJÖKLI

### Brunabót með gosstyrki

Styrktarsjóður Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands hefur tilkynnt sveitarfélögum sem eiga aðild að félaginu að ekki verði óskað eftir umsóknum í sjóðinn að þessu sinni. Úthlutunarfénu verði þess í stað varið til sérstakra brýnna verkefna í sveitarfélögum vegna afleiðinga eldgossins í Eyjafjallajökli.

# Stjórnendum stefnt til greiðslu 257 milljarða

**Skilanefnd Glitnis hefur höfðað mál gegn stærstu eigendum og stjórnendum gamla bankans. Hinir stefndu eru taldir hafa haft 257 milljarða króna af bankanum. Endurskoðendum bankans er jafnframt stefnt sem meðsekum í málinu.**

**DÓMSMÁL** Skilanefnd Glitnis hefur höfðað mál fyrir dómstól í New York í Bandaríkjunum gegn sjö fyrrverandi eigendum og háttsettum stjórnendum gamla bankans. Þeir eru Jón Ásgeir Jóhannesson og eiginkona hans Ingibjörg Pálmadóttir, Hannes Smárason, Pálmi Haraldsson í Fons, Þorsteinn Jónsson, Lárus Welding og Jón Sigurðsson. Upphæð kærunnar er tveir milljarðar Bandaríkjadala, eða 257 milljarðar íslenskra króna.

Þetta kemur fram í frétt Reuters í gærkvöldi. Þar segir að sjömenningunum sé gefið að sök að hafa gert samsæri um að ná völdum í bankanum og hafi þeir á stuttum tíma sogið fé út úr bankanum til að koma öðrum fyrirtækjum sínum til bjargar og til að fylla eigin vasa.

Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, staðfesti í viðtali við Fréttablaðið í gærkvöldi að fréttin væri á rökum reist. Hann sagði að málið væri endahnútur langrar rannsóknar en hann gæti ekki tjáð sig um málavöxtu frekar. Fréttatilkynning yrði send frá skilanefndinni í morgunsárið.

Á fréttaveitunni Bloomberg er vitnað í stefnuna um að „fall bankans verði ekki síst rakið til viðskipta [Jóns Ásgeirs] Jóhannessonar". Fréttaveitan segir að eigendur bankans hafi tekið féð út úr bankanum á „allra versta tíma fyrir bankann" og átt stóran þátt í falli hans ári síðar.

Í stefnunni er málsaðilum gefið að sök að hafa fjármagnað samsærið gegn Glitni með sölu skuldabréfa sem Glitnir gaf út í september 2007 fyrir um einn milljarð Bandaríkjadollara, eða um 130 milljarða íslenskra króna á núverandi gengi. Skuldabréfin voru seld til fjárfesta í Bandaríkjunum og ekki síst í New York.

Hópurinn sem um ræðir náði völdum í bankanum í apríl 2007.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir að árið 2007 hafi Glitnir aukið skuldabréfaútgáfu sína að mun og þar hafi munað langmest um útgáfu á Bandaríkjamarkaði. Á mánuðunum eftir stjórnar- og forstjóraskipti tvöfölduðust útlán frá Glitni til Baugs og tengdra fyrirtækja, að því er segir í skýrslunni.

Þá er PriceWaterHouseCoopers, fyrrverandi endurskoðunarfyrirtæki bankans, nefnt í málskjölum. Skilanefndin heldur því fram að endurskoðendur fyrirtækisins séu meðsekir í meintu samsæri til að ná fé út úr Glitni.

Skilanefnd Glitnis stefndi Jóni Ásgeiri, Pálma, Lárusi og þremur öðrum fyrrverandi stjórnendum Glitnis fyrir rúmum mánuði fyrir að hafa meðal annars misnotað eigendavald og náð lánsfé út úr bankanum með ólögmætum aðferðum. Sex milljarðar króna runnu til Fons, félags Pálma, og var þess krafist að sexmenningarnir greiddu þá upphæð til baka.

svavar@frettabladid.is

## Stefnt fyrir dóm í New York



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON



INGIBJÖRG PÁLMADÓTTIR



PÁLMI HARALDSSON



HANNES SMÁRASON

Fyrrverandi eigendum, stjórnarmönnum og forstjóra Glitnis hefur verið stefnt til greiðslu tveggja milljarða dollara.



LÁRUS WELDING



ÞORSTEINN JÓNSSON



JÓN SIGURÐSSON



**ANAND** Á blaðamannafundi þegar sigurinn var í höfn. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Anand áfram heimsmeistari:

# Úrslitin réðust í lokaskákinni

**SKÁK Heimsmeistarinn Viswanathan Anand bar sigurorð af áskoranda sínum, Veselin Topalov, í 12. og síðustu skák heimsmeistaraeinvígisins sem fram fór í Sofíu í Búlgaríu. Anand vann þrjár skákir í einvíginu en Topalov tvær.**

**Anand hafði svart í lokaskákinni og bjuggust því flestir annaðhvort við sigri Topalovs eða jafntefli, en þá hefði einvígið farið í bráðabana.**

**Skákin fór rólega af stað. Tefld var drottningarbragð í fyrsta sinn í einvíginu og jafnaði Anand taflið auðveldlega. Hvorugur þeirra vildi þó sættast á skiptan hlut og upphófust flækjur í miðtaflinu þar sem Topalov hirti baneitrað peð og var harkalega refsað.** - pal

Brugðist við búsifjum af gosi:

# Heybanki fyrir bændur í vanda

**LANDBÚNAÐUR** Sveitarstjórn Rangárþings eystra hefur samþykkt að ráða starfsmann til að hefjast þegar í stað handa við að tryggja heybirgðir fyrir bændur í sveitarfélaginu. Fyrirséð er að margir bændur muni ekki geta heyjað vegna eldgossins í Eyjafjallajökli.

Sveitarfélagið ætlar að hafa forgöngu um að stofna sérstakan heybanka vegna þess og hefur falið sveitarstjóranum að greina þörfina og tryggja framgang málsins. - gar




Rannsókn sýnir að handþvottur hreinsar samviskubit vegna slæmra ákvarðana:

# Hægt að þvo burtu slæm áhrif

**VÍSINDI** Handþvottur hreinsar ekki bara í burtu óhreinindi og sýkla heldur hreinsar einnig samviskubit vegna slæmra ákvarðana, samkvæmt niðurstöðum rannsóknar.

Nú hafa sérfræðingarnir einnig komist að því að handþvotturinn dregur úr þeim áhrifum sem fyrri ákvarðanir hafa á breytni fólks, óháð því hvort það hefur samviskubit eða ekki.

Þetta kemur fram í nýjasta eintaki vísindatímaritsins Science. Þar er vitnað í rannsókn sálfræðinga við Michigan-háskóla í Bandaríkjunum, sem sýnir fram á að hið gamalreynda ráð að þvo hendur sínar af slæmum ákvörðunum slær í raun og veru á samviskubitið.

Í rannsókninni voru háskólanemar látnir raða tíu hljómplötum eftir því hverjar þeirra þeir vildu helst eiga. Eftir það máttu þeir eiga annaðhvort plötu númer fimm eða sex. Rannsóknir sýna að eftir að hafa fengið disk að gjöf raða háskólanemarnir gjarnan þeim diski sem þeir fengu ofar, eigi þeir að endurtaka tilraunina.

Í þessu tilviki þurfti helmingur þeirra að þvo sér um hendurnar áður en þeir röðuðu diskunum aftur í vinsældaröð. Þeir sem þvoðu sér létu það mun síður hafa áhrif á sig að þeir hafi fengið einn diskanna að gjöf. Það þótti sýna að handþvotturinn dragi úr áhrifum fyrri ákvarðana. - bj



**HANDÞVOTTUR** Þekkt hefur verið að handþvottur slái á samviskubit yfir slæmum ákvörðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



SUMARBLÓMIN KOMIN!
Sólblóm
Margarítur
Dalíur
Hengibrúðarauga
ATHUGIÐ!
Öll sumarblóm í Garðheimum eru íslensk ræktuð
Tóbakshorn
Bláhnoða
Stjúpur
Nellikur
20% helgar afsláttur
Himalajaeinir
Geislasópur
Syprus
Fræ mánaðarins:
tóbaks-planta
ÞAÐ ER KOMIÐ SUMAR!
TÖKUM TIL Í GARÐINUM
VERMI- OG SVALAREITIR Í ÚRVALI
NÝ VERKFÆRI
Helluburstar
Arfaskafa
Vatnskristallar
CASORON illgresiseyðir
2890kr
Blákorn
5, 10 og 40 kg
20% afsláttur
Tækjaleiga Garðheima
opið virka daga til kl.18.00, helgar til kl. 17.00
Mold og túnþökur í kerruna
leigjum líka út kerrur
RÆKTUM SJÁLF!
Nýjir garðálfar
GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:
Við gróðursetningu sumarblóma:
Gott að blanda vatnskristöllum í moldina svo ræturnar nái í raka. Strá smávegis af blákorni yfir moldina eftir útplöntun eða vökva með blómaáburði blönduðum í vatn 3svar á viku yfir vortímann.
Við erum stolt af því að vera fyrirmyndarfyrirtæki VR annað árið í röð!
VR
FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI
2010
GARÐHEIMAR
allt í garðinn á einum stað!

## GENGIÐ 11.05.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,52 | 129,14 |
| Sterlingspund | 189,75 | 190,67 |
| Evra | 163,08 | 164,00 |
| Dönsk króna | 21,909 | 22,037 |
| Norsk króna | 20,776 | 20,898 |
| Sænsk króna | 16,898 | 16,998 |
| Japanskt jen | 1,3895 | 1,3977 |
| SDR | 190,72 | 191,86 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
219,9993

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bankaráð Landsbankans lánaði eigandanum 800 milljónir til fasteignakaupa:

# Sumarhús Björgólfs í Portúgal til sölu

**VIÐSKIPTI** Sveinn Sveinsson, skiptastjóri þrotabús Björgólfs Guðmundssonar, vinnur nú að því að selja hús auðkýfingsins fyrrverandi í strandbænum Cascais í Portúgal.

Cascais er um þrjátíu kílómetra vestur af Lissabon, höfuðborg Portúgals, og vinsæll sumardvalarstaður á meðal efnaðra einstaklinga. Óvíst er hvað fæst fyrir húsið um þessar mundir. Andvirði sölunnar fer upp í kröfur þrotabús Björgólfs.

Fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að bankaráð Landsbankans veitti Björgólfi níu milljóna evra lán til að kaupa húsið 31. október árið 2007. Það jafngilti 780 milljónum króna á þávirði. Ekki liggja fyrir upplýsingar um húsið. Til samanburðar veitti lánanefnd Glitnis Jóni Ásgeiri Jóhannessyni 800 milljóna króna yfirdráttarlán hjá bankanum í júlí 2008 fyrir kaupum á skíðasetri í Frakklandi.

Í skýrslunni er tekið fram að Björgólfur hafi vikið af fundum á meðan mál honum tengd voru tekin fyrir hjá bankaráðinu.

Það sama gildir um fasteignakaup Björgólfs og um önnur viðskipti auðjöfra fyrir hrun að húsið er inni í einkahlutafélagi og veðsett. „Við lítum svo á að við séum með forræði yfir félaginu sem á húsið," segir Sveinn. **- jab**



**BJÖRGÓLFUR** Formaður bankaráðs Landsbankans keypti hús fyrir átta hundruð milljónir króna þegar fyrstu merki fjármálakreppunnar gætti á erlendum mörkuðum.

Lögregla í húsleitum:

## Tvær ræktanir voru stöðvaðar

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í húsi í miðborginni í fyrrakvöld. Við húsleit fundust rúmlega 100 kannabisplöntur. Karlmaður um fertugt hefur játað aðild að málinu.**

**Þá stöðvaði lögreglan kannabisræktun í húsi í Kópavogi í fyrradag. Við húsleit fundust tæplega 120 kannabisplöntur, 70 kannabisfræ og eitthvað af marijúana.** **- jss**

Kröfu vegna fráveitu ósvarað:

## Garðbæingar hunsa kröfur

**SVEITARSTJÓRNIR** Framkvæmdaráð Hafnarfjarðar segist harma að engin viðbrögð hafa borist frá stjórnsýslu Garðabæjar við ítrekuðum innheimtubréfum Hafnarfjarðarbæjar.

„Framkvæmdaráð heimilar sviðstjóra í samvinnu við lögmann bæjarins að senda innheimtukröfu vegna uppgjörs á notkun fráveitukerfis Hafnarfjarðarbæjar á árunum 2005-2009 og jafnframt að setja fram innheimtukröfu um greiðslu á notkun kerfisins á rauntíma á árinu 2010 sem taki mið af stofnkostnaðar- og rekstrarútreikningi," segir í bókun framkvæmdaráðsins. **- gar**

**LANDBÚNAÐUR**

### Megi nota fjórhjól í þjóðgarði

Búnaðarfélag Hörgslandshrepps segir að ef afréttur þeirra fer undir þjóðgarð geri félagið þá kröfu að sveitarstjórn Skaftárhrepps sjái um að bændur á svæðinu haldi óskertum nýtingarrétti svo sem verið hefur, ásamt því að mega áfram nota fjórhjól, sexhjól og hesta við smalamennsku.

# Tveir stjórar í viðbót í haldi

**Tveir fyrrverandi yfirmenn Kaupþings voru handteknir í gær. Þeir gistu fangaklefa í nótt. Hæstiréttur klofnaði í afstöðu sinni til varðhalds Hreiðar Más og Magnúsar. Stórfelldum brotum lýst í greinargerð.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir fyrrverandi yfirmenn úr Kaupþingi voru handteknir við komuna til landsins í fyrrinótt. Annar er Ingólfur Helgason, fyrrverandi forstjóri Kaupþings á Íslandi, og hinn Steingrímur P. Kárason, sem var yfirmaður áhættustýringar bankans. Þeir starfa báðir með Hreiðari Má Sigurðssyni hjá ráðgjafarfyrirtæki í Lúxemborg. Ingólfur og Steingrímur gistu fangaklefa í nótt en í gærkvöldi var ekki ljóst hvort gæsluvarðhalds yrði krafist yfir þeim.

Í greinargerð sérstaks saksóknara sem birtist í gæsluvarðhaldsúrskurði héraðsdóms yfir Magnúsi Guðmundssyni, fyrrverandi forstjóra Kaupþings í Lúxemborg, er stórfelldum meintum lögbrotum Kaupþingsmanna lýst í smáatriðum. Þau má sjá hér að neðan. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru enn fleiri meint brot tiltekin í úrskurðinum yfir Hreiðari Má.

Í greinargerðinni segir að mál af þessari stærðargráðu eigi sér ekki hliðstæðu í rannsóknum sakamála hér á landi og þótt víðar væri leitað, hvað fjárhagslega hagsmuni varðar. „Kaupþing banki hf. hafi verið stærst fjármálafyrirtækja hér á landi og hluthafar, kröfuhafar bankans, ríkissjóður og samfélagið í heild hafi orðið fyrir miklu tjóni vegna falls bankans. Ætla verði að það tjón hafi orðið mun meira en ella vegna hinna meintu brota." Þá segir að framburður Hreiðars og Magnúsar í skýrslutökum stangist á í veigamiklum atriðum.

Hæstiréttur klofnaði í afstöðu sinni til gæsluvarðhalds Hreiðars Más. Jón Steinar Gunnlaugsson skilaði sératkvæði og tók þar meðal annars undir það sjónarmið sem Hreiðar Már hafði lýst að hann hafi til þessa haft næg tækifæri til að hafa áhrif á meðseka og vitni og eða spilla gögnum. Af þeirri sök og öðrum væru ekki skilyrði fyrir varðhaldi. **stigur@frettabladid.is**





**Í HALDI LÖGREGLU** Ingólfur Helgason, til vinstri, og Steingrímur Kárason voru yfirheyrðir í allan gærdag í húsakynnum sérstaks saksóknara. Að því loknu var farið með þá í Hegningarhúsið á Skólavörðustíg. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Brot sem Magnús er grunaður um samkvæmt greinargerð sérstaks saksóknara

1. Yfirstjórnendur bankans og ákveðnir starfsmenn eru taldir hafa staðið að umfangsmiklum viðskiptum með bréf í bankanum sjálfum árin 2005 til 2008 í þeim tilgangi halda uppi gengi bréfanna. Þessi brot varði gríðarlega fjárhagslega hagsmuni og verulega hagsmuni fjölda þeirra sem fjárfestu í bankanum.
2. Lán til þriggja aðila, Holt Investment, Kevins Stanford og Desulo Trading, fyrir kaupum á bréfum í bankanum. Grunur er um markaðsmisnotkun. „Þá sé rökstuddur grunur um að tilteknum stjórnendum bankans, þar á meðal kærða [Magnúsi], hafi verið ljóst að umræddar lánveitingar væru í andstöðu við hagsmuni Kaupþings banka hf. þar sem sum lánin hafi verið veitt án formlegra lánasamninga og með ófullnægjandi tryggingum, til eignalausra félaga eða einstaklinga sem skráðir voru erlendis."
3. 510 milljón evra lán til félaganna Trenvis Limited, í eigu hjónanna fyrrverandi Kevins Stanford og Karen Millen, Holly Beach, í eigu Skúla Þorvaldssonar, Charbon Capital, í eigu Antonious Yerolemo, fyrrverandi stjórnarmanns í Bakkavör, og Ólafs Ólafssonar, aðaleiganda Kaupþings, vegna viðskipta með skuldatryggingar á Kaupþing. Þá voru félagi sjeiks Al-Thani frá Katar lánaðir 50 milljón dollarar fyrir slíkum viðskiptum, sem þó gengu aldrei í gegn. Síðustu lánveitingarnar áttu sér stað eftir að Seðlabankinn veitti Kaupþingi 500 milljóna evra neyðarlán rétt fyrir bankahrun. Hreiðar Már Sigurðsson, Sigurður Einarsson og Magnús Guðmundsson eru taldir hafa tekið ákvarðanir um viðskiptin. Tjónið er metið á 510 milljón evrur. Grunur er um umboðssvik og önnur lögbrot.
4. 171 milljónar evra lán til félagsins Lindsor Holdings og fjármagnsflutningar til Marple Holdings, félags í eigu Skúla Þorvaldssonar. Lánað var fyrir kaupum Lindsor á skuldabréfum af Marple Holdings, Kaupþingi í Lúxemborg og starfsmönnum bankans, til að flytja áhættuna af fallandi verði bréfanna á Kaupþing á Íslandi. „Fjármunum Kaupþings banka hf. á Íslandi hafi þar með verið stefnt í verulega hættu". Þá bendi gögn til þess að skjöl vegna viðskiptanna hafi verið fölsuð. Til dæmis hafi sérstakur saksóknari gögn undir höndum sem sýni að Lindsor hafi verið í eigu Kaupþings sjálfs, en á samningunum, sem voru unnir löngu eftir að viðskiptin áttu sér stað, hafi félagið verið sagt í eigu félags á Bresku Jómfrúreyjum. Guðný Arna Sveinsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs Kaupþings, hafði milligöngu um frágang skjalanna. Þá eru til rannsóknar flutningar á 13 milljörðum frá Kaupþingi til Marple Holdings án lánasamninga.
5. Lán Kaupþings til félaga í eigu Ólafs Ólafssonar og sjeiks Al-Thani, án trygginga, fyrir kaupum á bréfum í bankanum. Lánin eru í vanskilum og félögin eignalaus.




ELDHEITT EINTAK

N1

BROIL KING

GEM VNR. 076 53603IS
- 8,8kW / 30,000 BTU I brennari úr ryðfríu stáli
- Postulínshúðaðar járngrindur fylgja
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum

Verð aðeins:
39.998 KR.

N1 WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000 Meira í leiðinni


## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

**HÆGUR VINDUR**
Veðrið næstu daga einkennist af fremur hægum vindi og vætu með köflum í öllum landshlutum. Í dag má búast við skúrum en það léttir til er líður á daginn. Á morgun verður að mestu þurrt SV-lands en rigning norðanlands.



**Á MORGUN**
3-8 m/s, hvassara NV-til.

**FÖSTUDAGUR**
NA- og A-átt, 3-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 8° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 12° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 12° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 12° |
| París | 11° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# 25% höfuðstólslækkun lána í erlendri mynt

## – fyrir fyrirtæki

Nú eiga fyrirtæki í viðskiptum við Landsbankann með lán í erlendri mynt tekin fyrir 8. október 2008 kost á að sækja um 25% höfuðstólslækkun gegn því að lánunum sé breytt í óverðtryggð eða verðtryggð lán í íslenskum krónum. Lausnin verður í boði til 30. júlí 2010.*

### AÐRAR LAUSNIR FYRIR FYRIRTÆKI

**Lán færð í 100% af eignavirði gegn eiginfjárframlagi**
Miðað er við að skuldir fyrirtækja séu færðar í 100% af heildarvirði eða endurmetnu eignavirði ef eigandi greiðir 10% inn á lán fyrirtækis þannig að skuldir verða 90% af heildarvirði.

**Lán færð í 115% af eignavirði án eiginfjárframlags**
Miðað er við að skuldir fyrirtækja séu færðar í 115% af heildarvirði eða endurmetnu eignavirði ef eigandi leggur ekki til lágmarks eigið fé.

**Frysting**
Hægt er að fá frestun á hluta eða öllum afborgunum lána í 12-24 mánuði.



LAUSNIR FYRIR FYRIRTÆKI | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

*Nánari upplýsingar um skilyrði sem þarf að uppfylla er að finna á vefsíðu Landsbankans.

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

ENNEMM / SÍA / NM42147

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú að taka sumarfrí á meðan HM í knattspyrnu stendur yfir?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 15% |
| NEI | 85% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að sameina iðnaðarráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið í eitt atvinnuvegaráðuneyti?*

Segðu skoðun þína á vísir.is. VÍSIR

Bandaríkin gera loftárásir í Pakistan eftir tilraun til að fremja hryðjuverk í New York:

# Fjórtán fallnir eftir loftárás

**PAKISTAN, AP** Fjórtán manns féllu í Pakistan í gær í loftárás sem gerð var með ómönnuðum loftförum á vegum bandarísku leyniþjónustunnar CIA. Þrjár loftárásir hafa verið gerðar síðan upp komst um tilraun til að fremja hryðjuverk með bílasprengju í New York í byrjun maímánaðar.

Fullyrt er að hinir föllnu hafi allir verið uppreisnarmenn í Waziristan-héraði, en það hefur ekki fengist staðfest. Stjórnvöld í Pakistan mótmæla formlega árásunum, en talið er að árásirnar séu í raun gerðar með þeirra leyfi og aðstoð. Waziristan er hérað við landamæri Pakistans og Afganistans, og er í raun stjórnað af höfðingjum ættbálka á svæðinu frekar en pakistönskum stjórnvöldum. Bandarísk stjórnvöld hafa undanfarið aukið þrýsting sinn á pakistönsk stjórnvöld um að hefja hernaðaraðgerðir í héraðinu til að draga úr áhrifum Al-Kaída hryðjuverkasamtakanna.



**AUKIN GÆSLA** Pakistanskur hermaður leitar á mönnum skammt frá landamærum Afganistans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talið er að aukin áhersla bandarískra stjórnvalda á árásir í Pakistan standi í beinu samhengi við tilraun til að fremja hryðjuverk á Times-torgi í New York 1. maí síðastliðinn. Maður grunaður um verknaðinn hefur verið handtekinn, og hefur hann sagst hafa fengið þjálfun í Waziristan. **- bj**

Átján mánaða fangelsi:

# Dæmdur fyrir smygl á kókaíni

**DÓMSMÁL** Tæplega sextugur maður hefur verið dæmdur í átján mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir fíkniefnasmygl.

Maðurinn, sem er Litháí, var ákærður fyrir að hafa staðið að innflutningi á rúmlega hálfu kílói af kókaíni. Hann kom til landsins með flugi frá Kaupmannahöfn með fíkniefnin falin innvortis, en hann var handtekinn við komu til Keflavíkurflugvallar. Maðurinn játaði brot sitt fyrir dómi og hefur þegar hafið afplánun. **- jss**




**Til sölu eða leigu bækistöð á Suðurlandi:**

**Staðsetning: Eyrarbakki í Árborg.**

**Stærð: 1.705 m2 og skiptist í tvo stóra sali, skrifstofur, starfsmannaaðstöðu og fl.**

Tilvalið sem verkstæði, geymsla, aðstaða fyrir vinnuflokka, lager, og fl. Stór athafnalóð (3.500 m2) fylgir sem veitir stækkunarmöguleika síðar.

**Hagstætt verð.**

Upplýsingar í símum: **661 6800 og 660 1060**

KLAUSTRIÐ EFTIR PANOS KARNEZIS

FRÁ ÞEIM SEM GUÐ VILL TORTÍMA TEKUR HANN FYRST VITGLÓRUNA




„Kyrrlát, nánast þögul, frásögn en um leið brennheitt, mannlegt drama ... máttug og fumlaus."
–Times

SPLUNKUNÝ KILJA!

Þýðandi: Árni Óskarsson

BJARTUR
neon

DYNAMO REYKJAVÍK







**NÝR FORSÆTISRÁÐHERRA BRETA** David Cameron tók við lyklavöldum í forsætisráðherrabústaðnum í Downingstræti 10 í gærkvöldi. Með honum er eiginkona hans, Samantha. Þau eiga von á barni í september. NORDICPHOTOS/AFP

# Cameron tekinn við sem forsætisráðherra

**David Cameron, leiðtogi breska Íhaldsflokksins, er arftaki Gordons Brown í stóli forsætisráðherra Breta. Samkomulag hefur náðst á milli Íhaldsflokksins og Frjálslyndra demókrata um samsteypustjórn, hinnar fyrstu í landinu í 70 ár.**

**BRETLAND/AP** David Cameron, leiðtogi breska Íhaldsflokksins, er forsætisráðherra Bretlands. Elísabet drottning veitti Cameron stjórnarmyndunarumboð í gærkvöldi stuttu eftir að Gordon Brown baðst lausnar. Cameron hefur náð samkomulagi við Frjálslynda demókrata um myndun samsteypustjórnar en formlegar viðræður hefjast fyrir helgi.

Cameron þáði stjórnarmyndunarumboð úr hendi drottningar aðeins klukkustund eftir að Brown hafði beðist lausnar. Hann tók að því búnu við lyklavöldum að Downingstræti 10 og markar það tímamót í fleiri en einum skilningi. Þrettán ára valdatíma Verkamannaflokksins er lokið. Cameron er yngsti forsætisráðherra Breta síðan Lord Livingstone gegndi embættinu 1812. Íhaldsmenn og Frjálslyndir mynda fyrstu samsteypustjórn landsins í sjötíu ár.

Í stuttri ræðu á tröppum Downingstrætis 10 í gærkvöldi sagði Cameron að framundan væru margar erfiðar ákvarðanir en ásamt Nick Clegg, leiðtoga Frjálslyndra, yrði haldið fast um stjórnartaumana og ólíkar áherslur flokkanna myndu ekki standa í veginum fyrir því að endurvinna traust almennings, vinna bug á fjárlagahallanum og félagslegum vanda. Báðir flokkar hafi fallist á málamiðlanir sem gerðu þeim kleift að vinna saman þrátt fyrir ólíkar stefnuskrár.

Cameron var í gærkvöldi þegar tekinn við að mynda ríkisstjórn sína. George Osbourne verður fjármálaráðherra og William Hague utanríkisráðherra. Líkur eru leiddar að því að Nick Clegg muni taka við varaforsætisráðherraembætti; embætti sem í raun felur ekki í sér nein völd. Því er ekki útilokað að Clegg muni jafnframt gegna öðru og valdameira embætti sem muni jafnframt eiga við um fleiri úr röðum Frjálslyndra sem munu fá þungavigtarembætti í sinn hlut.

Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, var fyrsti erlendi þjóðhöfðinginn til að mynda óska Cameron til hamingju í stuttu símtali í gærkvöldi.

**svavar@frettabladid.is**

Sjómaður varð vitni að því þegar gríðarmikil skriða féll í sjó fram:

# Ásýnd Bjarnareyjar gjörbreytt

**NÁTTÚRA** „Það skal viðurkennast að þetta var mikilfenglegt. Ég sá bergið rifna við efstu brún og falla áttatíu til hundrað metra í sjó fram," segir Haraldur Sverrisson, skipstjóri á Sporði VE, sem var sjónarvottur að því í fyrrinótt þegar mikil fylla hrundi úr Bjarnarey, einni af úteyjum Vestmannaeyja.

Haraldur var á leið á miðin um fjögurleytið um nóttina þegar hann sá spilduna falla niður með tilheyrandi rykmekki og boðaföllum.

Pétur Steingrímsson, sem er vel kunnugur í Bjarnarey, fór út í eyna í gær og segir að tugþúsundir tonna af grjóti hljóti að hafa hrunið. Nú sé fjara þar sem áður var tíu til tuttugu metra dýpi við bergið. Farið eftir fylluna gangi tuttugu metra inn í bergið og sé fimmtíu metra breitt. Hrunið er það þriðja úr Bjarnarey á jafnmörgum vikum.



**BJARNAREY** Farið eftir skákina sem klofnaði úr berginu gengur tuttugu metra inn í eyjuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

„Mér sýnist að það eigi eftir að hrynja meira því þetta er allt sprungið þarna úti," segir Pétur. Nyrsti hluti svokallaðs Réttarhauss hrundi og með honum tapaðist svokallaður Brekahellir. Ásýnd Bjarnareyjar hefur því breyst mikið auk þess sem veiðistaðir töpuðust en Pétur segir einnig ljóst að mikið af lundaholum hafi farið í sjóinn.

Ingvar A. Sigurðsson, forstöðumaður Náttúrustofu Suðurlands, segir að hrun sem þetta verði með reglulegu millibili. Starfsmenn stofnunar munu fara á næstu dögum og skoða aðstæður. **- shá**

# 25% höfuðstólslækkun lána í erlendri mynt

## – fyrir heimili

Nú eiga viðskiptavinir Landsbankans með lán í erlendri mynt tekin fyrir 8. október 2008 kost á að sækja um 25% höfuðstólslækkun gegn því að lánunum sé breytt í óverðtryggð eða verðtryggð lán í íslenskum krónum. Lausnin er afturvirk og því einnig í boði fyrir einstaklinga sem þegar hafa nýtt sér höfuðstólslækkun lána. Lausnin verður í boði til 30. júlí 2010.*

### AÐRAR LAUSNIR FYRIR EINSTAKLINGA

- 110% aðlögun íbúðalána
- Greiðslujöfnun lána
- Fjárhagsleg hagræðing
- Endurfjármögnun skammtímalána
- Eingöngu vaxtagreiðslur í eitt ár
- Tímabundin föst greiðsla
- Frysting afborgana í allt að þrjú ár
- Frestun vegna sölutregðu
- Sértæk skuldaaðlögun




LAUSNIR FYRIR HEIMILI | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

*Nánari upplýsingar um skilyrði sem þarf að uppfylla er að finna á vefsíðu Landsbankans.

ENNEMM / SÍA / NM42148




Kona í barnsnauð var flutt yfir sjó og land á Landspítalann:

# Öskufall hamlaði flugi í Eyjum

**HEILBRIGÐISMÁL** Björgunarskip Björgunarfélags Vestmannaeyja flutti konu í barnsnauð frá Vestmannaeyjum aðfaranótt þriðjudags þar sem öskufall hamlaði flugi. Í Landeyjahöfn beið sjúkrabíll með ljósmóður frá Selfossi og flutti konuna á fæðingardeild Landspítalans í Reykjavík.

„Þetta gekk vonum framar,“ segir Birgir Nielsen, sem varð konu sinni samferða til Reykjavíkur. Hann segir barnið ekki væntanlegt alveg strax en þau séu í góðum höndum á Landspítalanum.

„Það var rjómablíða í nótt og björgunarsveitin leysti þetta vel úr hendi,“ segir hann, en kveður þó að óneitanlega hafi verið sérstakt að koma inn í Bakkafjöru í fyrrinótt. „Við fengum þær fregnir að þyrlan myndi ekki koma og vorum svo komin í bæinn tveimur tímum seinna.“

Gunnar Kristinn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja, segir að öskufall vegna eldgossins í Eyjafjallajökli hamli þar flugi núna, Eyjarnar séu inni á flugbannssvæði og völlurinn lokaður. „Við höfðum samband við Landhelgisgæsluna en þeir treystu sér ekki til að koma með þyrluna nema um líf og dauða væri að tefla og það var ekki í þessu tilviki,“ segir hann. **- óká**



**BJÖRGUNARBÁTURINN ÞÓR** Kona í barnsnauð var flutt í land með björgunarbátnum Þór.

# Hef á tilfinningunni að ég verði sakfelld

**Sólveig Anna Jónsdóttir leikskólastarfsmaður er ásamt átta öðrum ákærð fyrir árás á Alþingi í búsáhaldabyltingunni. Hún segir sakargiftirnar svívirðilegar.**

**DÓMSMÁL** Mál níu mótmælenda sem ákærðir eru fyrir árás á Alþingi í desember 2008 verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. Þeir eiga yfir höfði sér að minnsta kosti eins árs fangelsi verði þeir fundnir sekir.

Sólveig Anna Jónsdóttir leikskólastarfsmaður er meðal sakborninga. Hún segir það hafa komið sér á óvart að vera ákærð fyrir árás á Alþingi, samkvæmt 100. grein hegningarlaga.

„Mig grunaði að það yrði gefin út ákæra, eins og menn létu á sínum tíma. Ég var yfirheyrð tvisvar, í seinna skiptið sótti lögreglan mig í vinnuna, og það var greinilegt að það átti að taka okkur föstum tökum. En mér datt ekki í hug að viðbrögðin yrðu svona hysterísk. Það er svívirðilegt að krefjast refsingar samkvæmt 100. grein hegningarlaga og liggur við að maður tali um pólitískar ofsóknir.“

Sólveig Anna segir það óþægilega tilhugsun að eiga á hættu að verða dæmd. „Eins og staðan er núna þá hef ég á tilfinningunni að ég verði sakfelld. Ég vona auðvitað að svo fari ekki. Ef fólk fer yfir gögnin sést að þar stendur ekki steinn yfir steini, en satt best að segja býst ég við því að fá dóm.“



**SÓLVEIG ANNA JÓNSDÓTTIR** Segir tilgang ákærunnar vera að hræða fólk frá því að taka þátt í mótmælaaðgerðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Spurð hvort hún óttist að fara í fangelsi segist hún ekki hafa leitt hugann að því. „Ég leyfi mér ekki að hugsa svo langt en það yrði ábyggilega ömurleg lífsreynsla.“

Sólveig Anna telur að með því að ákæra mótmælendur fyrir árás á Alþingi séu yfirvöld að senda skilaboð um að hart verði tekið á mótmælum á borð við þau sem urðu í búsáhaldabyltingunni. „Það er í raun verið að hræða fólk frá því að taka þátt í mótmælaaðgerðum á tímum þegar það hefur sjaldan eða aldrei verið jafnmikil ástæða til að mótmæla.“

Sólveig Anna segist vona að ekki komi til átaka í dag, eins og gerðist við fyrirtöku málsins 30. apríl síðastliðinn. Ekki var nægur sætafjöldi fyrir áhorfendur og var þeim sem ekki höfðu sæti gert að víkja þaðan. Þegar sumir viðstaddra neituðu að hlíta fyrirmælunum voru þeir fjarlægðir með valdi. Bón um að fyrirtakan í dag færi fram í stærri dómsal var synjað. „Réttarhaldið er eftir sem áður opið,“ segir hún. „Ég vona að lögreglan virði það og hemji sig.“

**bergsteinn@frettabladid.is**

## „Skirrðist ekki við að beita líkamlegu valdi“

Skrifstofustjóri Alþingis kærði mótmælendurna níu til lögreglu á sínum tíma. Þetta kom fram í svari Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, forseta Alþingis, við fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur, þingmanns Hreyfingarinnar, á Alþingi í gær.

Birgitta spurði með hvaða hætti ákvörðun um aðkomu Alþingis að ákærum gegn mótmælendunum níu var tekin, hver óskaði eftir rannsókn lögreglu og í umboði hvers.

Í svari Ástu Ragnheiðar kemur fram að það sé skrifstofustjóra Alþingis að tryggja öryggi þingsins. Myndbandsupptaka sýni að mannsöfnuðurinn hafi yfirbugað þingvörð við innganginn og mátti ætla að hann væri ekki kominn í friðsamlegum tilgangi. „Af samtölunum við þingverði og lögreglumanninn varð enn fremur ráðið að hópurinn skirrðist ekki við að beita líkamlegu valdi til að komast í tæri við þingmenn.“

Enn fremur segir Ásta að starfsmenn skrifstofu Alþingis hafi orðið fyrir meiðslum og skrifstofustjóri beri ábyrgð gagnvart þeim. „Forseti Alþingis lítur svo á að á skrifstofustjóra Alþingis hvíli sjálfstæð skylda til að standa vörð um öryggi starfsmanna Alþingis sem og alþingismanna,“ segir í svari Ástu Ragnheiðar. „Að mati forseta er augljóst að skrifstofustjórinn var bær til að taka sjálfstæða ákvörðun um hvort óskað yrði eftir rannsókn á atvikinu. Til þess þurfti hann hvorki atbeina forseta né annarra eins og ýjað er að í spurningunni.“






**SÆLUREITUR**
Lestu allt um pallasmíði á bls. 6-39 og horfðu á Timburmenn smíða pallinn á www.husa.is

# TILBOÐ Á PALLAEFNI

FESTINGUM, UNDIRSTÖÐUM OG RYÐFRÍUM SKRÚFUM



**15%** afsláttur af pallaefni, festingum, undirstöðum og skrúfum

Gildir til 16. maí



**MEIRI ÞYKKT TRYGGIR STYRK!**




**15%** AF ALLRI PALLAOLÍU OG VIÐARVÖRN

NILFISK®

## Háþrýstidæla 100 bör

**Fyrir pallinn, stéttina og bílinn.**

100 bör, 1300 W.
440 l/klst.
5254240

**12.999** ~~15.995~~





**15%** AF ÖLLUM SKJÓLVEGGJUM

## Rafmagnssláttuvél með safnara

Texas
1000 W,
33 sm sláttubreidd
5085124

**16.990**



Hjólbörur
80 ltr.
5080058

**5.699**



**Látum verkin tala!**

## MEIRI ÞJÓNUSTA Í HÚSASMIÐJUNNI

Timburmiðstöð Grafarholti opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi, opið til 21:00 alla daga

HÚSASMIÐJAN

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana og háð lagerstöðu á hverjum stað.



**ELST Í HEIMI** Eugenie Blanchard er elsta núlifandi kona í heimi um þessar mundir. Hún fæddist 16. febrúar 1896 á eyjunni Saint-Barthelemy, sem tilheyrir Frakklandi. NORDICPHOTOS/AFP

Hundrað og átta kílóa þung lúða veiddist á sjóstöng:

# Klukkustund tók að landa fengnum

**SJÁVARÚTVEGUR** Klukkustund tók að landa um borð stórlúðu sem veiddist á sjóstöng fyrir vestan á sunnudag.

Að sögn Róberts Schmidt, leiðsögumanns hjá ferðaþjónustufyrirtækinu Hvíldarkletti, voru það þýskir ferðamenn sem settu í lúðuna, en Alexander Frank og vinir hans settu í lúðuna á sjóstangaveiðibátnum Bobby 16 frá Flateyri norður af Deildinni.

„Þeir voru að veiðum á 42 metra dýpi þegar stöngin hans Alexanders bognaði skyndilega. Eftir klukkustundar viðureign náðu þeir svo að landa lúðunni um borð í bátinn,“ segir Róbert, en veður var gott þennan dag, sólskin og logn.

Óslægð var lúðan 108 kíló að þyngd og 203 sentímetra löng. Róbert segir þetta aðra stærstu lúðuna sem komið hafi í land á vegum Hvíldarkletts, en fyrirtækið á 22 báta á Flateyri og Suðureyri. Árið 2007 segir hann að veiðst hafi 240 sentímetra löng risalúða á sjóstöng og hún hafi vegið 175 kíló. „Sem var Evrópumet þar til í fyrra en þá veiddist 202 kílóa lúða í Noregi.“ - óká



**STOLTIR MEÐ FENGINN** Þýskir ferðamenn ánægðir með feng sinn. Alexander Frank, sem setti í lúðuna, er annar frá hægri á myndinni. MYND/RÓBERT SCHMIDT

Dánartíðni hækkar eilítið:

# Dregur saman í aldri kynjanna

**MANNFJÖLDI** Íslenskir drengir geta nú vænst þess að verða 79,7 ára gamlir en stúlkur 83,3 ára. Nokkuð hefur dregið saman með kynjunum á undanförnum áratugum. Á áttunda áratug síðustu aldar var um sex ára munur á meðalævilengd kynjanna, en nú er hann aðeins 3,6 ár. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Lífslíkur íslenskra karla hafa batnað mjög á undanförnum árum og hefur meðalævilengd þeirra lengst um rúmlega tvö ár síðan árið 2000. - kóp




Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

VILTU LÆRA HEIMA?

Fjarnám við Háskólann á Akureyri er góður kostur óháð búsetu.
Háskólinn á Akureyri býður fjarnám á öllum sviðum:

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ
- Hjúkrunarfræði B.S. (frá Akranesi)
- Iðjuþjálfunarfræði B.S.

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
- Kennarafræði B.Ed./M.Ed. (leik- og grunnskólastig)

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ
- Líftækni B.S.
- Sjávarútvegsfræði B.S.
- Umhverfis- og orkufræði B.S.
- Viðskiptafræði B.S.

Engin skólagjöld, skrásetningargjald fyrir skólaárið kr. 45 þúsund.
Nánari upplýsingar á www.unak.is eða í síma 460 8000

www.unak.is
Umsóknarfrestur er til 5. júní




**VEIRUSKITA Í KÚM** Sýkingar hefur orðið vart á Norðurlandi og Austurlandi. Sjaldgæft er að kýr drepist vegna sjúkdómsins.

Bráðsmitandi dýrapest á Austurlandi og Norðurlandi:

# Bráðsmitandi veiruskita herjar á kýr

**DÝRAHALD** Veiruskita í kúm hefur komið upp á nokkrum bæjum á Austurlandi og Norðurlandi á síðustu vikum.

Veiruskita er mjög smitandi en ekki er vitað með vissu um hvaða veiru er að ræða. Þegar hún berst í fjós smitast flestar kýr sem ekki hafa smitast áður. Sjaldgæft er að kýr drepist vegna sjúkdómsins en afleiðingar hans geta verið alvarlegar og langvarandi þar sem sjúkdómurinn veikir ónæmiskerfi kúnna þannig að þær verða viðkvæmari fyrir öðrum sjúkdómum, meðal annars júgurbólgu og öðrum bakteríusýkingum. Kýr sem veikjast falla verulega í nyt á meðan þær eru veikar og komast sjaldan í fulla nyt aftur á yfirstandandi mjaltaskeiði. Sjúkdómurinn hefur einnig neikvæð áhrif á frjósemi þeirra. Auður Lilja Arnþórsdóttir, sóttvarnadýralæknir hjá Matvælastofnun, segir mjólk úr sýktum kúm neysluhæfa og pestin smitist ekki í fólk.

Einkenni veiruskitu svipar til einkenna sjúkdóms sem er vel þekktur erlendis og kallast „winter dysenteri“. Sá sjúkdómur smitast með saur og slími frá nösum. Smit berst mjög auðveldlega með fólki, dýrum og ýmsum hlutum, Oftast smitast allir næmir gripir á búinu á nokkrum dögum og sjúkdómurinn gengur yfir á einni til tveimur vikum. - jss


BETRI FJARFUNDIR

Með Polycom fjarfundabúnaði má auka framleiðni og samkeppnishæfni fyrirtækja.
Veruleg hagræðing næst með lægri ferðakostnaði og betri nýtingu á tíma.
Hafðu samband við Nýherja og við finnum rétta fjarfundabúnaðinn fyrir þig.






PVX/CMA
Með PVX/CMA hugbúnaði er hægt að breyta tölvunni í fjarfundakerfi.



HDX 4000
Fjarfundakerfi með innbyggðum tölvuskjá. Hentar vel fyrir skrifstofuna.



HDX 6000
Fjarfundakerfi fyrir einn skjá. Hentar vel í minni fundarherbergjum.



HDX 7000
Fjarfundakerfi fyrir tvo skjái. Fyrir stærri fundarherbergi og ráðstefnusali.

POLYCOM
Advanced Teleconferencing Solutions

NÝHERJI

Nýherji hf. Borgartún 37 Sími 569 7700 www.netverslun.is BETRI LAUSNIR

ENNEMM / SÍA / NM41900


KONUKVÖLD
Í KVÖLD
20%
afsláttur
af öllum
vörum
gildir ekki ofan á
önnur tilboð
HAPPDRÆTTI
Dregið í báðum verslunum kl.20
1. verðlaun. Sumarborð og
tveir stólar.
2. verðlaun: 5000 kr. gjafabréf
3. verðlaun: 3000 kr. gjafabréf
Korputorg
KOLRASSA.IS
verður með tískusýningu
á Korputorgi kl 19:30
Búrið, kynnir og selur
sælkera osta
Jóna Björg Sætran verður með
fróðleik um Fengshui
á Korputorgi kl. 18
fengshui.is
Smáratorg
BOLLYWOOD
DANS
kl 18 í Smáratorgi í boði
Yesmine Olsen og co. Ostabúðin
Bitruhálsi smakk og sala á
sælkera ostum. Kynning
og smakk frá
Veisluturninum..ofl
3 fyrir 2
af
snyrtivörum
Yes TO carrots
BAÐHÚS LINDU
Þær konur sem versla fyrir 20.000,-
eða meira fá gjafabréf upp á
5.000,- kr í Baðhúsinu
Baðhúsið er með dans
og kynningu
á Smáratorgi
the PIER
Konukvöld í báðum verslunum okkar
í kvöld kl 18:00 - 21:00
Léttar veitingar, kynningar og uppákomur
www.pier.is
BÚRIÐ
OSTA BÚÐIN
veisluturninn
BAÐHÚSIÐ
heilsulind fyrir konur
www.badhusid.is
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

*Uppstigningardagur er á morgun*




# Fagnaðu uppstigningardegi með BKI kaffi

*Uppstigningardagur er á morgun.*

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.



**Himnaför Jesú Krists** er minnst á uppstigningardag. Dagurinn hefur lengi verið haldin hátíðlegur, allt frá 4. öld að því að talið er. Uppstigningardagur er fimmtudagur 40 dögum eftir páska og frídagur á Íslandi. Það er algengt að upprisunni og uppstigningunni sér ruglað saman. Upprisan er hinsvegar á páskadag, 40 dögum á undan uppstigningunni. Uppstigningardagur er einnig sérstakur kirkjudagur aldraðra í kirkjum landsins en svo hefur verið síðan 1982.

Bjóddu ömmu og afa upp á ljúffengt BKI kaffi eftir hátíðarstund dagsins. Svart, með sykri, með sykri og mjólk eða með kandís. Gríptu tækifærið, fáðu þér BKI kaffi.

*Það er kominn tími fyrir BKI kaffi.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og ferskleg eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

***Kauptu BKI fyrir uppstigningardaginn***




**FRÉTTAVIÐTAL:** Óskar Hrafn Þorvaldsson, fyrrv. fréttastjóri Stöðvar 2

# Gerði mistök og fer

**Óskar Hrafn Þorvaldsson hætti sem fréttastjóri Stöðvar 2 í gær eftir að hafa dregið til baka, og beðist afsökunar á, frétt um fjóra athafnamenn.**



**ÓSKAR HRAFN** Gegndi starfi fréttastjóra Stöðvar 2 í 20 mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

*Þú segir upp vegna rangrar fréttar sem birtist fyrir heilum tíu mánuðum. Á þeim tíma sem liðinn er kröfðust hlutaðeigendur leiðréttinga og afsökunarbeiðna, yfirlýsingar banka og þrotabúa gengu í berhögg við fréttina og að lokum fóru mennirnir með málið fyrir dóm. Hvað varð til þess að þú baðst afsökunar og tókst í framhaldinu pokann þinn núna?*

„Það er ekki svo langt síðan að það kom í ljós að heimildarmaður okkar mátti ekki bera vitni einsamall fyrir dómi og það var borin von að draga hann inn í dómsal fyrir framan alla. Eðlilega nýtur hann trúnaðar þannig að þegar það var ljóst að við stæðum berskjaldaðir fórum við að hugsa þetta á annan hátt en við höfðum gert og fórum að leita mögulegra sátta.

Fyrst var ég algjörlega sannfærður um að fréttin væri rétt og var ekki tilbúinn til að leiðrétta hana. Síðar benti margt til þess að þetta væri ekki rétt en mér fannst ég verða að vera sáttur við það í hjartanu að leiðrétta þetta. Það var ekki fyrr en ég stóð uppi með vatnsbyssu á leið inn í Bagdad – algjörlega varnarlaus fyrir dómstólum – að ég sagði; gott og vel, ég viðurkenni mistök og leiðrétti þetta. Það er ekkert að því að leiðrétta sig, allir gera mistök. Fréttin var ekki sett fram af illum hvötum eða til að koma höggi á þessa fjóra einstaklinga.

Þetta er sem sagt ástæða tímasetningarinnar. Þó það hljómi skringilega að láta tíu mánuði líða eru ástæður fyrir því.“

*Hefði málið litið öðru vísi út ef heimildarmaðurinn hefði fengið að bera vitni í einrúmi?*

„Það hefur ekkert upp á sig að tala um það núna. Fréttin hefur verið leiðrétt og beðist hefur verið afsökunar og það væri dónaskapur við umfjöllunarefnin að velta vöngum um hvort heimildarmaðurinn hefði breytt öllu.“

*Afsökunarbeiðnin var flutt á mánudagskvöldið en hvenær tókstu um hana ákvörðun?*

„Það var nokkurra vikna ferli að vinna að yfirlýsingu sem allir gætu fellt sig við, bæði fréttastofan og hlutaðeigandi aðilar.“

*Þannig að yfirlýsingin er unnin í samráði við þessa fjóra menn?*

„Já.“

*Kom ekki til greina af þinni hálfu að biðjast bara afsökunar en halda áfram störfum?*

„Jú, á einhverjum tímapunkti. Ég hef hugsað um þetta mál alveg frá því að við fengum þessi harkalegu viðbrögð við fréttinni. Þá hugsaði ég að annaðhvort væri þetta rangt eða að mennirnir væru bíræfnari en andskotinn. Í framhaldinu hugsaði ég: Hvað ef fréttin er nú röng og ég þarf að leiðrétta hana og biðjast afsökunar? Hver er þá staðan?

Einhverjir segja að þetta sé dramatísk ákvörðun og það hefði verið nóg að birta þetta. Ég ber virðingu fyrir þeim skoðunum en í hjartanu fannst mér rétt að gera það sem ég gerði.“

*Þrýstu eigendur eða stjórnendur fyrirtækisins á þig að hætta?*

„Nei. Þetta var alfarið mín ákvörðun.“

*Sama dag og beðist er afsökunar birtist frétt um kyrrsetningu eigna Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, eiganda 365. Morguninn eftir segir þú upp. Hafði sú frétt og hugsanlega viðbrögð við henni áhrif á ákvörðun þína um starfslok?*

„Nei. Við erum búnir að skrifa 180 fréttir um Jón Ásgeir og þær hafa fallið misjafnlega vel í kramið án þess að það haldi fyrir mér vöku. Það var helber tilviljun að þetta kom upp sama dag. Við höfðum alltaf litið þannig á að frétt er frétt burtséð frá því hver á í hlut, stjórnarformaður fyrirtækisins, eigandi þess eða hver sem er. Enginn nýtur sérréttinda.“

*Eins og þú segir hafið þið flutt margar fréttir af Jóni Ásgeiri og ég þykist vita að hann hafi ekki alltaf verið ánægður. Hefur hann látið skoðanir sínar í ljós við þig?*

„Jájá, hann hefur gert það og í grunninn er það eðlilegt því að á sama tíma og hann er eigandi þá er hann umfjöllunarefni. Sem slíkur hefur hann, eins og aðrir, rétt til að hringja í mig og garga og láta öllum illum látum. Hann hefur verið ósáttur við margar fréttir sem við höfum flutt.“

*Og komið til árekstra milli ykkar?*

„Það er sennilega full dramatískt orð. En menn hafa skipst á skoðunum, það hefur gerst fyrir opnum tjöldum. En ég endurtek að það er hans réttur. Hann hefur, sem umfjöllunarefni, rétt til að taka hárblásarann í símann eða gera það sem hann vill.“

*Kom einhvern tíma til álita hjá þér að hætta vegna samskipta við Jón Ásgeir?*

„Nei, það hvarflaði aldrei að mér.“

*Bárust þér í fréttastjóratíð þinni formleg eða óformleg skilaboð um að þú ættir að hegða þér með einhverjum tilteknum hætti gagnvart Jóni Ásgeiri og hans málum?*

„Nei, ég fékk aldrei slík skilaboð né reyndu menn að stoppa fréttir. Hins vegar voru settar siðareglur á 365 á síðasta ári sem yfirstjórn og eigendur félagsins sömdu og mér var oft bent á að ég væri ekki að fara í einu og öllu eftir þeim. En þetta er túlkunaratriði. Ef þessar reglur eru túlkaðar mjög þröngt er í raun ekki hægt að fjalla um nokkurn mann. Ari Edwald [forstjóri 365] hafði skoðanir á þessu Straumsmáli og lét þær í ljós en skipti sér aldrei af því hvernig við tókum á því. Hann virti sjálfstæði fréttastofunnar. Það var ég sem tók allar ákvarðanir í málinu, hvort heldur sem var um birtinguna, að leiðrétta þetta ekki, leita sátta, birta svo leiðréttingu og segja upp.“

*Hvað finnst þér um að Jón Ásgeir skuli eiga fjölmiðla?*

„Ég held að það sé óheppilegt fyrir mann, sem stendur í málaferlum eða er í rannsókn hjá nánast öllum nema Lánasjóði íslenskra námsmanna, að eiga fjölmiðla.

Fjölmiðill er náttúrulega bara fyrirtæki og þegar í hlut á maður eins og Jón sem hefur bara þurft að smella fingrum svo allir sitji og standi eins og honum hentar þá hlýtur að vera óþægilegt fyrir hann að að eiga fyrirtæki þar sem verið er að níða af honum skóinn.

Hann telur sig beittan óréttlæti en getur ekkert gert. Ég skil hann og hef oft hugsað hversu galið það er að eiga fyrirtæki og í því vinni einhver gaur sem er að svíða þig þrisvar í viku. Ég hef meðaumkun með því. Þetta er fáránleg staða bæði fyrir hann og okkur. Við erum að fjalla á neikvæðan hátt um eiganda okkar.“

*Hefðu fjölmiðlalögin betur gengið í gegn 2004?*

„Ég veit það svo sem ekki en það er klárt mál að fjölmiðlar þurftu peninga til að lifa af og Jón var tilbúinn til að setja í þetta peninga. Fréttablaðið, sem er mjög dýrt í rekstri og með mikinn fastakostnað, þurfti mjög sterka eigendur þegar það var að ná sér á strik og komast á þann stall sem það er á í dag. Núna er Fréttablaðið sjálfbært.

Hin útópíska hugmynd um litla hluthafa sem eru tilbúnir að borga með stórum fjölmiðli er falleg en ég er ekki viss um að hún sé raunhæf. Hversu margir geta keypt 365? Eða Árvakur?

Frumvarpið hafði örugglega einhverja kosti og í grunninn skil ég hvað Davíð [Oddsson] var að hugsa. Þetta var falleg hugmynd, svona svipað og skóli án aðgreiningar, en virkar ekki í raunveruleikanum. Hver gat átt fjölmiðlana þegar skórinn kreppti að? Voru það ekki bara auðmennirnir? Það komu alla vega ekki margir fram sem voru tilbúnir til að tapa 100 milljónum. Fáum er sama um slíkt tap.“

*Hvað tekur við hjá þér?*

„Bara HM. Eða að vera með fjölskyldunni. Það hefur setið á hakanum að sinna börnum og konu og ágætt að maður fari að standa sig í því hlutverki.“

## Fréttin sem dregin var til baka

Í fréttinni sem nú hefur verið dregin til baka var fullyrt að fjórir auðmenn; Björgólfsfeðgar, Karl Wernersson og Magnús Þorsteinsson, hefðu, eftir að tilkynnt var um þjóðnýtingu Glitnis, flutt samtals á þrettánda milljarð króna af reikningum sínum hjá Straumi yfir í erlend skattaskjól. Fréttin var flutt í júní í fyrra. Strax í kjölfar birtingarinnar gáfu fjórmenningarnir út yfirlýsingar um að fréttin væri ósönn og kröfðust leiðréttingar. Stöð 2 stóð við fréttina. Í kjölfarið höfðuðu þeir meiðyrðamál og kröfðust einnar milljónar hver í bætur. Ósk fréttastofunnar um að fá að leiða heimildarmann sinn fyrir dóm án þess að nafn hans yrði opinberað öðrum en dómaranum var hafnað.




BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

Allt um það hvernig bankarnir stjórnuðu gengi bréfa í sjálfum sér!

# SKÝRSLAN
# - SEM SKEKUR SAMFÉLAGIÐ -
# Á 160 SÍÐUM

*„Kauphöllin á Íslandi var einhvers konar plat kauphöll. Þar var enginn opinn og frjáls markaður á ferð. Þetta var tilbúinn markaður. Gervimarkaður.“*

*„Þetta þýðir að þeir sem hagnast á því að taka stöðu gegn krónunni gera það með því að fara í vasa almennings og sjóði fyrirtækja og hreinsa út úr þeim peninga.“*

*„Almennt tel ég ekki að stjórnmálamenn segi vísvitandi ósatt, þótt undantekningar geti verið frá því.“*

*„Hrunadansinum er lokið en hvert fór hið horfna fé? Gufaði það upp?“*

*„Í raun og veru eru stjórnmálaflokkar 20. aldarinnar allir í rúst. Þeir hafa misst tiltrú og traust.“*

**Hrunadans og horfið fé – Skýrslan á 160 síðum** er ný og stórfróðleg bók eftir Styrmi Gunnarsson. Heildstæð úttekt á Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem markað hefur þáttaskil í þjóðfélagsumræðunni auk þess sem horft er fram á veginn. **Bók sem mun vekja miklar umræður – og jafnvel deilur!**






VERÖLD

Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK




# Hefði hugmyndin mín

# kannski verið besta fjárfestingin?



## Lífeyrissjóðirnir tapa 500 milljörðum?

Í mörg ár hef ég barist fyrir þeirri hugmynd að lífeyrissjóðirnir legðu fjármuni til byggingar íbúðarhúsnæðis fyrir eldri borgara og létu af þeirri glórulausu fjárfestingarstefnu og því sukki sem viðgengist hefur.

Svörin hafa verið þau að samkvæmt lögum mættu lífeyrissjóðirnir ekki fjárfesta á þennan hátt heldur ættu eingöngu að hámarka arðsemi. Nú væri þetta arðsamasta fjárfestingin eftir allt saman.

Helgi Vilhjálmsson, íslenskur ríkisborgari

# Sami meirihluti við völd í 20 ár

**Kjörtímabilið hefur verið stormasamt í bæjarpólitíkinni í Kópavogi. Hart hefur verið tekist á um skipulagsmál. Meirihlutinn hefur verið sakaður um spillingu.**

Ráðstöfunum stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar í kjölfar hrunsins haustið 2008 var vísað til lögreglurannsóknar. Þrír bæjarfulltrúar sátu þá í stjórninni, Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri, Flosi Eiríksson, Samfylkingu, og Ómar Stefánsson, Framsóknarflokki. Gunnar vék úr embætti bæjarstjóra og tók sér leyfi úr bæjarstjórn, vegna þessa máls.

Gunnsteinn Sigurðsson tók við af Gunnari og hefur verið bæjarstjóri síðasta ár kjörtímabilsins. Hann kaus að leita ekki eftir endurkjöri og sakaði Gunnar um að vinna gegn sér. Einnig var hart deilt á Gunnar I. Birgisson vegna umdeildra viðskipta bæjarins við fyrirtæki í eigu dóttur hans. Um tíma hrikti í meirihlutasamstarfi Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks vegna þeirra mála en meirihlutinn stóð þær deilur af sér. Ekki er þó vafi á því að margir sjálfstæðismenn eru enn sárir eftir átök við flokksbræður sína í bænum síðustu misseri. Í prófkjöri flokksins bar Ármann Kr. Ólafsson, forseti bæjarstjórnar, naumlega sigurorð af Gunnari I. Birgissyni.

Skipulagsmál hafa hvað eftir annað orðið tilefni harðra deilna í Kópavogi síðustu ár. Harðastar urðu þær vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á Kársnesi en einnig urðu langvinnar deilur vegna landakaupa í landi Glaðheima og við Vatnsenda.

Kópavogur er það sveitarfélag sem vaxið hefur hvað hraðast undanfarna áratugi. Miklar byggingaframkvæmdir stóðu yfir í nýjum hverfum og fjölmörgum byggingarlóðum hafði nýlega verið úthlutað þegar efnahagslífið hrundi. Í kjölfar þess hefur bæjarsjóður orðið fyrir nokkru áfalli vegna þess að byggingarlóðum hefur verið skilað í miklum mæli með gríðarlegum útgjöldum fyrir bæjarsjóð.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur nú fimm bæjarfulltrúa af ellefu í bæjarstjórn Kópavogs, Framsóknarflokkurinn einn, Samfylkingin fjóra og Vinstri grænir einn. Oddvitar meirihlutaflokkanna tveggja segjast ganga óbundnir til kosninga. Oddvitar minnihlutans telja hins vegar víst að meirihlutasamstarfið verði endurnýjað nema kjósendur gefi skýr skilaboð um annað.

Lokasprettur kosningabaráttunnar er fram undan. Kjósendur hafa úr sjö framboðslistum að velja. Auk stóru flokkanna fjögurra, sem eiga fulltrúa í bæjarstjórn, býður Frjálslyndi flokkurinn fram lista í Kópavogi. Það gerir einnig Y-listi Kópavogsbúa, sem eru óháðir flokkum og embættismönnum. Næst besti flokkurinn teflir fram landsþekktum leikara, Hjálmari Hjálmarssyni, í fyrsta sæti. Hann segir að þeir vindar sem veitt hafa Bestaflokknum meðbyr í Reykjavík blási einnig í Kópavogi.

Meirihluti Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur nú verið við völd í Kópavogi í tuttugu ár. Könnun sem Fréttablaðið gerði í Kópavogi fyrir mánuði gaf til kynna að sá meirihluti njóti stuðnings um 51% kjósenda. Athygli vakti þó að einungis 54,9% aðspurðra höfðu tekið afstöðu. Úrslitin eru því hvergi nærri ráðin.



PÉTUR GUNNARSSON
peturg@frettabladid.is



**KÓPAVOGUR** Það er gott að búa í Kópavogi var frægt slagorð Gunnars I. Birgissonar, fyrrverandi bæjarstjóra. Störf hans hafa verið í brennidepli umræðunnar um málefni Kópavogsbúa síðustu ár.

## Samstarfið hefur gengið mjög vel



Samstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur gengið mjög vel að mínu mati, svona heilt yfir," segir **Ómar Stefánsson,** bæjarfulltrúi og oddviti Framsóknarflokksins í Kópavogi. Framsóknarflokkurinn gangi þó óbundinn til kosninga enda hafi allir flokkar hafi unnið vel saman í bæjarstjórninni á síðustu árum, meðal annars hafi þeir sameinast um gerð fjárhagsáætlunar. Fyrir kosningarnar leggja framsóknarmenn áherslu á sex atriði: Ekkert barn útundan kalla þeir hugmyndir um rétt barna til þjónustu í leikskólum, dægradvalar í skólum, skólamáltíða og íþrótta og tómstundastarfs óháð efnahag foreldra. Spara eigi 10% í launum bæjarfulltrúa og fulltrúa í nefndum bæjarins. Skapa eigi 300 ný störf með sérstöku verkefni í samstarfi við Vinnumálastofnun og fyrirtæki í bænum.

Þá segist Ómar leggja áherslu á snjóframleiðslu á skíðasvæðinu í Bláfjöllum og byggingu stúdentagarða á Kársnesi. Kanna eigi möguleika á að veita afslátt af byggingargjöldum til að örva byggingariðnað og fasteignamarkað í bænum.

## Ókeypis strætó



Frjálslyndi flokkurinn setur íbúalýðræði á oddinn og vill að bæjarmálasamþykkt verði breytt svo að kjósendur geti krafist kosninga um mikilvæg mál og komið málum á dagskrá bæjarstjórnar. **Helgi Helgason,** stjórnmálafræðingur er oddviti F-listans. Hann segir að núverandi bæjarstjórn hafi oft gengið fram með valdníðslu og þvergirðingshætti í umhverfis- og skipulagsmálum, til dæmis á Kársnesi. Framganga meirihlutans hafi valdið óánægju. „Við leggjum áherslu á að verja þetta samfélag sem við eigum í Kópavogi án þess að til komi skattahækkanir eða hækkanir á þjónustugjöldum," segi hann. Bærinn eigi ekki að að hækka útsvar þótt heimildir til þess verði rýmkaðar. Frjálslyndir vilja einnig beita sér fyrir flutningi málefna fatlaðra til sveitarfélagsins og leggja áherslu á notendastýrða þjónustu. Einnig vill F-listinn að Kópavogur segi sig frá samstarfi um Strætó bs. ef þörf krefur en Helgi segir að líklega hafi aðildin komið í veg fyrir að samþykkt bæjarstjórnar um ókeypis strætisvagnasamgöngur nái fram að ganga. „Við erum að borga 250-300 milljónir á ári til Strætó bs. og það þarf enginn að segja mér að við getum ekki rekið gott strætókerfi fyrir þann pening," segir hann. Reynsla frá Akureyri og Reykjanesbæ sýni að farþegum fjölgi um 70-80% ef strætisvagnasamgöngur eru ókeypis. Það sé kjarabót fyrir bæjarbúa og spari þeim kostnað við rekstur bíls og bænum kostnað við samgöngumannvirki.

## Aðalmarkmiðið að fella meirihlutann



„Aðalmarkmiðið í þessum kosningum er að fella meirihlutann," segir **Ólafur Þór Gunnarsson,** bæjarfulltrúi og oddviti VG í Kópavogi. „Við erum algjörlega tilbúin að taka við." Ólafur Þór segir kosningarnar snúast um val á hugmyndafræði og forgangi; hvort leggja eigi áherslu á fólk og félagsleg gildi eða byggingar og þenslu. „Við skerum okkur úr. Við erum tilbúin að taka við því búi sem hrunflokkarnir skilja eftir sig. Eftir 20 ára valdatíð þeirra skuldar bærinn tæplega 43 milljarða. Það er gríðarlegt verkefni að takast á við."

„Öðrum þræði snúast kosningarnar líka um það að standa vörð um stoðir velferðarkerfisins á erfiðum tíma. Við treystum okkur til að verja það í gegnum þessar þrengingar," segir Ólafur Þór. Núna sé ekki tími fyrir mikil kosningaloforð. „Núna er tími til að stjórna með ábyrgð og festu eins og við viljum meina að hafi einkennt hugmyndafræði VG frá upphafi." VG leggi áherslu á að auka samráð við íbúa, efla íbúalýðræði og styrkja íbúasamtök. VG vill koma á sameiginlegri skipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins þannig að það sé skipulagt með hagsmuni heildarinnar en ekki samkeppni sveitarfélaga að leiðarljósi. Þá teflir VG fram hugmyndum um uppbyggingu hálfbyggðra hverfa, eflingu leigumarkaðar og hvernig efla megi námsframboð fyrir atvinnulausa.

## Siðbót í málum bæjarins



„Við erum fyrst og fremst að bjóða okkur fram vegna þess að við teljum að samfélagið okkar sé brotið," segir **Rannveig Ásgeirsdóttir,** oddviti Y-lista Kópavogsbúa. „Við viljum gefa fólki raunhæfan kost til að kjósa einstaklinga sem bera samfélagið fyrir brjósti en ekki flokka og sérhagsmunahópa. Langstærstu málin eru siðbót í stjórnmálum, siðbót í málum bæjarins."

Rannveig segir að stefnumálin séu ekki mörg en skýr: „Við viljum koma á faglegum vinnubrögðum í málefnum bæjarins og að farið sé eftir þeim siðareglum sem bærinn hefur sett sér." Næsta bæjarstjóra eigi að ráða með faglegum hætti en ekki sækja hann í biðröð hjá einhverjum flokkanna. „Við leggjum til að bæjarfulltrúar sitji í mesta lagi tvö kjörtímabil," segir Rannveig og vill að bæjarbúar fái reglubundnar upplýsingar um gang mála í sveitarfélaginu og komið verði á hverfaráðum til að tryggja áhrif bæjarbúa. „Við viljum opna bæjarfélagið og gefa bæjarbúum færi á að koma sínum málum á framfæri."

## Taka völd frá ónýtum stjórnmálamönnum



Það mikilvægasta sem verðandi bæjarstjóri ætlar að gera er að taka völdin frá þessum ónýtu stjórnmálamönnum og færa þau til fólksins," segir **Hjálmar Hjálmarsson,** leikari og oddviti X-lista Næstbesta flokksins í Kópavogi. „Við höfum fundið fyrir mikilli óánægju með stjórnmálin í bæjarfélaginu og fjöldi fólks hefur komið að máli við okkur og tjáð sig um spillingu flokkanna, ekki síst í Kópavogi."

Næstbesti flokkurinn vill nýta sér þann meðbyr sem Besti flokkurinn nýtur í Reykjavík. Sömu vindar hafa blásið í Kópavogi. Hjálmar segir að allir flokkar í bæjarstjórninni tilheyri fjórflokknum og fólki finnist minnihlutinn hafa verið ósýnilegur og ekki haldið uppi nægilega öflugri stjórnarandstöðu. Harðasta gagnrýnin beinist að núverandi meirihluta: „Það er með ólíkindum hvernig Framsóknarflokkurinn og sérstaklega Sjálfstæðisflokkurinn hafa komið fram við kjósendur í bænum," segir Hjálmar. „Það er greinilega eitthvað mikið að í bæjarlífinu." Frambjóðendur Næstbesta flokksins eru ótengdir flokkunum og hafa engra hagsmuna að gæta úr embættismannakerfinu. „Við ætlum að leggja okkur fram um að standa við það sem við segjum og gera lífið skemmtilegra og gleðilegra og fylla bæinn af hamingju, ást og yl." Meðal stærstu mála X-listans er að Kópavogur verði gerður að borg en ekki bæ og að bæjarstjórnin endurreisi sparisjóð í eigu bæjarbúa. Einnig verði að minnsta kosti ein sundlaug í bænum opin allan sólarhringinn.

## Viljum skapa umgjörð til sóknar



„Ég held að kosningarnar muni að miklu leyti snúast um atvinnulífið og að verja grunnþjónustuna," segir **Ármann Kr. Ólafsson,** forseti bæjarstjórnar og oddviti sjálfstæðismanna. „Við viljum skapa umgjörð til sóknar fyrir atvinnulífið frekar en að vera með inngrip. Við erum með alla innviði uppbyggða og þurfum lítið sem ekkert að byggja á næstu árum."

Sjálfstæðismenn hafa lagt fram útfærða stefnuskrá þar sem m.a. er lögð áhersla á að breyta skipulagi til að skapa sóknarfæri fyrir ferðaþjónustu og útivist á ýmsum svæðum í bænum, til dæmis Hálsatorgi, í Kópavogsdal, á Kópavogstúni og við Elliðavatn. Þeir vilja breyta skipulagi í nýjum hverfum og fjölga smærri íbúðum til þess að auðvelda ungu fólki að kaupa sína fyrstu íbúð, byggja stúdentaíbúðir á Kársnesi, fjölga minni íbúðum í nýjum hverfum til að auðvelda ungu fólki að kaupa sína fyrstu íbúð og skipuleggja orlofsíbúðir fyrir ferðamenn við Elliðavatn og brúa Fossvoginn fyrir göngu- og hjólreiðafólk. „Við göngum opin til þessara kosninga en ég tek það skýrt fram að þetta samstarf hefur gengið vel og rekstur bæjarins er traustur," segir Ármann. „Vegna lóðaskila hefur orðið mikil skuldaaukning sem verður hægt að grynnka á þegar hjól atvinnulífsins fara að snúast og lóðirnar í Kópavogi, sem eru þær best staðsettu á höfuðborgarsvæðinu, fara að ganga út á ný."

## Ekki breytingar nema meirihlutinn falli



„Mikilvægasta verkefnið er að ná tökum á fjármálunum," segir **Guðríður Arnardóttir,** bæjarfulltrúi og oddviti Samfylkingarinnar. Á næsta kjörtímabili þurfi stjórnmálamenn að verja velferðarsamfélagið um leið og nýta þurfi tækifæri til að skapa ný störf.

Guðríður segir að kjörtímabilið, sem nú er að líða, hafi verið viðburðaríkt. Tekist hafi verið harkalega á um stór mál, til dæmis skipulagsmál og óeðlilega fyrirgreiðslu til aðila sem tengjast meirihlutanum. „Það er algjörlega ljóst að ef meirihlutinn fellur ekki mun hann starfa áfram," segir Guðríður. Eftir 20 ára samstarf gangi ekki hnífurinn milli Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Bæjarbúar þurfi að fella meirihlutann ef þeir vilji sjá breytingar í stjórn bæjarins.

Af kosningamálum Samfylkingarinnar nefnir hún „metnaðarfullar tillögur í atvinnu- og húsnæðismálum". Bærinn hafi milligöngu um að ljúka við byggingu hálfkláraðs húsnæðis og komi því í langtímaleigu. „Þetta er eitthvað sem sveitarfélagið ræður við að gera og rétti tíminn til þess er núna," segir Guðríður. „Þetta leggur grunn að langtímaleigumarkaði, sem hefur skort á Íslandi."

PÓSTURINN
allur pakkinn




Þessi einstaklingur
þarf að senda sendingar.
Það er ekki flókin aðgerð.

Tikk, takk, tikk, takk.
Það er samt alltaf betra
að senda sendingar eins
hratt og hægt er. Okkar
maður getur valið um
nokkrar mismunandi
leiðir til að koma sínum
sendingum áleiðis með
Póstinum.




Umslag með viðkvæmu
innihaldi getur verið
komið í hendur viðtakanda
daginn eftir.

Á höfuðborgarsvæðinu
er hægt að fá sendingar
afhentar samdægurs.
Stærðin skiptir ekki máli.






Það gæti þurft að senda
boðskort á viðburð sem
er eftir nokkra mánuði.
Þá er óþarfi að velja hrað-
þjónustu og betra að nýta
sér hagkvæmni venjulegs
bréfapósts.

Stóru bílarnir eru til
taks til að flytja þungar
sendingar. Það er ólíkt
þægilegra að rúlla
þungri þvottavél upp
á lyftuna á bíl sem
ræður við hana.




Sendandinn gæti viljað
láta bera sendinguna
heim að dyrum viðtakanda.
Það er fallega hugsað að
spara viðtakanda sporin
á þennan hátt.



Litlu bílarnir eru snarir
í snúningum. Það kemur
sér vel þegar það þarf að
fara inn í íbúðahverfi með
botnlöngum og bílum út
um allt. Sama á við um
fjölfarnari atvinnusvæði.



Hann lítur kannski ekki
út fyrir það en hann vinnur
í bókhaldi og er mjög
ánægður með lágan
sendingarkostnað Póstsins.



Þessi kona er búin að fá
sendingu með brothættu
innihaldi afhenta. Það er
að sjálfsögðu óskemmt.



Fólk um allt land treystir
á að fá sendingar afhentar á
réttum tíma svo það geti staðið
við skuldbindingar sínar.




Það jafnast ekkert á við
ánægðan viðskiptavin.

# Vörudreifing Póstsins getur hjálpað þínu fyrirtæki að hagræða

Í rekstri fyrirtækja skipta sendingar miklu máli. Það skiptir máli að sendingar skili sér á réttum tíma, að innihald þeirra sé í óaðfinnanlegu ástandi og hægt sé að rekja þær. Það er gott að nýta sér víðfeðmt dreifikerfi og reynslu Póstsins. Allt starf Póstsins miðar að því að veita viðskiptavinum betri þjónustu, lágmarka kostnað og hámarka skilvirkni.

**Hafðu samband við söludeild í síma 580 1090 eða á sala@postur.is og kynntu þér hvernig Pósturinn getur aðstoðað þig við að koma sendingum til skila á besta mögulega hátt.**

ÍSLAND 10.05.2010 WWW.POSTUR.IS

www.postur.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 10-0554

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Verðtrygging verður ekki aflögð fyrr en Ísland hefur eignazt stöðuga mynt. Verður það króna?

# Krónan kostar

Margir vilja losna við verðtrygginguna. Það er skiljanlegt, eftir að hún hefur valdið mörgum heimilum miklum búsifjum. Þeir sem voru til dæmis með húsnæðislán í íslenzkum, verðtryggðum krónum hafa horft upp á lánið sitt hækka um margar milljónir á sama tíma og þeir hafa greitt drjúgan hluta af mánaðarlaunum sínum í afborganir, vexti og verðbætur.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Í umræðum um verðtrygginguna ber stundum á því að menn telja að hægt sé að fara einfaldar leiðir. Aflétta einfaldlega verðtryggingunni og þá sé vandinn leystur. Málið er ekki svo einfalt. Eins og fram kemur í skýrslu, sem Askar Capital vann fyrir efnahags- og viðskiptaráðuneytið, er verðtryggingu einkum að finna í löndum, sem búa við óstöðugan, lítinn gjaldmiðil og mikla verðbólgu. Verðtryggingin er verðið, sem við greiðum fyrir íslenzku krónuna.

Vegna þess hvað verðgildi krónunnar er óvíst eru fáir reiðubúnir að lána til langs tíma án verðtryggingar, nema þá með mjög háum vöxtum. Með afnámi verðtryggingar við núverandi aðstæður færi fólk því aðeins úr öskunni í eldinn. Að sama skapi vildu líklega fáir afnema verðtryggingu á lífeyrisskuldbindingum á meðan hætta er á að krónan sveiflist eins og hún hefur gert hingað til.

Ef við byggjum við stöðugan gjaldmiðil væri verðtryggingin ekki stórkostlegt vandamál. Enda er stór hluti húsnæðislána landsmanna tekinn á tíma þegar krónan virtist stöðug og verðbólgan var lítil. Það er ekki fyrr en skellurinn kemur, með tilheyrandi verðbólgu, að verðtryggingin bítur í budduna okkar.

Það er rétt, sem Gylfi Magnússon efnahags- og viðskiptaráðherra segir í Fréttablaðinu í gær, að forsendan fyrir því að afnema verðtrygginguna er að ná tökum á stjórn peningamálanna; ná að halda gengi gjaldmiðilsins stöðugu og verðbólgunni lágri.

Ef gjaldmiðillinn er stöðugur, skiptir ekki máli hvað hann heitir. Ef hægt er að gera íslenzku krónuna að stöðugum gjaldmiðli, má vel búa við hana út frá hagsmunum heimilanna. En þeir, sem mest mæra krónuna nú um stundir, virðast einmitt líta á það sem hennar helzta kost að hún geti sveiflazt duglega, í þágu útflutningsgreinanna. Síðasta sveifla var reyndar ekki hagstæðari en svo að fjöldamörg fyrirtæki (líka útflutningsfyrirtæki) eru tæknilega gjaldþrota vegna þess að skuldir þeirra í erlendri mynt tvöfölduðust á skömmum tíma, jafnvel þótt tekjurnar séu meiri í krónum talið.

Sagan sýnir að það er hæpið að lítill, sjálfstæður gjaldmiðill eins og krónan geti skapað þann stöðugleika sem bæði heimili og fyrirtæki vilja búa við. Ísland á augljósan annan kost, sem er evran. Hún fæst ekki nema með inngöngu í Evrópusambandið. Bent hefur verið á að evrusvæðið glími nú við mikla erfiðleika. Enn sem komið er eru þeir smávægilegir miðað við það sem krónusvæðið Ísland lenti í. Innganga í ESB og upptaka evru er verkefni, sem tekur mörg ár. Nóg svigrúm gefst í umsóknar- og aðildarferlinu til að meta hvort evran kemst í gegnum núverandi hreinsunareld og stenzt samanburð við krónuna sem forsenda þess að hægt verði að afnema verðtrygginguna.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Dauðans alvara

Stjórnarandstaðan hefur oft velgt ríkisstjórninni undir uggum það sem af er kjörtímabili; Eygló Harðardóttir, þingkona Framsóknarflokksins, liggur ekki á liði sínu og þjarmaði rækilega að dóms- og mannréttindamálaráðherra á dögunum, með fyrirspurn um – umhverfisvæna greftrun. Eygló vill vita hvernig sé staðið að greftrun og líkbrennslu á Íslandi; hver sé umhverfismengunin af greftrun og líkbrennslu; og, síðast en ekki síst, „hefur verið skoðaður möguleikinn á að leyfa þurrfrystingu við greftrun til að draga úr umhverfismengun?“ Skriflegt svar óskast. Heitir þetta ekki að jarða umræðuna?



### Deilt um breytingar

Skiptar skoðanir eru innan þingflokks VG um sameiningu landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytis ásamt iðnaðarráðuneyti í eitt atvinnuvegaráðuneyti. Sumir fullyrða að sú ráðstöfun myndi tefla matvælaöryggi þjóðarinnar í hættu eða sé þjónkun við Samfylkinguna í Evrópumálum.

### Kynntu þeir sér ekki stefnuna?

Þetta skýtur skökku við. Árið 2006 kom út Græn framtíð, rit VG um sjálfbæra þróun. Þar stendur: „Úrelt skipan mála innan Stjórnarráðsins má ekki lengur standa í vegi fyrir nauðsynlegum áherslubreytingum hvað snertir fjármagn og tilfærslu verkefna milli ráðuneyta. Jafnhliða mikilli eflingu umhverfisráðuneytisins þarf að huga að tilfærslu verkefna milli annarra ráðuneyta og hugsanlegri fækkun þeirra, meðal annars með uppbyggingu eins atvinnuvegaráðuneytis.“ Hvernig hefði verið fyrir vissa þingmenn VG að kynna sér stefnu flokksins áður en þeir buðu sig fram fyrir hann?



bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Fátækt og bænir

Samfélagsmál




Árni Svanur Daníelsson

prestur



Kristín Þórunn Tómasdóttir

prestur


Fyrir utan eldfjöllin eru fyrirbæri ársins 2010 kannski undirskriftalistar þar sem fólk tjáir afstöðu sína og skoðanir til ólíkra málefna. Áskoranirnar til forseta Íslands um að skrifa ekki undir Icesave lögin eru okkur í fersku minni og á Facebook samskiptavefnum hafa ótal slíkir listar sprottið á formi hópa sem helgaðir eru ólíkum málefnum. Þetta eru nokkurs konar bænalistar.

Bænalistarnir breyta engu í sjálfu sér. Réttlætinu verður ekki fullnægt við það að við setjum nafn okkar undir yfirlýsingu þess efnis að fjárglæframenn sem köstuðu mykju á málstað ekkna og munaðarleysingja eigi að iðrast gjörða sinna og hljóta makleg málagjöld.

Bænir sem við beinum hvert til annars og til almættisins gera aðeins sitt gagn ef þær leiða til aðgerða. Bænir, hvers eðlis sem þær eru, eiga að beina okkur til þeirra sem á einhvern hátt skortir það sem þarf til að lifa með mannlegri reisn. Bænalíf sem skilar sér ekki út í lífið er ónýtt bænalíf.

Nú stendur yfir Evrópuár gegn fátækt og félagslegri einangrun. Athygli okkar hefur beinst að fátækt á Íslandi. Hún birtist í ólíkum myndum, en alltaf rænir fátæktin manneskjuna reisn og tækifærum til að blómstra. Fátækt hefur lengi verið staðreynd á Íslandi, en margt bendir til að Hrunið hafi aukið hana. Í dag eiga rúmlega 11.000 börn foreldri án atvinnu og 30.000 Íslendingar lifa í fátækt.

> Bænir sem við beinum hvert til annars og til almættisins gera aðeins sitt gagn ef þær leiða til aðgerða.

Það breytist ekki neitt þótt við göngum í Facebook hópinn Við mótmælum fátækt á Íslandi. Látum því ekki staðar numið með listana. Nú er tími til að byggja samfélag þar sem allir geta lifað með reisn. Samfélag þar sem við sættum okkur ekki við fátækt. Tökum okkur stöðu með þeim sem eru útilokuð frá nægtaborðinu, búa við kröpp kjör. Vinnum í þágu þeirra og samfélagsins.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Reykjavík verður að taka forystu

Borgarmál

Dagur B. Eggertsson
oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík



Í borgarstjórnarkosningunum í vor stendur valið milli þess að bíða af sér kreppuna, líkt og Sjálfstæðisflokkurinn ætlar sér, eða beita afli borgarinnar til að vinna sig út úr henni eins hratt og kostur er, einsog hugmyndir Samfylkingarinnar ganga út á. Við teljum eindregið að Reykjavík eigi að taka sér forystuhlutverk á krepputímum. Sú forysta á að snúast um þrennt: tryggja atvinnu, tryggja öryggi og kveikja von um betra samfélag. Þetta þrennt er reyndar nátengt: Atvinna skapar öryggi sem skapar von. Ef við sköpum ekki atvinnu þá dregur úr öryggi og vonin dvínar – og andstæðan verður jafnvel ofan á: óöryggi og vonleysi.

**Atvinna**

Reykjavík á ekki að unna sér hvíldar fyrr en atvinnuleysi er úr sögunni. Þar þarf að leiða samvinnu margra. Sá doði sem stafar frá ráðhúsinu er bein afleiðing af því að frjálshyggjan vísar ábyrgðinni annað á meðan hún bíður eftir að markaðurinn leysi málin. Það er dýrt. Afleiðingin gæti orðið langvarandi atvinnuleysi. Höfuðborgin á þvert á móti að taka frumkvæði. Tryggja að hlúð sé að tækifærum í markvissu samstarfi við atvinnulífið, hvort sem er í ferðaþjónustu, þekkingariðnaði eða kvikmyndagerð svo dæmi séu tekin. Reykjavík er í einstakri stöðu til að fá aðra með. Viðhaldsverkefnum og framkvæmdum á ekki að fresta heldur flýta eins og kostur er. Ráða á fólk af atvinnuleysisskrá til brýnna verkefna, þar sem það er hægt. Einnig þar á Reykjavík að stíga fram og leiða. Þá fylgja aðrir á eftir. Það er allt betra en atvinnuleysi.

**Öryggi**

Reykjavík á að tryggja öryggi. Við þurfum öll að geta treyst því að samfélagið standi með okkur ef í harðbakkann slær. Það þýðir að hækka þarf lágmarksframfærslu og styðja betur við barnafjölskyldur. Öllum verður að tryggja þak yfir höfuðið án yfirskuldsetningar. Til þess þarf leiguhúsnæði að vera öruggur kostur, viðráðanlegt og fáanlegt til lengri tíma.

> Öllum verður að tryggja þak yfir höfuðið án yfirskuldsetningar. Til þess þarf leiguhúsnæði að vera öruggur kostur, viðráðanlegt og fáanlegt til lengri tíma.

Öryggi barna á að vera númer eitt. Skólarnir eiga að vera griðastaður, líka í kreppu. Við eigum að standa saman um að endurskoða forgangsröðina og tryggja að börn hrekist ekki úr íþróttum eða frístundastarfi vegna erfiðra heimilisaðstæðna. Sú menntun er líka nauðsynleg til að leggja grunn að farsælli og og öruggri framtíð. Við þurfum sterkt velferðarsamfélag því það er lykillinn að öryggi fyrir alla. Við skulum ekki kjósa frá okkur öryggið.

**Von**

Reykjavík á þó ekki síst að kveikja og næra von um sterkari borg og betra samfélag þar sem við lærum af reynslunni. Við eigum að horfa til framtíðar þar sem lausnir koma í stað kreddu, umhyggja og nágrannasamfélag í stað eigingirni og afskiptaleysis, samhjálp í stað kapphlaups eftir innantómum gæðum og umburðarlyndi í stað dómhörku. Borgarbragurinn byggir á okkur sjálfum. Í góðri borg fer saman óttaleysi og fjölbreytni, tilhlökkun gagnvart framtíðinni, ásamt hæfilegri blöndu af íhaldssemi og forvitni fyrir hinu nýja. Reykjavík er aflið sem mun koma Íslandi út úr kreppunni.

**Valið í vor**

Það er enginn vafi að ef rétt verður á málum haldið í borginni munum við sjá nýjar og gamalgrónar atvinnugreinar vaxa aftur og dafna sem aldrei fyrr. Við þurfum bara að þora að taka skrefið til forystu, og standa og falla með því. Byrjum á því að hafna þriggja ára framtíðarsýn meirihlutans í Reykjavík um aðgerðarleysi í atvinnumálum, 11% atvinnuleysi og 70% niðurskurð til mannaflsfrekra verkefna. Það boðar bara landflótta. Reykjavík hefur alla burði til að gera margfalt betur ef hún beitir sér. Atvinnustefna og aðgerðaráætlun Samfylkingarinnar fyrir komandi borgarstjórnarkosningar sannar það. Þar birtist sýn um atvinnu, öryggi og von um betri framtíð. Þar liggur munurinn. Þitt er valið.

# Vörðum leiðina að manneskjulegra samfélagi

Dómsmál

Jakob Frímann Magnússon



Bergsteinn Sigurðsson, blaðamaður á Fréttablaðinu, fjallaði í gær um grein mína í sama blaði sl. laugardag. Hann fór þó á svig við kjarna gagnrýni minnar. Sú gagnrýni lýtur ekki að handtöku tiltekinna einstaklinga heldur að munstri sem einkennist af markvissri og vaxandi fjölmiðlasækni opinberra embættismanna á frumstigum ákæru- og dómsmála. Slíka þróun tel ég varhugaverða og lítt til sóma í okkar fámenna íslenska samfélagi. Sérstaklega er mikilvægt að embættismenn haldi haus við þær óvenjulegu aðstæður sem nú ríkja. Þó að dæmi sl. helgar sé nýjasta tilvikið þá nefni ég einnig önnur frá fyrri tíð. Af nógu er að taka. Bent skal á að nota hefði mátt bílakjallara saksóknarahússins sl.föstudag, ef ekki hefði staðið vilji til mikils uppsláttar eins og raun varð á.

Ég tel að allir rannsakendur séu á villigötum sem á undanförnum mánuðum og misserum hafa efnt til sérstakra blaðamannafunda til að skýra frá fyrirætlunum sínum varðandi tilgreinda einstaklinga sem ekki hefur verið hafin opinber rannsókn á, hvað þá ákæru- né dómstólaferli. Slíkt mætti e.t.v. skýra sem viðbrögð við óþreyju í samfélagi þar sem enginn embættismaður eða stjórnmálamaður, hefur enn stigið fram og axlað ábyrgð með viðeigandi hætti á sínum þætti í orsökum hrunsins eins og vænta hefði mátt og tíðkast mundi í nágrannalöndunum. Einnig kann að koma til mannleg viðleitni rannsakendanna sjálfra til að vekja athygli yfirmanna og annarra á dugnaði sínum eða myndugleik enda munu slíkir fundir ávallt hljóta rými í fjölmiðlum þjóðar sem þyrstir eftir því að einhver axli ábyrgð á þeim þrúgandi vanda sem íslenskur almenningur þarf að glíma við.

Framangreind vinnubrögð eru hins vegar að mínu mati algerlega ótímabær og óviðeigandi, sama hver í hlut á, þar til dómur er upp kveðinn og fyrir liggur ótvíræð sekt þess er í hlut á. Í þeim fyrstu skrefum sem nú er verið að stíga til að fullnægja réttlætinu er mikilvægt að varast allt sem minnir á vinnubrögð í Geirfinnsmáli, Hafskipsmáli eða öðrum blygðunarefnum réttarsögu okkar. Séu menn vissir um að þeir séu á réttri braut, ber þeim að hafna óþarfa sjónarspili, halda sínu striki og ljúka tilætluðum verkum. Hver sem í hlut á. Þannig vinnubrögð munu auka traust og virðingu á rannsóknarmönnum. Þau eru skv. gildandi lögum og varða leiðina að ábyrgara en fyrst og fremst manneskjulegra samfélagi.

Hið síðastnefnda er e.t.v. það mikilvægasta af öllu, í því erfiða og dapurlega ferli sem nú er hafið.

**Tekið skal fram að greinin speglar einungis persónulega skoðun höfundar.*

## AF NETINU

### Ríkisstjórnin svíkur fyrninguna



Grátkór kvótagreifa hefur ekki grátið í mánuð. Bendir til, að staða mála sé í megnu ólagi. Það er hún líka. Hjarta Jóns Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra slær með kvótagreifum. Hann stefndi málinu í átt að sátt við hagsmunaaðila. Um það snýst ekki loforð ríkisstjórnarinnar. Hún lofaði sátt við þjóðina, sem heimtar kvótann til baka. Excel-menn hafa verið fengnir til að reikna inn gjaldþrot útgerða af völdum fyrningarleiðar. Málið snýst samt ekki um útgerðir, þær mega drepast. Lífið heldur áfram og veiðar halda áfram, þótt þjóðin fái kvótann. Ríkisstjórninni mun hefnast fyrir að svíkja þjóðina.

jonas.is

**Jónas Kristjánsson**

### Fréttastjóri gefur tóninn



Óskar Hrafn Þorvaldsson er maður sem gerir miklar kröfur til sjálfs sín.
Þekktur fyrir að vera hörkuduglegur, með gott fréttanef og fyrir að njóta virðingar hjá samstarfsfólki sínu. Svo er spurning hvernig menn eiga að bregðast við þegar þeir bregðast. Þetta er hans svar við því.

http://andres.eyjan.is/

**Andrés Jónsson**

FYRIR VANDLÁTA




Frábært grill
fyrir íslenskar aðstæður

- Mikil orka 16,5 kw/h
- Grillgrindur úr pottjárni
- 3 brennarar úr pottjárni
- Hitadreifarar úr pottjárni
- Grill, grindur, hitadreifarar og lok eru emaleruð
- Vönduð og sterk viðargrind
- Innbyggð neistakveikja
- Skúffa fyrir fitu
- Grillflötur: 64 x 49cm
- Stærð: 145 x 108 x 62 cm

79.900
FULLT VERÐ 95.000

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

FÆST EINNIG HJÁ
ORMSSON -
ÁRVIRKINN SELFOSSI
MODEL AKRANESI
RADÍÓNAUST AKUREYRI

Samkeppni um hönnun bleiku slaufunnar 2010



Krabbameinsfélag Íslands og Hönnunarmiðstöð Íslands efna til samkeppni um hönnun á bleiku slaufunni 2010, tákni Krabbameinsfélagsins í baráttunni gegn krabbameini í konum.

Verkefnið er að hanna fallega og eigulega bleika slaufu sem verður fjöldaframleidd og seld til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands.

**Verðlaun verða að verðmæti 500.000 kr. og keppnin er öllum opin**

Bleika slaufan þarf að vera auðveld og tiltölulega ódýr í framleiðslu sem Krabbameinsfélag Íslands sér um.

**Tillögum skal skila fyrir kl. 12.00, föstudaginn 18. júní 2010**

í Hönnunarmiðstöð Íslands, Vonarstræti 4b, 101 Reykjavík. Tillögurnar skulu vera í lokuðu umslagi merktu dulnefni. Í umslaginu skal vera annað lokað umslag merkt dulnefni og inni í því þarf rétt nafn hönnuðar, heimilisfang og sími að koma fram. Tillögum skal skila útprentuðum í lit á A4 blaði (hámark 3 síður) eða sem fyrimyndum (prótótýpum). Einnig skulu tillögurnar fylgja á diski sem pdf skjöl.

Úrslit verða tilkynnt fimmtudaginn 24. júní og þá verður sýning á völdum tillögum.

**Nánari upplýsingar:**
Gústaf Gústafsson, markaðs- og fjáröflunarstjóri Krabbameinsfélags Íslands /662 4156 / gustaf@krabb.is
Halla Helgadóttir, framvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands / 699 3600 / halla@honnunarmidstod.is
og á **www.honnunarmidstod.is** og **www.krabb.is**

Krabbameinsfélagið Leonard Arion banki Hönnunarmiðstöð Iceland Design Centre

**BURT BACHARACH ER 82 ÁRA Í DAG.**

*Ég byrjaði að spila á píanóið með litlu bandi í menntaskóla. Ég var hræðilegur. Ég hélt ég hefði alls enga hæfileika. Ég spilaði ekki einu sinni í takt. Ég komst bara inn í McGill, sem var ömurlegur tónlistarskóli, af því að þeir tóku aðeins inn bandaríska tónlistarnema.*

***Burt Bacharach er bandarískur tónsmiður og píanóleikari sem hefur samið mikinn fjölda af vinsælum lögum svo sem Walk On By og Do You Know the Way to San Jose.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 12. MAÍ 1882

## *Konur fá takmarkaðan kosningarétt*

Hinn 12. maí 1882 fengu ekkjur og ógiftar konur, tuttugu og fimm ára og eldri, kosningarétt á Íslandi. Þær fengu þó ekki kjörgengi. Þetta gilti aðeins um konur sem stóðu fyrir búi eða áttu með sig sjálfar að öðru leyti. Það var mjög fámennur hópur kvenna.

Áður en lögin tóku gildi höfðu þó þrjár konur kosið. Þær höfðu notfært sér þá gloppu í lögunum að hvergi var tekið fram að konur mættu ekki kjósa.

Giftar konur og vinnuhjú fengu kosningarétt og kjörgengisrétt í áföngum fram til ársins 1915. Þá fengu allar konur, 40 ára og eldri, kosningarétt. Árið 1920 var aldursmörkunum breytt í 25 ár og höfðu konur þá jafnan pólitískan rétt og karlar.

Fyrsta konan var kjörin á þing árið 1922 en



næstu 60 árin, allt þangað til Kvennalistinn bauð fram til kosninga sátu aðeins tólf konur á Alþingi.

### MERKISATBURÐIR

**330** Konstantínópel, nú Istanbúl, verður höfuðborg Rómverska heimsveldisins.

**1412** Einar Herjólfsson farmaður lætur lífið. Hann er talinn hafa borið svarta dauða til landsins. Veikin dregur næstu þrjú árin um þriðjung þjóðarinnar til dauða.

**1926** Flugvélinni Norge er flogið fyrstri allra yfir norðurpólinn.

**1935** Golf er leikið í fyrsta skipti á Íslandi þegar sex holu golfvöllur Golfklúbbs Íslands er vígður í Laugardal í Reykjavík.

**1940** Hermenn Þjóðverja ráðast inn í Frakkland.




LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S·HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


AFMÆLISBÖRN



**FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON** kvikmyndagerðarmaður er 56 ára.



**JIM FURYK,** bandarískur kylfingur, er fertugur.



**JASON BIGGS** leikari er 32 ára.



**EMILIO ESTEVEZ** leikari er 48 ára.



**FÁ AÐ NJÓTA SÍN Í NÁTTÚRUNNI** Ásgeir segir þörfum stúlknanna mætt með fjölmennara starfsliði og sérmenntuðu starfsfólki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**KFUM OG KFUK:** BJÓÐA SUMARBÚÐARDVÖL FYRIR STÚLKUR MEÐ ADHD

# MÆTT Á EIGIN FORSENDUM

Sumarbúðir KFUM og KFUK í Kaldárseli bjóða í fyrsta skipti upp á sumarbúðadvöl fyrir tíu til tólf ára stúlkur með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir í samvinnu við ADHD-samtökin í sumar. Sams konar sumarbúðir hafa verið starfræktar fyrir drengi með ADHD síðastliðin þrjú sumur og gefist afar vel. Þær ganga undir nafninu Gauraflokkurinn í Vatnaskógi og hlutu samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar fyrr á þessu ári.

„Í þessum flokkum eru mun færri börn en ella og er þörfum þeirra mætt með fjölmennara starfsliði og sérmenntuðu starfsfólki. Foreldrar borga engu síður sama verð og aðrir enda afla aðstandendur flokkanna sjálfir fjár vegna aukins kostnaðar," segir Ásgeir M. Jónsson formaður stjórnar Kaldársels.

Þó að ADHD sé fimm sinnum algengari röskun á meðal drengja en stúlkna þótti fyllileg ástæða til að bjóða upp á svipað úrræði fyrir stelpur. „Gauraflokkurinn hefur mælst afar vel fyrir hjá foreldrum drengjanna auk þess sem við viljum vera með sams konar tilboð fyrir stráka og stelpur."

Stúlknaflokkurinn heitir Stelpur í stuði og segir Ásgeir markmiðið að stúlkurnar geti notið sín í öruggu og skemmtilegu umhverfi og að þeim sé mætt á skilningsríkan og uppbyggilegan hátt. „Við verðum með sálfræðing, félagsfræðing og hjúkrunarfræðing á staðnum auk þess sem allt starfsfólk fer í gegnum námskeið í skyndihjálp, öryggismálum og eineltisfræðslu svo dæmi séu nefnd. Starfið er þróað með tilliti til þarfa barna með ADHD, ramminn er skýr, matartímar reglulegir og dagskráin sniðin að ólíkum áhugasviðum auk þess sem aukinn mannskapur tryggir að hægt sé að mæta stúlkunum á þeirra forsendum."

Aðstaðan í Kaldárseli, sem er skammt fyrir ofan Hafnarfjörð, er eins og best verður á kosið. Þar er hægt að fara í göngu- og hellaferðir, stunda inni- og útiíþróttir, halda kvöldvökur og ýmislegt fleira. „Stúlkurnar eru þó alveg lausar við tölvur meðan á dvölinni stendur og hverfa þannig aftur til fortíðar og kynnast því sem er ekki tengt við 220 volt einhvers staðar í vegg. Umfram allt vonumst við þó til að geta stuðlað að gleðistundum og góðum minningum."

Sækja þarf um dvöl í Stelpur í stuði á sérstöku umsóknareyðublaði á heimasíðu www.kfum.is. Sálfræðingur fer yfir hverja umsókn en að sögn Ásgeirs berast þær gjarnan fyrir milligöngu þjónustumiðstöðva borgarinnar eða fjölskyldudeilda bæjarfélaganna.

vera@frettabladid.is



## 85 ára afmæli

Í dag 12. maí verður

**Þorgrímur Kristmundsson**

rennismíðsmeistari 85 ára.
Af því tilefni verður heitt á könnunni í Lionssalnum Sóltúni 20, 2. hæð milli 14.00 og 18.00 fimmtudaginn 13. maí, uppstigningardag.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Haukur Eiríksson**

frá Ísafirði, Hraunvangi 3, Hafnarfirði,

lést þann 10. maí sl. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 19. maí kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Guðrún Þorláksdóttir** | |
| **Eiríkur Þ. Einarsson** | **Anna Gísladóttir** |
| **Óskar S. Einarsson** | **Kristrún Hjaltadóttir** |

**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# Brautskráningu frestað vegna hestaveiki

Hestapestin sem nú gengur um land allt hefur víðtæk áhrif á hestamennsku og hefur verið hætt við ýmis mót og uppákomur í hestamannafélögum.

Pestin lætur nemendur Hólaskóla ekki ósnortna. Nú hefur verið ákveðið að fresta brautskráningu allra nemenda Háskólans á Hólum sem vera átti 21. maí til 3. september. Meirihluti útskriftarnema í ár eru af hestafræðideild.

Að sögn Vigdísar Gunnarsdóttur, námsráðgjafa hjá Háskólanum á Hólum, veiktust hestar starfsmanna fyrst en upp úr miðjum apríl hafði veikin borist í hesthúsið sem hýsir skóla- og nemendahesta. „Við ákváðum



**HÓLAR Í HJALTADAL.**

strax þá að fresta brautskráningunni," segir Vigdís enda var ljóst að einhverjir nemendur hestafræðibrautar næðu ekki að klára prófin sín á tilsettum tíma. Hestaveikin gengur yfirleitt yfir á þremur til fjórum vikum en þar sem fara þarf varlega af stað verður einnig að gefa nemendum tíma til að koma hestunum í þjálfun á ný.

„Fyrstu árs nemar voru búnir með verklegan hluta námsins og fengu kennaraeinkunn fyrir það próf sem var eftir. Annars árs nemar eru í verknámi eftir áramót og þegar veikin kom upp var strax ákveðið að flýta prófum og tókst það í flestum tilfellum en ekki öllum," segir Vigdís. Helst voru það nemendur á þriðja ári hestafræðideildar, reiðkennararnir, sem ekki gátu lokið prófum og er stefnt að því að nemendurnir þreyti þau próf seinni hluta júnímánaðar.

Þó hátíðlega athöfnin frestist fá þeir nemendur sem eiga að útskrifast í vor öll gögn sem staðfesta að þeir hafi lokið námi sínu.



**KLIPPT OG SKORIÐ** – um skegg og rakstur, er yfirskrift nýrrar sýningar í Horninu á annarri hæð Þjóðminjasafnsins sem verður opnuð á morgun. Á sýningunni má sjá ýmislegt tengt skeggi karlmanna og hvernig þetta karlmennskutákn hefur tekið mið af tísku og tíðaranda.




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447















Guðrún Heimisdóttir dagskrárgerðarkona fór alklædd í nudd hjá blindum nuddara í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Nudd og tehús í Kína

**Guðrún Heimisdóttir upplifði kínversk áramót fyrir nokkrum árum þegar hún dvaldi í Sjanghæ þar sem systir hennar starfaði. Hún segir Kína ótrúlegt land og síðan hafi hún verið veik í að fara aftur.**

„Ég flaug út með foreldrum mínum til Sjanghæ árið 2003 og við dvöldum þar í tvær vikur,“ segir Guðrún Heimisdóttir dagskrárgerðarkona en systir Guðrúnar, Sigga Heimis vöruhönnuður, vann á þeim tíma hjá IKEA og var í tengslum við starfið í Kína í tvo mánuði. Fjölskyldan ákvað því að nota tækifærið og heimsækja Siggu.

„Ferðin var ógleymanleg í alla staði. Við millilentum í London en flugum þaðan beint til Sjanghæ þar sem systir mín tók á móti okkur. Þaðan fórum við beina leið í nudd þar sem ég var látin liggja undir risastóru laki, í öllum fötunum og blindur maður nuddaði mig. Þetta er eitt allra besta nudd sem ég hef nokkurn tímann farið í,“ segir Guðrún.

Fjölskyldan flaug til Peking meðan á ferðalaginu stóð og dvaldi þar í tvær nætur þar sem Kínamúrinn, Forboðna borgin og Sumarhöllin voru heimsótt.

„Sjanghæ er æðislegur staður. Við heimsóttum ýmsa markaði, svo sem blómamarkað og sátum á ófáum tehúsunum. Við tókum sérstaklega eftir því hvað Kínverjar eru kátir og til dæmis á mörkuðunum höfðu þeir hreinlega gaman af því að maður prúttaði við þá, sem ég hef aldrei verið góð í, en þarna var það bara skemmtilegt. Allir skellihlógu og á endanum voru allir kátir, enda sölumennirnir eflaust búnir að rýja mann inn að skinni. Verandi einfaldur túristi var maður bara hæstánægður með kaupin.“

Hápunktur ferðarinnar var að mati Guðrúnar að upplifa kínversk áramót. „Maður upplifði reyndar nýja hluti á hverjum degi en kínversku áramótin voru einstök. Kínverjar sprengja ekki flugeldana vegna þess að þeir eru svo fallegir heldur er tilgangurinn að hræða burt vonda anda með látunum. Það var því sprengt og sprengt alla nóttina mitt á milli risastórra blokka inni í miðri borg,“ segir Guðrún og bætir við að hana hafi langað til Kína æ síðan hún kom heim aftur. „Fram að ferðalaginu hafði ég varla látið mig dreyma um að fara alla leið til Asíu en ég varð strax veik í að fara aftur þegar ég kom heim og mun án efa fara aftur til Kína í framtíðinni.“

*juliam@frettabladid.is*






**SKRÚBBBURSTI** örvar blóðflæðið og losar dauðar húðfrumur á yfirborði húðar. Má nota bæði í sturtu en einnig til að þurrbursta líkamann.



Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, og Elfa Dögg Þórðardóttir njóta snemmsumarsælu í nýja Hveragarðinum þar sem landsmenn geta nú komið og leyft náttúruöflunum að dekra við fætur sína, bragðlauka og andann. MYND/GUÐMUNDUR ÞÓR GUÐJÓNSSON

# Tásur, rúgbrauð og egg

**Faraldsfóturinn getur orðið lúinn á ferðalögum um landið og svalandi tilhugsun að geta dýft þreyttum tám í hveravatn og kælandi leirbað, eins og nú gefst færi á undir berum himni í Hveragerði.**

„Upplifunin er æðisleg; maður fær silkimjúkar fætur á eftir og er gagntekinn notalegri vellíðan,“ segir Elfa Dögg Þórðardóttir mannvirkja- og umhverfisfulltrúi, sem átti hugmyndina að Hveragarðinum sem lofar dásamlegu dekri í miðbæ Hveragerðis, þar sem opnuð verður ný aðstaða til vatns- og leirfótabaða um helgina.

„Hveragerði stendur á mögnuðu bæjarstæði þar sem allt sjóðbullar af heitu vatni inni í bænum og utan við bæinn. Við áttum fyrirtaks laug til fótabaða í miðbænum, sem í rennur allt affall af hverasvæðinu sem og affall af borholu Orkuveitunnar, og þegar ég bar undir bæjarstjórnina hvort við ættum ekki að auka nýtingu svæðisins með leir- og hverafótaböðum var henni tekið fagnandi,“ segir Elfa Dögg þar sem hún bakar rúgbrauð og sýður sér gómsæt landnámshænuegg meðan hún baðar tærnar í heilnæmum leir og hveravatni.

„Leirinn tökum við úr kulnuðum hverum í umhverfi bæjarins, og eins og náttúruleirinn sem notaður er í leirböð Náttúrulækningafélagsins er hann sjálfhreinsandi og bakteríudrepandi, sem gerir hann ávallt nýjan og ferskan fyrir næsta mann, auk þess að vera bólgueyðandi og hafa heilsubætandi áhrif,“ segir Elfa Dögg í fögrum og freistandi Hveragarðinum. Hann er svo sannarlega einstakur á heimsmælikvarða, því hvergi er nálægð byggðar jafn mikil við virkt háhitasvæði þar sem gestum gefst tækifæri til að verða vitni að fjölbreyttri nýtingu háhitans.

„Í Hveragarðinum er skemmtilegt aðstöðuhús í fallegri gróðurvin þar sem ræktuð eru appelsínu- og bananatré ásamt kaffirunna. Þar er hægt að fá sér kaffi og með því og kaupa heimaræktað grænmeti. Auk þess geta gestir fylgst með brauðbakstri, soðið sér egg í sérútbúnu neti og gætt sér á gúrkusnafsi, en íslenskar landnámshænur hafa tekið sér bólfestu í Hveragarðinum, ungum sem öldnum til mikillar ánægju,“ segir Elfa Dögg um heildstæða nýtingu hverasvæðisins. Með þessari nýjung hafa Hvergerðingar tekið stórt skref til tengingar við þá notkun sem tíðkaðist á svæðinu í árdaga byggðar þegar fólk sótti sér heilsubót með því að liggja í leirböðum á hverasvæðinu, húsmæður suðu mat í hverum og mættu þar reglulega til stórþvotta.

*thordis@frettabladid.is*




BASLER

20% afsláttur

af öllum Basler vörum út Maí.

Parísar TÍZKAN

Tízkuhús, stofnsett 1963

Skipholti 29b • S. 551 0770

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



Takk!

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

DONG FANG SALON

Andlitsbað

Verð: 6.500 kr.

Gildir mán./þri./mið.

Tilboðið gildir í maí 2010

NÁMSKEIÐ LAUGARDAGINN 15. MAÍ

Lærðu að rækta kryddjurtir



Auður Ottesen, garðyrkjufræðingur

Auður Ottesen garðyrkjufræðingur verður með námskeið á Krúsku að Suðurlandsbraut 12, laugardaginn 15. maí 2010 frá kl. 13:00 – 15:00.

Á námskeiðinu verður farið yfir helstu tegundir kryddjurta sem ræktaðar eru utandyra eða í eldhúsglugganum, lærum að þekkja nýtingu kryddjurtanna og möguleikana í matseld.

Námskeiðið kostar 3.500 kr. og eru léttar veitingar innifaldar. Skráning fer fram í gegnum netfangið kruska@kruska.is eða á staðnum.

KRÚSKA

VEITINGASTAÐUR - VERSLUN - TAKEAWAY

Suðurlandsbraut 12 - Sími 557 5880 - www.kruska.is

Opið alla virka daga frá 11:00 til 20:00

Meirapróf









ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

NÝTT NÁMSKEIÐ HEFST Í DAG



ALLT HELGIN

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447



Sólveig býður ferðamönnum upp á þjóðlegar veitingar við Hvítá. MYND/SIGRÚN NIKULÁSDÓTTIR



Sushi og hvítvín bíður gesta sem nema staðar á litlu skeri á Breiðafirði. MYND/THORSTEN HENN



Systurnar dekka hvers kyns borð við hinar ýmsu aðstæður. Hér er verið að undirbúa veislu í Haukadalsskógi. MYND/SIGRÚN NIKULÁSDÓTTIR

# Lúxuskrydduð ferðalög

**Systurnar Sigrún og Sólveig Nikulásdætur, sem reka ferðaskrifstofuna New moments, sérhæfa sig í því að skapa eftirminnileg augnablik fyrir innlenda sem erlenda ferðamenn og beita til þess ýmsum brögðum.**

Ferðaskrifstofan New moments sérhæfir sig í að skapa eftirminnileg augnablik fyrir innlenda sem erlenda ferðamenn og útbúa starfsmenn hennar til að mynda hellakvöldverð, strandboð og ratleiki með þjóðlegu ívafi.

Systurnar Sigrún og Sólveig Nikulásdætur standa að baki ferðaskrifstofunni en hún var stofnuð árið 2008. Þær höfðu báðar starfað í ferðaþjónustu í mörg ár en völdu að sérhæfa sig í þeim hluta hennar sem þær höfðu mesta ánægju af. „Við leggjum mikla áherslu á hvataferðir og ferðir fyrir starfsmannafélög innanlands en bjóðum líka upp á ferðir og uppákomur fyrir einstaklinga og þá oft með lúxusívafi. Við erum lítið í bakpokaferðum enda lítum við svo á að það sé ekki endilega gott að vera í öllu,“ segir Sólveig og nefnir nokkur dæmi sem eru lýsandi fyrir starfsemina:

„Við höfum til dæmis farið með hópa á Djúpalónssand á Snæfellsnesi og dekkað upp strandboð með púðum, teppum, gítarleikara og öðru tilheyrandi en höfum einnig skipulagt ævintýralega hellakvöldverði með eld- og ísþema. Fyrir stærri hvataferðahópa höfum við skipulagt hestasýningu á Þingvöllum, víkingakeppnir, boðið upp á spákonur í tjaldi og keppni í ísskúlptúrgerð svo dæmi séu nefnd. Þá höfum við boðið upp á ratleiki um Reykjavík með víkingaþema auk þess sem von er á nýjum Da Vinci-ratleik með haustinu.“ Systurnar hafa líka verið í samstarfi við önnur ferðaþjónustufyrirtæki og boðið upp á ýmiss konar krydd fyrir þeirra hópa auk þess sem þær taka að sér alls kyns skreytingar.

Systurnar hófu starfsemina í miðri kreppu en segja það ekki hafa komið að sök. „Þetta hefur gengið vel þó eitthvað hafi verið um afbókanir eftir gos. Hins vegar hafa alls kyns nýjar hugmyndir kviknað í kjölfar þess og ég held að það eigi bara eftir að styrkja ferðaþjónustuna þegar til lengri tíma er litið. Við höfum til að mynda alltaf unnið mikið með eld og ís og hefur það aldrei verið nærtækara.“

*vera@frettabladid.is*


# Vor í Árborg 2010

Bæjar- og menningarhátíðin Vor í Árborg verður haldin dagana 13.–16. maí.



- Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá á Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri
- Ingó, Jóhanna Guðrún, barnaskemmtun, „Ekki safn“, Eurovisiontónleikar o.fl.
- Veitingastaðir og kaffihús opin alla hátíðina, auk verslana, safna og gallería
- Sölu- og markaðstjald við Tryggvaskála með daglegum uppákomum
- Við hvetjum íbúa til að taka virkan þátt og bjóðum gesti og gangandi velkomna
- Frítt er inn á flesta viðburði, sjá: www.arborg.is

HVITA HÚSIÐ / SÍA

VOR Í ÁRBORG 2010

Sveitarfélagið ÁRBORG




Fjölskylduleikurinn **Gaman saman sem fjölskylda** er nú haldinn í þriðja sinn sem sérstakur hluti af bæjar- og menningarhátíðinni Vor í Árborg.

Þeir sem skila inn vegabréfi með 6 eða fleiri staðfestum atburðum eiga möguleika á veglegum **vinningum.**



**GÆÐA- OG UMHVERFISMÁL** í ferðaþjónustu verða til umræðu á málþingi sem haldið er á Grand hóteli í Reykjavík í dag frá 14 til 16.



Gistinætur á hótelum í mars síðastliðnum voru 93.700 en 84.500 í sama mánuði árið 2009. Aukning gistinátta á hótelum í mars er eingöngu hægt að rekja til erlendra gesta, en gistinóttum þeirra fjölgaði um rúm 18 prósent miðað við mars 2009 en gistinóttum Íslendinga fækkaði um 5 prósent.

www.hagstofa.is


**Umsókn um sölutjöld á 17. júní 2010 í Reykjavík**

Þeir sem óska eftir aðgang að sölutjöldum á þjóðhátíðardaginn 17. júní 2010, geta sótt umsóknareyðublöð og allar upplýsingar á: **www.skataland.is**

**Skila þarf umsóknum fyrir föstudaginn 21. maí fyrir kl. 16.00 í Skátamiðstöðina Hraunbæ 123.**

Vakin er athygli á því, að lausasala á hátíðarsvæðinu er bönnuð. Stæði fyrir sölutjöld er ekki veitt einkaaðilum, heldur einungis félögum og samtökum sem sinna æskulýðs og íþróttastarfi í Reykjavík.

**Þjóðhátíðarnefnd Reykjavíkur og Skátasamband Reykjavíkur.**

**KRASSANDI INNRÉTTINGATILBOÐ**
**30% afsláttur**
**ÞAR AÐ AUKI FRÍ SAMSETNING! Á VERKSTÆÐI OKKAR**
nettoline
30%
ELDHÚS - BAÐ - ÞVOTTAHÚS - FATASKÁPAR
friform.is
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500
Mán. - föst. kl. 09-18 · Lau. kl. 11-16




Það verður mikið um dýrðir í Sjanghæ næsta hálfa árið í tilefni heimssýningarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

# Góður tími fyrir ferð til Sjanghæ

**Heimssýningin í Sjanghæ, sem stendur yfir þar til í lok október, er sú stærsta sinnar tegundar. Tímasetningin ætti því að vera góð fyrir Íslendinga sem langar í ferðalag austur á bóginn.**

Heimssýningin í Sjanghæ var opnuð með pomp og prakt hinn 1. maí síðastliðinn og stendur hún yfir til 31. október næstkomandi. Slagorð sýningarinnar er „Betri borg – betra líf“ og er ætlað að lýsa nýrri stöðu borgarinnar sem heimsborg í hæsta gæðaflokki. Tæplega tvö hundruð lönd og yfir fimmtíu alþjóðlegar stofnanir bjóða upp á sýningarbása á heimssýningunni, sem ku vera sú stærsta hingað til. Áætlað er að milli sjötíu til hundrað milljónir gesta komi til með að sækja borgina heim meðan á sýningunni stendur.

Sjanghæ hefur gengist undir gríðarlegar endurbætur á síðustu árum og áratugum og stendur nú vissulega undir nafni sem sannkölluð heimsborg. Íbúar eru nú um sautján milljón talsins, sem gerir hana að einni stærstu borg heims. Ísland er eitt þeirra landa sem kynna ferðaþjónustu sína á sýningunni og má slá því föstu að því fylgi mikil landkynning.

Næstu mánuðir ættu því að vera gráupplögð tímasetning fyrir áhugasama að heimsækja Sjanghæ. Til þess eru nokkrar leiðir og ein þeirra er að hafa samband við Ferð.is, þar sem hægt er að skipuleggja pakkaferð austur á bóginn eftir þörfum hvers og eins.

Jón Haukur Daníelsson hjá Ferð.is segir töluvert hafa borið á því að viðskiptavinir leiti sér upplýsinga um möguleika á ferðum til Sjanghæ vegna heimssýningarinnar. „Ég get nánast fullyrt að við bjóðum upp á ódýrustu flugmiðana til Sjanghæ og bjóðum líka upp á tvö hótel sem þó er verðmunur á. Fólk leitar mikið til okkar vegna gistingar þegar út er komið, enda hafa margir brennt sig á því að kaupa köttinn í sekknum á netinu í þessum málum. Helsti styrkur okkar er sá að það er ekkert heilagt varðandi ferðatilhögun. Við bjóðum til að mynda upp á ferð sem kallast frá Peking til Sjanghæ, en ef viðskiptavinir vilja breyta ferðinni, til dæmis að vera lengur úti á eigin vegum á undan eða eftir, er slíkt hægur leikur,“ segir Jón Haukur.

*kjartan@frettabladid.is*


**ER VAGNINN RAFMAGNSLAUS?**



Setjum sólarsellur á vagna

Tilboð á rafgeymum

Tilboð á hleðslutækjum





- **Mælum rafgeyminn**
- **Mælum virkni á sólarsellu**
- **Mælum útleiðslu**
- **Veitum ráðgjöf**

Traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

TUDOR

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

**Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is**

**“Spennandi útilífsævintýri - fjör og hópefli”**

Kassaklifur - GPS ratleikir - Bátasiglingar - Vatnaleikir - Frumbyggjastörf

Fyrir stráka og stelpur 8-12 ára - skipt í hópa eftir aldri
Upplýsingar og skráning á netinu - www.ulfljotsvatn.is

INNRITUN ER HAFIN

**Opið virka daga kl 10-16 - sími 550 9800 - sumarbudir@ulfljotsvatn.is**



SUMARBÚÐIR SKÁTA
ÚLFLJÓTSVATNI

# Baðherbergið

Sérblað | Miðvikudagur 12. maí





















Unidrain gólfniðurföll eru frábær lausn fyrir sturtuna við endurnýjun baðherbergisins eða í það nýja. Glæsileg hönnun úr ryðfríu stáli. Þau eru lögð að vegg og vatnshallinn er aðeins í eina átt. Leysir mörg vandamál. Einföld og fljótleg uppsetning.



Innréttingarnar frá Ifö hafa slegið í gegn á Íslandi sem og annars staðar. Hægt er að velja um nokkrar áferðir. Koma samsettar og eru þ.a.l. mjög auðveldar í uppsetningu.



Tengi býður upp á margar gerðir af salernisskálum og hér má sjá þá nýjustu frá Ifö. Sérlega auðvelt í þrifum og að sjálfsögðu með hæglokandi setu.

TENGI

Smiðjuvegur 76 | 200 Kópavogur | Sími 414 1000 | www.tengi.is






**ILMUR OG LISTAVERK** Ferskt og frískandi loft er eitthvað sem allir þrá á baðherberginu. Hreinlæti skiptir þar vissulega öllu máli og því kemur ekkert í staðinn fyrir að hafa allt pússað og fínt. Stundum gefst þó ekki ráðrúm til að þrífa baðið nógu rækilega þegar von er á gestum og þá getur verið betra en ekkert að hressa upp á aðstæður með því að rífa upp sápu með sætri lykt eða kveikja á ilmkerti.

Falleg skál eða listaverk í öðru formi setur líka svip á náðhúsið og dregur að sér athyglina.



**„Við leggjum mikið upp úr því að eftirþjónustan sé í lagi, til dæmis að varahlutaþjónustan sé í góðu standi," segir Magnús.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gæði, ráðgjöf og þjónusta skipta miklu máli

**Verslunin Tengi sérhæfir sig í innflutningi og sölu á hreinlætistækjum og pípulagningaefni. Fyrirtækið, sem verður 30 ára á næsta ári, hefur í gegnum tíðina selt vörur frá virtum og þekktum framleiðendum.**

Tengi og Mora, sænskur blöndunartækjaframleiðandi, eiga 25 ára samstarfsafmæli á þessu ári. Magnús Andri Hjaltason, sölustjóri hreinlætistækjadeildar, segir markmið Tengis frá upphafi hafa verið að bjóða viðurkennda vöru á hagstæðu verði, sem standist allar helstu kröfur og hafi gæðavottun.

„Við lítum á að þjónustunni sé ekki lokið þegar viðskiptavinir okkar hafa fengið vöruna afhenta," segir Magnús. „Við leggjum mikið upp úr því að eftirþjónustan sé í lagi, til dæmis að varahlutaþjónustan sé í góðu standi. Það er gaman að segja frá því að við eigum varahluti í Mora-tækin sem komu hingað fyrir 25 árum og einnig í fjörutíu ára gömul Ifö-salerni."

Magnús segir viðskipti Tengis snúast um gæði, ábyrgð og þjónustu. „Við getum boðið vörur í öllum verðflokkum, en markmið fyrirtækisins eru skýr: Við bjóðum ekki upp á vöru sem við getum ekki fullkomlega treyst og þjónustað," segir hann. „Við viljum byggja upp langtímasamband með okkar birgjum, en ekki tjalda til einnar nætur. Fólk ætti að spá í þessa hluti áður en það ákveður að kaupa hreinlætistæki."

Magnús segir að starfsmenn Tengis leggi mikið upp úr góðri þjónustu og persónulegum samskiptum við viðskiptavini og bendir á að hjá fyrirtækinu starfi þjónustustjóri sem tekur að sér allar ábendingar sem berast Tengi og leysir málin fljótt og vel. Flestir starfsmenn Tengis hafi mikla reynslu og þekkingu á hreinlætistækjum og lagnaefni og hafi unnið lengi hjá fyrirtækinu. „Það er gríðarlega mikils virði," segir Magnús. Nánar á www.tengi.is.

# Baðherbergið málað á netinu

Hér á árum áður gátu menn varla valið nýja málningu á vistarverur sínar án þess að rýna í litlar prufur á litaspjaldi. Nú er hins vegar hægt að setja saman heilu litaskemun á vefnum og prófa sig áfram með liti, þökk sé vefsíðum á borð við benjaminmoore.com. Þar er hægt að skoða ljósmyndir af herbergjum og þegar notandinn finnur það sem líkist einna helst hans eigin herbergi getur hann prófað á það nokkra mismunandi liti og séð hver virkar best.





**Á Netinu er hægt að prófa ýmsa liti á baðherbergið áður en gengið er frá kaupum á málningu.** NORDICPHOTOS/GETTY

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmenn auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512 5411




© Inter IKEA Systems B.V. 2010

Í IKEA finnur þú húsgögn fyrir baðherbergi sem þú getur raðað saman eftir þínu höfði. Þannig getur þú sérhannað þitt eigið baðherbergi sem hentar allri fjölskyldunni.

GODMORGON línan fæst í ýmsum stærðum og gerðum þannig að auðvelt er að hanna lausn sem hentar nákvæmlega þínum þörfum. Hjá okkur finnur þú svo auðvitað líka alla litlu hlutina sem eru nauðsynlegir á baðherberginu. Skoðaðu GODMORGON og ýmislegt fleira fyrir baðherbergið á www.IKEA.is

**Verslun opin 11-19 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

IKEA®

**www.IKEA.is**



Framleiðandi **Casa Dolce Casa,** Porcellana veggflísar, litur hvítur, stærð 20x60cm



Framleiðandi **Casa Dolce Casa**, Black & White Slim/4, stærðir 30x60/60x60cm, þykkt 4 mm



Framleiðandi **Casa Dolce Casa**, Black & White Slim/4, stærðir 30x60/60x60cm, þykkt 4 mm



Framleiðandi **Casa Dolce Casa**, Pietra Mediterranea, litur grigio, fáanlegar í mörgum stærðum

Dalvegi 10–14 | 201 Kópavogi
Sími 564 3500 | www.parki.is

Parki INTERIORS

**●SUDOKO Á SALERNINU** Tíminn er misjafnlega langur sem eyða þarf á snyrtingunni eftir því hvert erindið er. Ef dvölin dregst eitthvað á langinn er gott að hafa eitthvað sér til dundurs, leysa krossgátu eða glugga í bók. Salernisrúlla með Sudoko-talnaleik gæti líka komið sér einkar vel til að stytta sér stundina.



# Náttúran endist best

**Parki við Dalveg í Kópavogi selur gólfflísar, granít, náttúrustein og veggflísar í miklu úrvali á baðherbergi. Egill Arnar Birgisson, sölu- og markaðsstjóri, veit allt um málið.**

„Þunnar flísar, svona fjögurra millimetra flísar, eru nýkomnar á markað. Þeir sem vilja skipta til dæmis um gólfefni án þess að rífa allt út hjá sér hafa orðið sér úti um þess konar flísar og þá látið leggja yfir þær sem fyrir eru með lítilli fyrirhöfn,“ segir Egill hjá Parka, beðinn um að nefna þær nýjungar sem ber hæst hjá versluninni.

Á heildina litið segir Egill náttúruflísar vera vinsælastar á gólf líkt og undanfarin ár, en á veggi séu ýmist notaðar náttúruflísar eða glerjaðar flísar. „Fólk kýs einna helst jarðliti til að viðhalda ákveðnu látleysi á baðherberginu heldur en að fara út í einhverja sterka liti, enda hefur það sýnt sig að þeir standast betur tímans tönn. Nema þá að einhver veggur sé lagður undir einhvern sterkan lit.“

Egill segir flísar alltaf vera að stækka. „Fólk vill yfirleitt stærðina 60 sinnum 60 á baðherbergisgólfið og víðar en leikur sér svo kannski með aðrar stærðir, svo sem 10 sinnum 60, af sams konar flísum á veggina til að brjóta upp umhverfið og sumir kjósa jafnvel að taka mósaík með, til dæmis í sturtuklefann eða í kringum baðkarið,“ útskýrir hann.

Parki selur flísar frá virtum framleiðendum á borð við Casa Dolce Casa á Ítalíu, sem fylgja vel helstu tískustraumum og Buchtal í Þýskalandi, sem heldur sig sígilt útlit og er einn þekktasti framleiðandinn í heiminum í dag. „Þótt ólíkir séu eiga þessir aðilar sammerkt að framleiða vandaðar flísar,“ segir Egill.

Egill segir starfsmenn Parka aðstoða viðskiptavini við val á flísum og annarri vöru, auk þess sem fyrirtækið aðstoði fólk við að finna iðnaðarmenn til verksins. „Yfirleitt tekur svo á bilinu fjórar til átta vikur að fá afhenta vöru, þegar um er að ræða nýjungar og eitthvað sérstakt sem ekki er til á lager.“



**Parki selur meðal annars granít, náttúrustein og gólf- og veggflísar á baðherbergið. Hér sést Egill með flís af stærðinni 60 sinnum 120.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Baðvenjur í gegnum aldir

Baðvenjur jarðarbúa hafa breyst og þróast í gegnum aldirnar. Böð hafa verið stunduð frá fornum tímum. Trúarlegar, efnahagslegar og stjórnmálalegar ástæður spiluðu oft stórt hlutverk í að ákvarða hvenær, hvernig og hvar fólk baðaði sig.

Egyptar og Krítverjar voru meðal fyrstu fornu samfélaganna til þess að byggja sérstök baðhverfi og í sumum fornum grískum höllum má finna baðherbergi með böðum og drenlögnum. Þó voru það Rómverjar sem breyttu böðum í samfélagslegt fyrirbæri og á fjórðu öld voru um þúsund almenningsböð í Rómaveldi.

Eftir fall Rómaveldis hurfu böð að stórum hluta úr Evrópu og voru litin hornauga af kaþólsku kirkjunni. Á endurreisnartímabilinu var hreinlæti vanrækt en á átjándu öld fóru vinsældir baða að aukast og nokkuð var um að byggð væru almenningsböð vegna þess að böð voru ekki í heimahúsum. *- mmf*



**Baðvenjur jarðarbúa hafa mikið breyst í gengum aldirnar og voru á tímabili samfélagslegt fyrirbæri.**



**Fólk trúði því fram á miðja nítjándu öld að böð væru auðveld smitleið og væru þar af leiðandi hættuleg.**

# Plássið nýtt á skilvirkan hátt

Plássleysi er algengt á baðherbergjum. Því þarf að nota hugvitið til að koma öllu haganlega fyrir.

Eitt af því sem tekur talsvert pláss eru handklæði. Oftar en ekki er lítið pláss á veggjum til að koma fyrir hönkum og því um að gera að nýta hurðar herbergisins. Ein leið er að setja upp hanka. Enn betra er þó að koma fyrir tveimur til þremur handklæðaslám á hurðinni. Þannig er hægt að hengja upp fleiri handklæði og líka hægt að breiða úr þeim svo þau þorni fyrr.





Fallegir hankar gefa baðherbergjum sjarmerandi yfirbragð.



Standandi handklæðahengi eru skemmtileg og auðvelt er að færa þau til.

Þótt gólfpláss sé af skornum skammti getur verið skemmtilegt að koma fyrir standandi handklæðaslá. Til að mynda hafa sumir brugðið á það ráð að endurhanna gamla stiga undir handklæðin. Slíkan stiga má einnig færa til og því hentugt á heitum sumardögum að færa stigann út í garð ef börnin vilja busla í vaðlaug eða leika sér með garðslönguna.



Ragnar segir Flísa- og baðmarkaðinn leggja áherslu á vönduð vörumerki. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Hagstæðar heildarlausnir

**Flísa- og baðmarkaðurinn kallast ný verslun sem var opnuð í mars síðastliðnum og er í eigu Múrbúðarinnar. Flísa- og baðmarkaðurinn er í Bæjarlind 6 í Kópavogi og er eins og nafnið bendir til, sérverslun með baðherbergisvörur.**

„Hér fæst allt sem þarf inn á baðherbergið,“ segir Ragnar Haraldsson, verslunarstjóri Múrbúðarinnar á Kletthálsi. „Við bjóðum breitt úrval af innréttingum og hreinlætistækjum, meðal annars vandaðar spánskar innréttingar, og einnig þýskar. Hingað geta viðskiptavinir leitað eftir heildarlausnum inn á baðherbergið allt frá ljósum til handklæðanna í baðskápinn.“

Meðal vörumerkja í versluninni er að finna merkið Turkas sem Ragnar segir ódýra vörulínu en vandaða. Þýska merkið Ceravit fæst einnig í versluninni en það er þekkt fyrir vandaðar vörur. Þá býður Flísa- og baðmarkaðurinn hágæða vörur frá merkinu Vitra en fyrirtækið er einn stærsti hreinlætistækjaframleiðandi Evrópu. Vitra á meðal annars fyrirtækið Villeroy & Boch og hefur þekkta hönnuði á sínum snærum á borð við Ross Lovegrove og Matteo Thun.

Þótt stutt sé síðan verslunin var opnuð hefur aðsóknin verið góð og er Ragnar ánægður með viðtökurnar.

„Umferðin hefur verið mikil í gegnum verslunina hjá okkur enda bjóðum við verð og úrval á einum stað sem ekki hefur þekkst á þessum markaði áður. Þetta góða verð getum við boðið með því að kaupa hagstætt inn og leggja minna á vöruna, sem skilar sér til neytenda. Það sem skiptir viðskiptavinina líka miklu máli er að við eigum nánast allar vörurnar til á lager bæði flísarnar og hreinlætistækin.“




**● NÁTTÚRUVÆNN STÍFLUEYÐIR** Niðurfallið í handlauginni getur stíflast og eins niðurfallið í baðkerinu og sturtubotninum. Ýmis efni eru fáanleg í verslunum til að losa um stíflur en fyrir þá sem er umhugað um náttúruna og vilja síður hella sterkum ætandi efnum í niðurfallið eru umhverfisvænni leiðir til. Til dæmis má hella bolla af matarsóda ofan í niðurfallið og strax á eftir tveimur bollum af borðediki. Heyra má blönduna freyða ofan í niðurfallinu og strax og hljóðið hættir skal hella einum lítra af sjóðandi heitu vatni.

Sé þetta gert reglulega má halda rörunum stíflulausum og fá betri lykt upp úr niðurfallinu í kaupbæti.





VITRA S50 handlaug 60 cm
8.900



NIZA innrétting með spegli. Hvít, græn, wengue og blá.*
26.900
44x25x44 cm, spegill 35x80 cm
* blöndunartæki ekki innifalin



MILAN blöndunartæki
3.490

Ótrúlegt úrval flísa, hreinlætistækja og fylgihluta fyrir baðherbergið í 700 m² sýningarsal



MILAN sturtuhorn
90x90 cm með botni
27.900

NAPOLI hitastýrt sturtusett
29.900



LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM



Lila handlaug á vegg 55cm
4.900

Flísa&Bað MARKAÐURINN

Bæjarlind 6, Kópavogi, sími 517 6067. Opið mán. - fös. 10-18, laugard. 11-16.



Kristján og Arinbjörn í einu baðherbergjanna sem þeir hafa gert upp í nafni Flísaverks, en hægt er að afla sér frekari upplýsinga á flisaverk.is. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Við sjáum um allt

„Við gerum allt frá a til ö, rífum út, færum til lagnir og fleira án þess að húseigendur þurfi að lyfta litla fingri,“ segir Kristján Sveinsson, annar eigandi fyrirtækisins Flísaverk, sem sérhæfir sig í endurgerð baðherbergja.

Kristjáni stofnaði Flísaverk ásamt Arinbirni Snorrasyni pípulagningamanni upp úr síðustu áramótum og segir fyrirtæki af þessari gerð hafa sárvantað á Íslandi. „Akkúrat svona þjónusta, þar sem hægt er að nálgast alla iðnaðarmenn á einum stað, var varla fyrir hendi í góðærinu þegar langir biðlistar voru eftir iðnaðarmönnum. Við útvegum hins vegar iðnaðarmenn og öll tæki og tól í verkið,“ bendir hann á.

Kristján segir að af þessum sökum hafi þeir Arinbjörn ákveðið að stofna Flísaverk, því enda þótt almennt sé minna að gera í byggingariðnaði sé fjöldi viðhaldsverkefna sem þarf að sinna. „Við erum til dæmis í mörgum tilvikum að aðstoða eldra fólk sem getur kannski ekki skipt um húsnæði en er í leit að hagkvæmari lausnum fyrir heimilið, þar á meðal fyrir baðherbergið og þar hjálpum við. Þannig höfum við fjarlægt baðkör og sett sturtu í staðinn og gert allt aðgengi betra fyrir hjólastóla.“

Kristján segir framkvæmdir yfirleitt ganga fljótt fyrir sig. „Ef til stendur að breyta öllu taka breytingarnar að meðaltali um tvær vikur, svo hratt gengur þetta.“

**● HANDGERÐAR SÁPUR Á BAÐHERBERGIÐ** Sælusápur eru íslensk framleiðsla sem kemur frá bænum Lóni í Kelduhverfi. Hjónin Guðríður Baldvinsdóttir og Einar Ófeigur Björnsson stunda sauðfjárbúskap ásamt skóg- og byggrækt og stofnuðu fyrirtækið Sælusápur vorið 2008. Sápurnar eru handgerðar og unnar úr íslensku hráefni sem fengið er á staðnum, svo sem villtum jurtum eins og vallhumli og blóðbergi, lífrænt ræktuðu hunangi og mjólk úr þingeyskum kúm. Meðal tegunda má nefna Sveitasælu, Sjávarsælu, Heiðarsælu og Súkkulaðisælu en nánar má forvitnast um sápurnar sælu á vefsíðunni saelusapur.is






Til að aðskilja salernishluta baðherbergisins frá sturtuaðstöðu getur komið mjög vel út að nota mismunandi efni á vegginn, svo sem veggfóður og flísar.



Fallegt getur verið að blanda saman svörtum flísum við bláa tóna en litablöndur á 6. áratugnum voru oft þannig í litlum mósaíkflísum á baðherberginu. NORDICPHOTOS/GETTY



Bresk baðherbergi eru oft auðþekkjanleg á veggfóðri og blöndunartækjum.

# Troðfullt af hugmyndum

**Netið er gullnáma fyrir baðherbergisfrömuði sem langar að setja niður fyrir sér hvernig draumabaðherbergið þeirra eigi að líta út. Hér eru nokkrar gagnlegar vefsíður nefndar til sögunnar.**

Bobedre.dk, boligmagasinet.dk og elleinterior.se eru dæmi um síður þar sem baðherbergið er með sér svæði og yfirgripsmiklar upplýsingar og hugmyndir er að finna. Bæði ber þar mikið á skandinavískum baðherbergjum, sem eru oftar en ekki með stórum ljósum veggflötum, ljósum viði svo sem eik og hlýlegu yfirbragði og svo þyngri ítölskum og miðevrópskum baðherbergjum. Þá eru baðherbergin gjarnan flísalögð að stórum hluta, oft með glansandi og litríkum flísum, og blöndunartækjum sem ber mikið á. Önnur góð dönsk síða með stórum myndabanka fyrir baðherbergi er indretninginspiration.dk.

Rómantískar baðhugmyndir má finna í hundraða tali á bresku vefslóðinni housetohome.co.uk/galleries/bathroom.html. Eru þar mjög góðar hugmyndir um hvernig gera má upp gömul húsgögn til að nota undir handklæðin, eða sem vaskskápa og hvernig má geyma sápur, skrúbbsölt og þess háttar í glerkrukkum og öðru. Annar góður vefur fyrir hugmyndir að rómantískum fylgihlutum er danski vefurinn augustes.dk. Englendingarnir eru oft rómantískir og vefur BBC heldur úti sérstöku svæði þeim til „innblásturs“ sem hyggjast leggjast í baðframkvæmdir. Slóðin þar er www.bbc.co.uk/homes/design/design_inspiration.

Dwell.com er vefslóð amerísks tímaritsins dwell en þar má finna talsvert af greinum um baðherbergi en síðan einblínir einkum á klassíska hönnun. Alltaf er stór hópur sem er hrifinn af amerískum sveitastíl og fyrir þann hóp er kitchenbathideas.com með margar fallegar myndir og hugmyndir.

*-jma*



Kuðungur kemur alltaf jafnfallega út á baðherbergjum.

Hjá **Flísaverk.is** færðu alla þjónustu sem þú þarft fyrir **baðherbergið** ofl.

Gerum upp baðherbergið frá A–Ö



*Flísalagnir • Parketlagnir • Niðurrif • Förgun • Pípulagnir Rafmagn • Múrverk • Smíðavinna*

FLÍSAVERK.IS

Flísaverk • Sími 898-4990



**● REGLU KOMIÐ Á ÓREIÐUNA**

Baðherbergisskúffur enda oft sem nokkurs konar ruslakistur. Þangað ratar allt sem hvergi annars staðar á heima. Burstar blandast við teygjur, spennur, kremtúpur, snyrtivörur, plástra og allt sem nöfnum tjáir að nefna. Einkenni slíkra skúffa eru að ekkert finnst sem þó er vitað að leynist í húsgagninu.

Gott ráð við því er að fjárfesta í skilrúmum í skúffuna. Með því fær hver hlutur sitt pláss og auðveldara reynist að finna það sem leitað er að.



„Allir eru tilbúnir til að leggja sitt af mörkum til að mæta slæmu efnahagsástandi því það er víðar en á Íslandi," segir Kolbeinn er hann útskýrir lækkandi verð frá erlendum birgjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hlýir litir hafðir með köldum

**Ótvírætt hagræði er að því að velja og versla allt til baðherbergisins á sama stað. Það er auðvelt eftir að Álfaborg og Baðheimar sameinuðust á dögunum í Skútuvogi 6.**

Álfaborg hefur verið þekkt í aldarfjórðung fyrir flísar og gólfefni og er með elstu fyrirtækjum í þeim bransa. Árið 2007 keypti Álfaborg Baðheima og nú hafa fyrirtækin sameinast um sýningarsal. „Það er hagkvæmt fyrir viðskiptavininn að kaupa allt á sama stað, hann kemst yfirleitt að betri kjörum með stærri pökkum," segir Kolbeinn Össurarson, einn af eigendum Álfaborgar sem segir sameininguna bjóða upp á mikla möguleika. „Við vorum alltaf með lítils háttar af hreinlætistækjum og baðinnréttingum en erum komnir með miklu breiðara úrval," segir hann og sýnir nýja línu í akrýlbaðkörum, danskar Dansani-baðinnréttingar og Villeroy & Boch-hreinlætistæki sem hann segir sennilega þekktustu hreinlætistæki á Íslandi. Fyrir utan Gustavsberg, bendir blaðamaður á, en Kolbeinn upplýsir að um sömu samsteypu sé að ræða. „Við leggjum mikið upp úr því að versla eingöngu við viðurkennda birgja því það skiptir svo miklu máli að hreinlætistækin séu í lagi," segir hann ákveðinn.

Kolbeinn segir miklar byltingar hafa átt sér stað í hreinlætistækjabúnaði í góðærinu og erfitt sé að toppa það. „Við höldum áfram með ákveðna hluti sem hafa gefist vel og erum líka með ódýrari lausnir á sambærilegri vöru og við vorum með áður," segir hann og upplýsir að birgjar hafi orðið að lækka verð enda sé þess þörf eins og markaðurinn sé í dag. Hann nefnir sem dæmi nýjar og flottar flísar sem hafi verið að koma frá spænska fyrirtækinu Porcelanosa á hagstæðara verði en verið hefur. „Allir eru tilbúnir til að leggja sitt af mörkum til að mæta slæmu efnahagsástandi, því það er víðar en á Íslandi," segir hann.

Í flísunum eru alltaf að koma inn nýjungar að sögn Kolbeins. Þar eru tískusveiflurnar meiri en í baðinnréttingunum. „Nú voru til dæmis að koma inn nýjar flísar sem heita Velas Blanco. Þær eru mikið upphleyptar og flottar en þægilegar í þrifum þótt þær séu hrjúfar því það er háglansglerungur á þeim," lýsir Kolbeinn. Hann segir gráar flísar enn halda góðri stöðu á vinsældalistanum en kalda liti þó aðeins að víkja fyrir öðrum hlýrri, jafnvel sterkum litum sem settir séu á litla fleti. Nefnir sem dæmi sterkrauðan lit sem lífgi upp á og falli ágætlega í kramið. „Fólk er æ meira farið að leita að einhverju hlýju og notalegu til að hafa kringum sig."

Kolbeinn kveðst þeirrar gæfu aðnjótandi að eiga nóg á lager. Slíkt sé ekki sjálfgefið í dag. Þótt dregið hafi úr nýbyggingum á undanförnum misserum segir hann viðhaldsverkefni að aukast á móti. „Endurgreiðsla virðisaukaskatts á viðhaldsvinnu var jákvæð aðgerð og hún er að skila sér," segir hann. „Fólk er að hrista af sér slenið og byrja að laga til."

# Öryggi haft í öndvegi

Á baðherberginu geta leynst ýmsar hættur þegar börn eru annars vegar, en hægt er að fyrirbyggja þær með nokkrum einföldum ráðum.

Það er hægt að fá innbyggðan hitastilli með blöndunartækjum til að koma í veg fyrir að börn og aðrir á heimilinu geti brennt sig á of heitu vatni (vatn úr krönum ætti aldrei að vera heitara en sem nemur fjörutíu gráðum).

Hálkumottur eru sömuleiðis hentugar í baðkers- og sturtubotna þar sem þeir verða hálir þegar þeir blotna. Þá ættu foreldrar að verða sér úti um öryggislæsingar á klósettsetur, þar sem mörgum börnum þykir klósett spennandi græja og geyma klósettbursta þar sem þau ná ekki til.

Síðast en ekki síst ætti aldrei að skilja börn eftir eftirlitslaus þegar þau eru í baði.



Gott er að hafa skemil eða þess háttar á baðherberginu svo barnið fari ekki að príla eftir þeim hlutum sem það þarf að nota.

● **LEIKIÐ Á BAÐHERBERGINU** Baðferðir, sérstaklega í vel flísalögðum baðherbergjum, eru upplagðar til að nota í ærlegt sull með ungviði heimilisins.

Ýmiss konar leikföng, svo sem kútar, gúmmíendur, sundboltar og fleira sem jafnan eru bara notuð í sundlaugunum, getur verið gaman að leika sér með á baðherberginu og sápukúlur koma þar ekki síst sterkt inn. Hægt er að gera baðferðir að ævintýraleik með flösku af sápukúluvatni þar sem foreldrar leggjast á eitt með börnum sínum að láta kúlurnar fjúka um baðherbergið.

Sullið er streitulosandi og ekkert að því að busla og blása sápukúlur einn þótt engin séu börnin.













ÁLFABORG
Skútuvogi 6 | 104 Reykjavík | Sími 568 6755 | www.alfaborg.is



„Venjulegt baðherbergi endist í þrjátíu til fjörutíu ár,“ segir Grétar sem fengið hefur beiðnir um varahluti í svo gömul baðherbergi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Frá kolakötlum til upphengdra klósetta

**Byggingavöruverslunin Ísleifur Jónsson byggir á tæplega níutíu ára reynslu og telur Grétar Leifsson það vera eina helstu sérstöðu fyrirtækisins.**

„Við erum þrír bræður sem erum búnir að vera sjálfir í þessu í yfir tuttugu ár. Fyrirtækið Ísleifur Jónsson er stofnað af afa okkar,“ segir Grétar Leifsson, framkvæmdastjóri Ísleifs Jónssonar, og bætir við að fyrirtækið sé því mikið fjölskyldufyrirtæki.

„Við höfum alltaf lagt áherslu á að bjóða vandaða vöru og ekki bara vandaða vöru því við viljum líka leiðbeina fólki við að velja réttu vöruna og aðstoða alla leið,“ útskýrir Grétar. „Vegna sögunnar viljum við vera með góðar vörur til þess að halda okkar orðspori við.“

Grétar segir að fyrirtækið sé þekkt fyrir að vera með breiða línu af baðherbergisvörum. „Okkar styrkur er að við erum með allt, hreinlætis- og blöndunartæki, frárennsli, vatnið og hitann. Við erum kannski sú verslun sem í raun og veru leysir allt sem þarf í eitt baðherbergi,“ segir Grétar og bætir við að úrval verslunarinnar hafi breyst nokkuð í gegnum áratugina. „Þetta er náttúrulega alveg gjörbreytt því þá voru kolakatlar, pottofnar og þess háttar. Í gegnum tíðina höfum við selt allt sem þarf í vatn, hita og skolp.“

Inntur eftir breytingum á baðherbergjum á síðustu árum segir Grétar: „Núna vill fólk fá gólfhita í baðherbergið. Ef það er með sturtu þá vill það vera með svokallaða „walk-in“ sturtu, það er að segja, sturtan og baðgólfið er ein heild. Það er sjálfsagt mál að vera með handklæðaofn og upphengd klósett. Ég myndi segja að það séu alltaf fleiri og fleiri sem eru bara með sturtu frekar en baðkar,“ segir Grétar sem rekur ástæðuna til pottamenningarinnar. „Ef að hægir á pottamenningunni koma baðkerin aftur en sala á heitum pottum hefur minnkað stórlega.“

Grétar segist hafa tekið eftir því að fólk skipti út tækjum á baðherberginu áður en þau verða ónýt. „Bæði geta hlutirnir verið fallegri, auðveldari í notkun og hljóðlátari,“ útskýrir Grétar sem hefur þó tekið eftir kreppunni. „Fólk verður að undirbúa sig betur í dag og vera tímanlegra að panta vöruna því fyrirtæki liggja ekki með stóra lagera. Við höfum farið í ódýrari línur en notum samt enn þá gott efni.“

# Nýtt baðherbergi með naumari budduráðum

Á krepputímum er vel hægt að gera áhrifamiklar endurbætur á baðherberginu sem kosta lítið og mun minni fyrirhöfn en þegar ráðist er í að endurgera það frá grunni.

- Einfaldasta ráðið til að fríska upp á baðherbergi er að búa það nýjum handklæðum, mottum og sturtuhengi.
- Ný málning frískar alltaf með óvæntu litavali. Veljið liti sem tóna vel við flísar, hreinlætistæki og gólfefni.
- Stórir, rammalausir speglar stækka baðherbergi og gefa því nýjar víddir. Ef þú átt þegar þannig spegil en langar í tilbreytingu er upplagt að fá sér spegil í fallegum ramma.
- Skiptu um skrautmuni og breyttu uppröðun í hillum og á borðum baðherbergisins. Breyttu alveg um stíl eða skiptu um lit á sápupumpu, þvottakörfu og krúsum undir eyrnapinna, bómull og annað. Notaðu körfur undir klósettrúllur, þvottastykki og handklæði, og skreyttu baðherbergið með litríkum sápum og kertum sem gefa gömlu baðherbergi ferskan svip.



Kertaljós eru augnayndi ásamt því að hafa róandi áhrif og skapa rómantíska stemningu.






TECE:

DrainLine niðurfallsrennur



Tece niðurfallsrennurnar henta inn á öll baðherbergi, hvort sem er í nýjum húsum eða gömlum. Auðvelt að skipta á milli svæða þannig að það sé bæði þurr flötur og síðan blautur flötur. Meira rými inni á baðherbergjum þar sem ekki þarf plássfrekan sturtubotn.

- DrainLine fæst með 6 mismunandi stálristum og síðan ramma sem hægt er að flísaleggja.
- DrainLine rennurnar eru til í mismunandi lengdum, 700, 800, 900, 1000, 1200 og 1500mm.
- Einnig er hægt að sérpanta DrainLine vinkilrennur 900, 1000, 1200 og 1500mm.
- Rennurnar eru mjög grunnar. 90mm miðað við 0,65l/sek. 115mm miðað við 0,80l/sek.

TECE: Ideal STANDARD

Upphengt salerni með innbyggðum kassa

Tilboð 49.000



TRYGG GÆÐI VOTTAÐ GÆÐAEFNI

ÍSLEIFUR JÓNSSON Dragháls 14 - 16 110 Reykjavík Sími 4 12 12 00 Fax 4 12 12 01 www.isleifur.is

## Húsaviðhald

ÍSLANDS MÁLUN
ÞARF AÐ FARA HUGA AÐ VIÐHALDI Á HÚSINU?
ER KOMINN TÍMI Á AÐ MÁLA?
TÖKUM AÐ OKKUR :
Múrviðgerðir, flotun, múrhúðun, flísalagnir, úti, inni og þakmálun, spörtlun og fleira
Komum og gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu!
Elías Raben
Múrarameistari
S. 770 3686
eliasraben@gmail.com



Er verið að fara í framkvæmdir á viðhaldi hús eða lóðar. Snarverk ehf, er með öll tæki sem til þarf í það. Fjarlægum efni og komum með nýtt. Er með sambönd við góða smiði og pípulagningarmenn ef á þarf. Einnig er hægt að fara inná snarverk.is Uppl. í s. 863 1291.

RENNUR & NIÐURFÖLL

ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, Upppsetningar, Þakviðgerðir, Viðgerðar á Bárjárnsklæðningu og alla aðra Blikksmíðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.

LP VERK
SÍMI: 698 6738
Allar almennar húsaviðgerðir !!
Múrarar
Smiðir
Flísalagnir
Málarar
Rafvirkjar
Píparar
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu !
WWW.LP-VERK.IS

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Parketslípun & lökkun
Áratuga reynsla
Tilboð að kostnaðarlausu
Parketstöðin ehf
s. 848 0891 og 894 0891
VISA
Kortalán

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Gólflist
99% RYKFRÍTT

Viðhalds Verk ehf

### Húsaviðgerðir
Múrarar, málarar og smiðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Allt viðhald fasteigna. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

### Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315

### N & V Verktakar ehf
Flísar - parket - mála - múrarar - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

### Glerjun og gluggaviðgerðir
Lása og hurðaviðgerðir ásamt öðrum smíðaverkefnum. Glugga og hurðaþjónustan, S. 895 5511 smidi.is

## Stífluþjónusta

Stíflulosun
Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

## Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

Very good massage for men. Gsm. 690 9182.

Great whole body message S: 696 4399.

## Spádómar

Hanna S. 555 2927 visa/euro
Andleg leiðsögn
Fyrirbænir
Draumar
Tarot
Er við alla daga frá hádegi til miðnættis

Kærleiks-ljósið
Spámiðill, Tarot lestur og kristalkúla
VISA 566 7311 EURO

Láttu spá fyrir þér beint á netinu. www.spamidill.is

### 661 3839 - Símaspá
Tímapantanir frá kl. 13.00. Alla daga.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Önnur þjónusta

### Sjóstöng, Sjóstöng.
Bjóðum uppá sjóstangveiði frá Reykjavíkurhöfn. Sérferðir ehf S:892-0099.

## Til sölu

Gámahús



Eigum á lager ný og notuð gámahús á góðu verði.
Einnig flestar gerðir vörugáma.
Stólpi-Gámar ehf,
Klettagörðum 5 Reykjavík
S. 568 0100 & 841 2040




### stubbahus.is
Stubbahúsin f. utanhúss reykingar. 3 stærðir á vegg og standur. Pöntunars. 555 6200. stubbahus.is

## Skemmtanir

Cafe Catalina
Í kvöld spilar hljómsveitin
Feðgarnir
*Kíkjið á www.catalina.is*
Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin
FRÍTT inn fyrir konur..... og karla!
Boltinn í beinni!
Hádegismatur alla virka daga
Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166



### STUBBASTANDAR
bæði frístandandi og á vegg. STANDUR ehf. S: 842-2535.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

### Innrömmun
Óska eftir ýmsum tækjum til innrömmunar. Uppl í S. 893 9663 & 897 9225 & togs@internet.is

## Heimilistæki

### Þvottavélar, varahlutir.
Til sölu yfirfarnar þvottavélar. Tökum bilaðar upp í. Einnig mjög ódýrir VARAHLUTIR í þvottavélar. S. 847 5545.

## Hljóðfæri

Til sölu SONOR 505 (svipað og 507 í tónastöðinni)trommusett settið er 3 ára og skinn eru í góðu standi. Uppl í síma 8991250 Friðrik

## Til bygginga



### Harðviður til húsabygginga.
### Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun

BETRI NOTUÐ BARNAFÖT

Bergstaðastræti 13 OPIÐ 12-17 virka daga LAGERSALA Hnokka og Hnáta.

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

www.hairandbodyart.net
Slökunarnudd, Tælenskt herbal nudd, Tælenskt handa & fóta nudd, Snyrting, Indverkst höfuðnudd.
Pantanir í s. 551 2042 & 694 1275




### TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

### SPA - DREAM OASIS
### Fáðu kort og nudd frítt.
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

### NUDD - AFRICANA - NUDD JB HEILSULIND S. 445 5000
Algjör nautn, 2ja klukkustunda meðferð 9900.- kr. Nuddari frá Senegal. Tilb. f. 2 skrúbb, heitur pottur, nudd kr. 9900.- kr. Detox úthreinsun f. 2 kr. 9900.- margar teg. nudd. slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf, snyrting. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 4455000 JB Heilsulind Skúlagötu 40.

### NUDD
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## Námskeið

Námskeið í Hjartanærandi uppeldi hefst í dag kl 19:30. HNA er sérsamið fyrir börn með ADHD og aðrar hegðunarraskanir. 97% virkni. Hentar öllum börnum, unglingum og fullorðnum. Uppl. í s. 615 2161.

## Til sölu



EYJABERG

# FJÁRFESTING SEM STEINLIGGUR

StSt_100427-004

**Veldu hellur með graníthörku frá Steypustöðinni.**

- Graníthellur
- Falleg áferð
- Lengri ending
- Betri fjárfesting
- Góð vörn gegn nagladekkjum

Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

Hjá Steypustöðinni getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.

STEYPUSTÖÐIN
STERKARI LAUSNIR

HRINGHELLU 2 221 HAFNARFJÖRÐUR | HRÍSMÝRI 8 800 SELFOSS | MALARHÖFÐA 10 110 REYKJAVÍK | SÍMI 4 400 400 WWW.STEYPUSTODIN.IS

## Útboð

# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar:**

***Framkvæmdir við boltagerði á lóð Ölduselsskóla, Ölduseli 17.***

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á kr. 2.000 frá og með 12. maí 2010 í upp-lýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Opnun tilboða: 27. maí 2010 kl 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.

12420

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod.

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

## Húsgögn



Til sölu búslóð. Upplýsingar í síma 861 3785 eftir kl. 18.00.

## Dýrahald



Gullfallegur rubý cavalíer strákur,að-eins einn eftir. Heilbrigðisskoðaður, örmerktur og ættbókarfærður hjá HRFI. Báðir foreldrar hjartaskoðaðir og augn-skoðaðir. Tilbúinn til afhendingar. Uppl. í síma 696 3866, 466 3866 (Hanna) og 699 4954.



**Hreinræktaður Chihuahua**
Chihuahua hvolpur til sölu. Ættbókarfærður og örmerktur. Blíður hundur með frábært skap. Upplýsingar í síma 892 8778.



Golden retriever hvolpar til sölu fáir eftir. Tilbúnir til afhendingar sprautaðir, örmerktir og ættókafærðir hjá íshund-um Foreldrar innfluttur, í ekta Golden lit! www.123.is/madda S. 863 8596.

Til Sölu hreinr. Rottweiler rakki fæddur 16 mars 2010 heilsuf.skoðaður örm. bólus. uppl. s. 8494644

## Fyrir ferðamenn



Ert þú á leið á jökul? Höfum til leigu búnað til göngu á jökli. Belti, broddar, axir og karabínur. Leigist út saman eða í sitthvoru lagi. Gott verð. Nánari upp-lýsingar veita Magnús í síma 892-1679 , og Bragi í síma 896-7979.

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**

Falleg stúdíoíbúð við Austurbrún til langtímaleigu. Frábært útsýni, svalir, góð sameign. Langtímaleiga. Laus i byrjun júni. Skilvisi og reglusemi skil-yrði. S. 861 4499.

Einstaklingsíbúð í Vesturbergi , 111 RVK, laus strax. Stutt í bæði skóla, sund, strætó og aðra þjónustu. Gæludýr vel-komin. Uppl í 5571861 eða 8241861 eftir 16:00

Til leigu 95 fm. 4 herb. íbúð í Breiðholti. Laus strax. 125 þús. á mán. Hússjóður, hiti og rafmagn innifalið. Uppl. Gunnar, sími 6952589

Til leigu 4 herb. íbúð við Laugav. rúml. 100fm. Verð 120þ. Uppl. í síma 897 1488.

2 herb. íbúð í 108 Vogahv. fyrir reglus., reykl. og barnlaust par eða einstakl. 78 þ. Eldri en 26 ára. Uppl. í s. 898 7868 milli kl. 13-16.

Dvergabakki. 2.h. 4 herb. 80fm. M/ geymslu. V 115þ pr. m. Laus strax. S 863 8099.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Stúdíóíbúðir í hverfi 101. Til leigu. Uppl. í S. 866 7511.

Til leigu 2 herbergja íbúð svæði 104 í Reykjavík. Tveir mánuðir fyrirfram og meðmæli. Íbúðin er laus frá 15. maí. Upplýsingar í síma 840-4070.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 3 - 5 herbergja íbúð frá 1. júni núkomandi í síðasta lagi. Helst langtímaleigu. Uppl. í s. 8957601.

Til langtímaleigu 5.herb á 3.hæð í norð-ur bæ HFJ. Stutt í alla þjónustu. Uppl í S. 897 4458.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði. Stærðir frá 180 til 530 ferm S. 660 1060.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggis-myndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**Geymsluhúsnæði í Garðabæ.**
Getum bætt við vélsleðum, fjórhjólum eða öðru sambærilegu til geymslu í sumar - jafnvel búslóðum og stærri einingum. Uppl. Í síma: 661 3131/897 2000.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nótt-in fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

## Atvinna í boði

**Comfort Snyrtistofa**
Álfheimum 6,
óskar eftir Snyrtifræðingi /Nema
Umsóknir berist til
berglind@comfortsnyrtistofa.is

Þaulvanur starfskraftur óskast til starfa á bónstöð þarf að geta unnið sjálfstætt og hafa þekkingu á viðeigandi efnum og geta skrifið út nótur og tekið við kreditgreiðslum. Uppl. 662 5844 & 445 9090 e. kl. 12.

**Stýrimaður**
Stýrimann vantar á M-B Mörtu Ágústsdóttir frá Grindavík til netaveiða maí og júní. Uppl. í s. 894 2013.

Sölumaður óskast. Á sérhæfða sölu með ferðavagna í sumar. Þarf að vera vanur Henry forritinu og hafa einhverja þekkingu á ferðavögnum. Umsóknir sendist á: tjonusta@365.is merkt „Ferðavagnar"ásamt ferilsskrá.

Manneskju vantar í eldhús á veitinga-stað. Uppl í S. 866 7629.

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

## Einkamál

Stefnumót.is Vandaður og siðprúður vefur fyrir fólk sem langar í félagsskap, vinskap eða varanleg kynni. Vefurinn er gjaldfrjáls. Stefnumót.is.

Stefnumót.is Vandaður og siðprúður vefur fyrir fólk sem langar í félagsskap, vinskap eða varanleg kynni. Vefurinn er gjaldfrjáls. Stefnumót.is.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## Tilkynningar

# Boðnir eru fram eftirfarandi framboðslistar við borgarstjórnarkosningar í Reykjavík 29. maí nk.:

**B-listi Framsóknarflokksins**

1. Einar Skúlason
2. Valgerður Sveinsdóttir
3. Þuríður Bernódusdóttir
4. Zakaria Elías Anbari
5. Ingvar Mar Jónsson
6. Kristín Helga Magnúsdóttir
7. Einar Örn Ævarsson
8. Þórir Ingþórsson
9. Sigurjón Norberg Kjærnested
10. Anna Margrét Ólafsdóttir
11. Bryndís Guðmundsdóttir
12. Agnar Bragi Bragason
13. Ragna Óskarsdóttir
14. Brynjar Fransson
15. Hallur Magnússon
16. Reynir Þór Eggertsson
17. Jóhanna Hreiðarsdóttir
18. Gestur Guðjónsson
19. Fanný Gunnarsdóttir
20. Ásgeir Ingvi Jónsson
21. Þórunn Benný Birgisdóttir
22. Jón Sigurðsson
23. Ágústa Áróra Þórðardóttir
24. Stefán Vignir Skarphéðinsson
25. Steinunn Anna Baldvinsdóttir
26. Sigfús Ægir Árnason
27. Ásrún Kristjánsdóttir
28. Snorri Þorvaldsson
29. Sigrún Sturludóttir
30. Alfreð Þorsteinsson

**D-listi Sjálfstæðisflokksins**

1. Hanna Birna Kristjánsdóttir
2. Júlíus Vífill Ingvarsson
3. Kjartan Magnússon
4. Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
5. Gísli Marteinn Baldursson
6. Geir Sveinsson
7. Áslaug María Friðriksdóttir
8. Jórunn Ósk Frímannsdóttir Jensen
9. Hildur Sverrisdóttir
10. Marta Guðjónsdóttir
11. Björn Gíslason
12. Jón Karl Ólafsson
13. Rúna Malmquist
14. Árni Helgason
15. Sveinn Hlífar Skúlason
16. Ingibjörg Óðinsdóttir
17. Óskar Örn Guðbrandsson
18. Pawel Bartoszek
19. Jarþrúður Ásmundsdóttir
20. Þorbjörn Jón Jensson
21. Magnús Júlíusson
22. Nanna Kristín Tryggvadóttir
23. Helga Steffensen
24. Sindri Ástmarsson
25. Ragnhildur Pála Ófeigsdóttir
26. Brynhildur K. Andersen
27. Margrét Kristín Sigurðardóttir
28. Sigurbjörn Magnússon
29. Unnur Arngrímsdóttir
30. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

**E-listi Reykjavíkurframboðsins**

1. Baldvin Jónsson
2. Friðrik Hansen Guðmundsson
3. Haukur Nikulásson
4. Jóna Guðrún Guðmundsdóttir
5. Margrét Baldursdóttir
6. Hjalti Hjaltason
7. Jónína Melsteð
8. Guðmundur Óli Scheving
9. María Pétursdóttir
10. Örn Sigurðsson
11. Kolbrún Ingimarsdóttir
12. Sif Traustadóttir
13. Páll Arnar Hauksson
14. Dóra Pálsdóttir
15. Sigurður Kolbeinsson

**F-listi Frjálslynda flokksins**

1. Helga Þórðardóttir
2. Haraldur Baldursson
3. Þórarinn Gunnarsson
4. Björg Sigurðardóttir
5. Jóhann Gunnar Þórarinsson
6. Hannes Ingi Guðmundsson
7. Erna V. Ingólfsdóttir
8. Arndís Einarsdóttir
9. Gunnar Skúli Ármannsson
10. Sigrún Ástrós Reynisdóttir
11. Kristín Sigurðardóttir
12. Guðrún Helga Eggertsdóttir
13. Diana Rostan Viurrarena
14. Axel B. Björnsson
15. Guðrún Lilja Guðmundsdóttir
16. Björgvin E. Vídalín Arngrímsson
17. Jensína Edda Hermannsdóttir
18. Benedikt Heiðdal Þorbjörnsson
19. Sigurbjörg A. Guttormsdóttir
20. Álfhildur S. Jóhannsdóttir
21. Kolbeinn Már Guðjónsson
22. Antonía Sigsteinsdóttir
23. Matthildur Kristjánsdóttir
24. Fanney Halldórsdóttir
25. Ásgeir Erlendur Ásgeirsson
26. Hafsteinn A. Hafsteinsson
27. Hulda Eyjólfsdóttir
28. Elísabet Waclawsdóttir
29. Sigurður Sigurðsson
30. Pétur Bjarnason

**H-listi framboðs um heiðarleika og almannahagsmuni**

1. Ólafur F. Magnússon
2. Bryndís H. Torfadóttir
3. Katrín Corazon Surban
4. Kolbrún Kjartansdóttir
5. Einar Logi Einarsson
6. Kjartan Eggertsson
7. Gunnar H. Hjálmarsson
8. Jens K. Guðmundsson
9. Anna Katrín Ottesen
10. Anna Kristín Rosenberg
11. Linda Baldvinsdóttir
12. Egill Örn Jóhannesson
13. Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir
14. Ásdís Sigurðardóttir
15. Ólafur S. Ögmundsson
16. Heiða D. Liljudóttir
17. Reynir H. Gunnarsson
18. Daníel Ívar Jensson
19. Jónína María Hafsteinsdóttir
20. Eva Dögg Sveinsdóttir
21. Hafdís Kjartansdóttir
22. Ari Hjörvar
23. Anna Lára Karlsdóttir
24. Bjarndís H. Hönnudóttir
25. Eiður Guðjohnsen
26. Elísabet K. Magnúsdóttir
27. Erlingur Ellertsson
28. Anna Sigríður Valgarðsdóttir
29. Jón Ingimar Jónsson
30. Bergljót Halldórsdóttir

**S-listi Samfylkingarinnar**

1. Dagur B. Eggertsson
2. Oddný Sturludóttir
3. Björk Vilhelmsdóttir
4. Hjálmar Sveinsson
5. Bjarni Karlsson
6. Dofri Hermannsson
7. Sigrún Elsa Smáradóttir
8. Margrét K. Sverrisdóttir
9. Eva H. Baldursdóttir
10. Stefán Benediktsson
11. Arna Garðarsdóttir
12. Sverrir Bollason
13. Hanna Lára Steinsson
14. Bjarni Jónsson
15. Kristín Soffía Jónsdóttir
16. Hilmar Sigurðsson
17. Falasteen Abu Libdeh
18. Lárus R. Haraldsson
19. Hildur Hjörvar
20. Bjarni Þór Sigurðsson
21. Sólveig Arnarsdóttir
22. Ingi Bogi Bogason
23. Kristín Erna Arnardóttir
24. Kjartan Rolf Árnason
25. Torfi Tulinius
26. Ingibjörg Guðmundsdóttir
27. Ásgeir Beinteinsson
28. Valgerður Eiríksdóttir
29. Stefán Jóhann Stefánsson
30. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

**V-listi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs**

1. Sóley Tómasdóttir
2. Þorleifur Gunnlaugsson
3. Líf Magneudóttir
4. Elín Sigurðardóttir
5. Davíð Stefánsson
6. Hermann Valsson
7. Þorbjörg Eva Erlendsdóttir
8. Snærós Sindradóttir
9. Kristín Þorleifsdóttir
10. Vésteinn Valgarðsson
11. Birna Magnúsdóttir
12. Heimir Björn Janusarson
13. Sigríður Pétursdóttir
14. Þór Steinarsson
15. Claudia Overesch
16. Garðar Mýrdal
17. Drífa Baldursdóttir
18. Jóhann Björnsson
19. Sigurbjörg Gísladóttir
20. Friðrik Dagur Arnarson
21. Margrét Guðnadóttir
22. Þórir Ingvarsson
23. Hrefna Sigurjónsdóttir
24. Einar Gunnarsson
25. Áslaug Thorlacius
26. Sigursveinn Magnússon
27. Árni J. Bergmann
28. Guðrún Hallgrímsdóttir
29. Jónsteinn Haraldsson
30. Ólöf M. Ríkarðsdóttir

**Æ-listi Besta flokksins**

1. Jón Gnarr Kristinsson
2. Einar Örn Benediktsson
3. Óttarr Ólafur Proppé
4. Elsa Hrafnhildur Yeoman
5. Karl Sigurðsson
6. Eva Einarsdóttir
7. Páll Hjaltason
8. Margrét Kristín Blöndal
9. S. Björn Blöndal
10. Diljá Ámundadóttir
11. Gunnar Lárus Hjálmarsson
12. Margrét Vilhjálmsdóttir
13. Ágúst Már Garðarsson
14. Þorsteinn Guðmundsson
15. Erna Ástþórsdóttir
16. Hjördís Sjafnar Ingimundardóttir
17. Pétur Magnússon
18. Ágústa Eva Erlendsdóttir
19. Jörundur Ragnarsson
20. Haukur Jóhannsson
21. Dagur Kári Jónsson
22. Sigurður Eggertsson
23. Harpa Elísa Þórsdóttir
24. Barði Jóhannsson
25. Gunnar Hansson
26. Gaukur Úlfarsson
27. Þórarinn Hugleikur Dagsson
28. Guðmundur Andrés Erlingsson
29. Ragnar Hansson
30. Karl Berndsen



*Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,*

## Karl L. Frímannsson

fyrrum bóndi á Dvergsstöðum Eyjafjarðarsveit,

lést fimmtudaginn 6. maí. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 14. maí kl. 13.30

**Lilja Randversdóttir og synir.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Árni Magnús Bjarnason

áður til heimilis Álakvísl 96
nú að Öldugranda 3,

lést á Borgarspítalanum 10. maí. Jarðarförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 14. maí.

**Sveinn Árnason** **Sigurbjörg Guðjónsdóttir**
**Kristín Árnadóttir** **Stefán Melsteð**
**Ágúst V. Árnason** **Aðalheiður G. Hauksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

## Fríða Áslaug Sigurðardóttir

rithöfundur, Eyktarási 12, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 7. maí. Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 14. maí kl. 15.00.

**Gunnar Ásgeirsson,**
**Ásgeir Gunnarsson,** **Hugrún Rós Hauksdóttir,**
**Björn Sigurður Gunnarsson,** **Ragnheiður Lóa Björnsdóttir,**
**barnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, afi og sonur,*

## Skúli Karlsson

varð bráðkvaddur á heimili sínu sunnudaginn 9. maí.

**Bergrós Hauksdóttir**
**Ásdís Skúladóttir**
**Ingibjörg Sigríður Skúladóttir**
**Guðmundur Skúlason**
**Skúli Freyr Arnarsson**
**Karl Eiríksson**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Guðmunda Dagmar Sigurðardóttir

lést á Hjúkrunardeild Seljahlíðar 1. maí 2010. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sigríður Hjálmarsdóttir** **Jóhann Kristjánsson**
**Guðrún Hjálmarsdóttir** **Sigurður Ketilsson**
**Guðfinna Hjálmarsdóttir** **Þorvaldur Jóhannesson**
**Hörður Þór Hjálmarsson** **Ásdís Baldvinsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



*Elskulegi faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## J. Grétar Þorvaldsson

bifreiðastjóri, Stóragerði 38, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Grensáskirkju mánudaginn 17. maí kl. 11.00.

**Valdís Ósk Jónasdóttir** **Sigþór Magnússon**
**Þórir Karl Jónasson** **Guðrún Valtýsdóttir**
**Þorvaldur Jónasson** **Hafdís Inga Karlsdóttir**
**og afabörn.**



*Elskulegi eiginmaður minn, faðir, sonur og bróðir,*

## Gunnar Valdimarsson

Winnipeg, Kanada,

lést á heimili sínu sunnudaginn 9. maí. Útförin fer fram í Winnipeg, Kanada, laugardaginn 15. maí.

**Lorna Jakobson**
**Kári Gunnarsson**
**Benedikt Gunnarsson**
**Brynhildur Daisý Eggertsdóttir**
**Stefán Örn Valdimarsson** **Guðlaug Ósk Gísladóttir**



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma, langalangamma og systir,*

## Ingigerður Ástgeirsdóttir

Hæðargarði 32, Reykjavík,

lést á Vífilsstöðum 4. maí sl. Útför hennar fer fram frá Kálfholtskirkju laugardaginn 15. maí kl. 14.00

**Hörður Sigurðsson** **Þóra Ottósdóttir**
**Ottó Harðarson** **Birgitta Sæmundsdóttir**
**Guðni Kr. Harðarson**
**barnabarnabörn, barnabarnabarnabarn**
**og systkini.**



*Ástkær móðir okkar og amma,*

## Vilborg Andrésdóttir

Kleppsvegi 28, Reykjavík,

andaðist þriðjudaginn 27. apríl á LSH Fossvogi. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey.

**Ása Vilhelmsdóttir**
**Guðrún Vilhelmsdóttir**
**Hilmar Þór Sigurðsson**
**og barnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Hinrik Karl Aðalsteinsson,

Lindargötu 9, Siglufirði,

sem lést miðvikudaginn 5. maí á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar á Siglufirði, verður jarðsunginn frá Siglufjarðarkirkju fimmtudaginn 13. maí, uppstigningardag, kl. 15.00.

**Jón Aðalsteinn Hinriksson** **Anna Viðarsdóttir**
**Auður Helena Hinriksdóttir**
**Hinrik Karl Hinriksson** **Bylgja Rúna Aradóttir**



*Elskulegur mágur okkar og frændi,*

## Jón Jóhannesson

frá Leikskálum,

er lést aðfaranótt 6. maí, verður jarðsunginn frá Stóra-Vatnshornskirkju laugardaginn 15. maí kl. 15. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Dvalarheimilið Barmahlíð á Reykhólum eða Dvalarheimilið Silfurtún í Búðardal.

**Aðstandendur.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Markús Kristmundur Stefánsson

frá Arnarnúpi í Keldudal við Dýrafjörð
til heimilis að Fitjasmára 6 í Kópavogi,

lést á líknardeild Landakotsspítala 8. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 17. maí kl. 13.00.

**Hulda Jónsdóttir**
**Kristjana Markúsdóttir** **Jón Albert Sighvatsson**
**Ingibjörg E. Markúsdóttir** **Helgi Kristjánsson**
**Elín Erna Markúsdóttir** **Páll Gíslason**
**Auður Ásdís Markúsdóttir** **Viðar Einarsson**
**Stefán Markússon** **Guðlaug Arnórsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir vandamenn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

## Helga Sigríður Claessen

lést á Landspítalanum 5. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju 14. maí næstkomandi kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð sonar hennar, Hilmars Arnar Kolbeins, reikningur nr. 0582-14-400020, kt. 181076-5269.

**Helga Kristín Kolbeins** **Arnar G. Hjaltalín**
**Jóhann Emil Kolbeins** **Svandís A. Leósdóttir**
**Hilmar Örn Kolbeins**
**Ásgeir Helgi Hjaltalín** **Birita í Dali**
**Páll Þór Kolbeins**
**Guðbjörg Helga Kolbeins**



*Okkar ástkæri*

## Sigþór Ægisson

lést á sjúkrahúsi í Tokyo þann 6. maí síðastliðinn.

Útför hans fer fram að Ingjaldshólskirkju sunnudaginn 16. maí kl. 14.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Krabbameinsfélag Snæfellsness.

**Karina Caetano** **Fugita Ægisson**
**Ægir Þórðarson** **Guðbjörg Sigurbjörnsdóttir**
**Agnes Ægisdóttir**
**Linda Ýr Ægisdóttir**
**Þórður Vilhjálmsson**
**Páll Viðar Guðlaugsson**
**Brynjar Jökull Viðisson**
**Viktor Breki Pálsson**

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## GOTT VERÐ Í BÓNUS SAMA VÖRUVERÐ UM LAND ALLT



498 KR.KG

KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR



1598 KR.KG

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



598 KR.KG

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR



20% AFSLÁTTUR

K.F LAMBAKÓTILETTUR Í RASPI
MERKT VERÐ 1898 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR
**1519 kr.kg.**



30% AFSLÁTTUR

K.F FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALÆRI
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. **1398 kr.kg**



1298 KR. PK

ARIEL ÞVOTTAEFNI
*25 ÞVOTTAR*



30% AFSLÁTTUR

K.F LONDONLAMB 1.FL.
MERKT VERÐ 1998 KR.KG.
**1398 kr.kg.**



30% AFSLÁTTUR

K.S FROSIN LAMBASVIÐ
MERKT VERÐ 298 KR.KG **209 kr.kg.**



30% AFSLÁTTUR

K.F GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR VILLIKRYDDAÐAR
MERKT VERÐ 2220 KR.KG. **1554 kr.kg**



## VERÐLÆKKUN Á BLEIUM

Pampers Newborn 27 stk. **698 kr.**
Pampers Mini 43 stk. **1298 kr.**
Pampers Midi 64 stk **1998 kr.**
Pampers Maxi 56 stk. **1998 kr.**
Pampers Maxi plús 52 stk. **1998 kr.**
Pampers Junior 48 stk. **1998 kr.**

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT VERÐ Í BÓNUS SAMA VÖRUVERÐ UM LAND
998
KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI
2698
KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBAFILLET
OS GOUDA OSTUR MILDUR 26%
nú með 25% afslætti
972
KR.KG
Merkt verð 1296 kr.kg.
25% AFSLÁTTUR
FROSIÐ ÓKRYDDAÐ LAMBAKJÖT ER ÓDÝRARA
K.S FROSNAR LAMBA-SIRLOIN
998
KR.KG
Lamba-Sirloin eru sneiðar úr mjaðma hluta lambalærisins
BÓNUS
195
KR. STK
BÓNUS KORNBRAUÐ EITT KÍLÓ DUGAR Í 13 SAMLOKUR U.Þ.B. 15 KR. SAMLOKAN
129
KR.STK
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 385g
259
KR.STK
MYLLU JÓLAKAKA 420g
1398
KR.KG
K.S LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
1598
KR.KG
K.S LAMBAHRYGGUR Í SNEIÐUM
198
KR.PK
BÓNUS NÝBAKAÐ LANGLOKUR 4 STK
Hunt's
205
KR. FL
HUNTS BBQ SÓSUR 612g
HONEY MUSTARD & ORGINAL BBQ
398
KR. FL
CAJ-P ORGINAL
BBQ OLÍA 500ml
PEPSI
PEPSI MAX
Sprite
Sprite ZERO
179
KR. 2 LTR
139
KR.PK
BÓNUS XL- HAMBORGARA-BRAUÐ 4 STK
1359
KR.KG
KF FROSNIR UNGNAUTA-HAMBORGARAR 10 x 120G
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA

## Aðalfundur

Aðalfundur Samtaka lungnasjúklinga verður haldinn fimmtudaginn 27. maí 2010 kl. 20 í SíBS húsinu að Síðumúla 6 (gengið inn baka til).

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf, samkvæmt lögum samtakanna
Önnur mál.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Stjórnin.

SAMTÖK LUNGNASJÚKLINGA



**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytignu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Austurhöfn, TRH

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar vegna gatna- og stígatengsla á svæðinu milli Hafnarstrætis og Tónlistar og ráðstefnuhúss og niðurfellingar á byggingareitum. Byggingarreitir 3 og 4 sem sýndir eru á uppdrætti eru felldir niður, gata suð-austur af byggingarreit 6 verður felld niður og stofnstígur meðfram Kalkofnsvegi verður framlengdur út Geirsgötu en stofnstígur yfir torg TR út Austurbakka er felldur niður þar sem torgið í heild er m.a.ætlað gangandi og hjólandi vegfarendum.
Að- og frákeyrsla í bílahús í Tryggvagötu verður færð í Pósthússtræti. Tryggvagata austur af Pósthússtræti verður einbreið en var áður tvíbreið að inn- og útkeyrslu bílahúss. Stærð skipulagsreits breytist lítillega og stækkar um u.þ.b.1.700 m2 vegna niðurfellingar göngubrúar og bílastæða austast í Tryggvagötu.
Tillögur að verulegum breytingum á hönnun þessara svæða skulu lagðar fyrir skipulagsráð til samþykktar og staðfestingar í borgarráði sem breytingar á deiliskipulagi.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 12. maí 2010 til og með 24. júní 2010**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 24. júní 2010. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 12. maí 2010
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071


# Brú yfir boðaföllin

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**

Ég hef bakað mér ómældar óvinsældir í spænska þorpinu Zújar með þjóðrembu minni. Sýknt og heilagt er ég að benda bæjarbúum á gæði lands og þjóðar minnar. Lengst af voru menn tilbúnir að humma þetta fram af sér en steininn tók úr fyrir nokkrum vikum þegar ég fór með Heilræðavísur Hallgríms Pétursonar og skoraði á kráargesti á Ake Carlos-barnum að finna spænskt ljóð sem færi fegurra í munni. Síðan þá hef ég verið svo til vinalaus í þorpinu.



**EITT** hefur mér þó verið bent á sem Spánverjar hafa fram yfir okkur Íslendinga, og nú þegar nýtt Ísland liggur á teikniborðinu sé ég mig knúinn til að stinga þessu að landanum.

**ALLIR** þekkja vonbrigðin sem fylgja því þegar frídagur, eins og 1. maí eða sjálfur þjóðhátíðardagurinn, kemur upp á laugardegi eða sunnudegi. Það er eins og að borga fyrir aðalrétt og eftirrétt en fá síðan eftirréttinn maukaðan ofan í aðalréttinn.

**SPÆNSK** alþýða hefur séð við þessu með svokallaðri brú eða puente. Brúin virkar þannig að 1. maí er færður til mánudags þó svo að almanakið mæli svo um að hann komi upp á sunnudegi. Þannig verður enginn svikinn. Þar sem menn eru á annað borð farnir að sveigja almanakið til þá láta þeir heldur ekki undir höfuð leggjast að gefa mönnum frí á föstudegi ef frídagur kemur upp á fimmtudegi. Það kæmi íslenskri alþýðu aldeilis vel en 17. júní ber einmitt upp á fimmtudegi í ár. 101-liðið gæti jafnvel skroppið austur fyrir Elliðaár.

**EINHVERJIR** kynnu að malda í móinn og segja að með þessu móti myndu vinnuafköstin minnka til muna. Hins vegar felast í því tækifæri fyrir ríkið sem hingað til hefur reynt að halda aftur af sjómönnum með sóknardögum og sífellt minni kvóta. Því ekki að sýna stjórnkænsku á nýja Íslandi og halda mönnum við gleðskap í stað þess að láta menn horfa í gaupnir sér meðan beðið er eftir nýju kvótaári? Nú er til dæmis komið upp ástand á Grundarfirði þar sem útgerðarmenn eru í brýnni þörf fyrir frídaga til að treina kvótann.

**AFKASTASEMI** var líka helsti mikil í öðrum geirum á gamla Íslandi. Hver veit nema að við gætum um frjálst höfuð strokið ef okkar stórtækustu fjármálamenn hefðu unnið aðeins minna. Þar hefði brúin líklega getað orðið brú yfir boðaföllin.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Alain Mikli í Linsunni

Einstök sýning á gleraugum og sólgleraugum frá Alain Mikli í dag
Frábær ný hönnun og fallegir litir

Komdu – Mátaðu – Upplifðu

LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055

alain mikli ™ ®

# menning

menning@frettabladid.is

**! ath. kl. 14 í Listaháskólanum í Laugarnesi.**

*„Ljósmyndin sem sjálfstæður miðill í myndlist" kallast sýning í Kubbnum. Nemendur á fyrsta og öðru ári í myndlistardeild hafa unnið með ljósmyndina út frá mismunandi nálgun. Opið virka daga frá kl. 9.00 - kl. 16.00.*

## Jóhann Friðgeir leiðir Bústaðamenn

Vortónleikar Kórs Bústaðakirkju verða í kvöld kl. 20. Kórinn hefur undir stjórn Jónasar Þóris safnað saman stórum hóp listamanna og kalla þeir Bústaðamenn dagskrána Frægustu athafnalögin. Með kórnum kemur fram fimmtán manna hljómsveit og hópur einsöngvara: Margrét Einarsdóttir, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Nathalia Druzin, Gréta Hergilsdóttir, Margrét Helga og Jóhann Friðgeir svo nokkrir séu nefndir.

Efnisskráin er sótt vítt og breitt: Vivaldi, Handel og Bach, óperujöfrar á borð við Mozart, Verdi og Mascagni, sitja á bekk með meisturum hins alþýðlega söngleiks, Lloyd Webber, Gershwin og þeirra Rodgers og Hammerstein, auk nokkurra ítalskra laga eftir tónsmiði á borð við Dalla, Morricone og Quarantotto.

Hér er því í boði dagskrá sem ætti að gleðja vini söngsins og þá sem skemmra eru komnir.



**TÓNLIST** Jóhann Friðgeir ásamt þeim Grétu Hergils, Jónasi Þóri Þórissyni og Hjörleifi Valssyni.

**> Ekki missa af…**

Sýningin Klippt og skorið – um skegg og rakstur opnuð í Horninu á 2. hæð í Þjóðminjasafni Íslands á morgun. Á sýningunni má sjá ýmislegt tengt skeggi karlmanna og hvernig þetta karlmennskutákn hefur tekið mið af tísku og tíðaranda.

# Lagt í Hellisbúatúr

Leikferðir um landið voru í eina tíð fastur passi í leikhúslífi þjóðarinnar. Lagt var úr bænum um leið og vegir voru færir og leikið stundum í hverju einasta samkomuhúsi sem tók leikmynd og var með bærilegum ljósabúnaði. En nú er það liðin tíð. Því kemur gleðilega á óvart að í gær hófst miðasala á leikför um landið með gamanleikinn Hellisbúann sem verið hefur á fjölum Óperunnar í vetur. Hafa þá um 20 þúsund séð sýninguna sunnan og norðan heiða. Rúnar Freyr Gíslason leikstýrði og Sigurjón Kjartansson sá um að þýða og staðfæra.

Vegna fjölda áskorana hefur nú verið ákveðið að fara í túr um landið. Hellisbúinn verður á ferðinni 5.-19. júní og heimsækir sex bæjarfélög.

**Dagskráin er svona:**

**5. júní:** Bíóhöllin, Akranesi
**10. júní:** Klif, Ólafsvík
**11. júní:** Félagsheimilið, Búðardal
**12. júní:** Edinborgarhúsið, Ísafirði
**18. júní:** Valaskjálf, Egilsstöðum
**19. júní:** Valhöll, Eskifirði

Aðeins er um eina sýningu að ræða í hverju bæ og því takmarkað magn miða í boði. Miðasalan hófst í gær á Miði.is.

Jóhannes Haukur Jóhannesson er Hellisbúinn: Hann segir þá verða tvo í för og þetta sé allt í lágmarkinu. Vel komi til greina að bæta við stöðum ef áhugi sé á: því farið þið ekki til Eyja, spyrjum við. „Það hefur komið til tals," segir hann, „Þá er það bíóið eða íþróttahöllin." Eða brekkan á þjóðhátíð, segjum við. **- pbb**



**LEIKLIST** Hellisbúaspaug Jóhannesar Hauks fer brátt um landið.

# CARMINA MEÐ TÓNLEIKA Í LANDAKOTI UM HELGINA

**Kammerkórinn Carmina leggur nú lokahönd á efnisskrá sem hann flytur í Kristskirkju í Landakoti um helgina. Kórinn setti Árni Heimir Ingólfsson á stofn og hefur Carmina uppskorið mikið hrós hjá vönduðum erlendum tónlistartímaritum fyrir flutning sinn á tónlist fyrri alda en á því sviði starfar kórinn fyrst og fremst. Þannig voru menn á breska tónlistarblaðinu Gramophone yfir sig hrifnir af geisladisk kórsins, Melódíu.**



**TÓNLIST** Kammerkórinn Carmina er með þéttskipaða dagskrá og gefur brátt út nýjan disk með íslenskri tónlist úr Hymnodíu-handritinu. MYND CARMINA

Kammerkórinn Carmina var stofnaður árið 2004 og er eini tónlistarhópur sinnar tegundar á Íslandi sem sérhæfir sig í flutningi á tónlist endurreisnartímans. Meðlimir hópsins koma víða að, eru ýmist búsettir á Íslandi, í Lundúnum eða Kaupmannahöfn. Allir eru þeir bæði sjálfstætt sem tónlistarmenn og með öðrum kórum. Á undanförnum árum hefur Carmina einbeitt sér að því að flytja og hljóðrita tónlist úr íslenskum nótnahandritum sem lengi höfðu legið í þagnargildi, en auk þess hefur hópurinn frumflutt á Íslandi fjölda meistaraverka frá 15. og 16. öld. Á efnisskránni í Kristskirkju er til að mynda að finna þrjú tónverk sem ekki hafa heyrst áður hér á landi.

Árni segir kórinn hafa það hlutverk í tónlistarlífi landsins að syngja tónlist sem annars rata sjaldan á tónleikaprógrömm: „Ef litið er yfir tónlistarsviðið má segja að tónlistarsagan byrji með Bach í kringum aldamótin 1700 og nái til dagsins í dag, sem gerir um þrjú hundruð ár. Okkar áhersla spannar ríflega tvær aldir þarna á undan, og við reynum markvisst að láta okkar efnisskrár ekki skarast við það sem aðrir hérlendir kórar og sönghópar fást við. Við teljum einfaldlega mikilvægt að Íslendingar fái tækifæri til að upplifa þá ómótstæðilegu töfra sem tónlist endurreisnartímans býr yfir. Þetta er eitt af gullaldarskeiðum listasögunnar og það gildir jafnt um tónlistina eins og aðrar listgreinar."

Á tónleikunum í Kristskirkju á laugardag og sunnudag eru nokkrar helstu perlur endurreisnartónlistarinnar og eiga verkin það flest sameiginlegt að vera samin Maríu guðsmóður til dýrðar. Meðal þeirra má nefna hið víðfræga Ave Maria eftir Josquin des Prez, sem hefur verið kallað „Mona Lisa endurreisnartónlistarinnar". Einnig eru á efnisskránni Maríusöngvar eftir Morales, Victoria og Dunstable, auk tveggja söngva úr íslenskum handritum frá 16. og 17. öld. Þá verða flutt tvö magnþrungin verk við Harmljóð Jeremía, eftir Thomas Tallis og Orlando di Lasso, þar sem leikið er á margvíslega strengi tilfinninganna.

Það er fjölmargt spennandi á döfinni hjá Carminu og ljóst að hróður hópsins hefur borist víða. Fyrir utan tónleikana á Listahátíð mun kórinn koma fram á tónlistarhátíðinni Við Djúpið á Ísafirði í júní, og á hátíðinni Wege Durch das Land í Þýskalandi í júlí. Þar syngur Carmina í hinu sögufræga Dalheim-klaustri í Lichtenau, þar sem Nikulás Bergþórsson ábóti á Munkaþverá gisti á leið sinni til Rómar um miðja 12. öld. Einnig er væntanlegur á markað nýr hljómdiskur þar sem Carmina flytur lög úr íslenska handritinu Hymnodia sacra, sem ritað var árið 1742.

Stjórnandi á tónleikunum í Kristskirkju er Árni Heimir en þeir eru kl. 16 báða dagana og er miðasala á midi.is og í miðasölu Listahátíðar á Bernhöftstorfunni. **- pbb**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 12. maí 2010**

**➜ Tónleikar**

**20.00** **Kammerkór Hafnarfjarðar** og kór Öldutúnsskóla halda tónleika í Hafnarfjarðarkirkju við Strandgötu. Einnig koma fram Ágúst Ólafsson baritón, Leó Snæfeld Pálsson kórsópran, Sophie Marie Schoonjans hörpuleikari, Hlín Erlendsdóttir fiðluleikari og **Guðmundur Sigurðsson orgelleikari.**

**20.00** **Kvennakórinn Vox** feminae heldur tónleika í Íslensku óperunni við Ingólfsstræti. Sérstakir gestir tónleikanna verða Sigrún Hjálmtýsdóttir, félagar úr Karlakórnum Fóstbræðrum og **Stúlknakór Reykjavíkur.** Nánari upplýsingar á www. midi.is.

**20.30** Opnunartónleikar Listahátíðar 2010 með **Amadou & Mariam** í Laugardalshöllinni. Retro Stefson sér um upphitun. Nánari upplýsingar á **www.midi.is.**

**22.00** Hljómsveitirnar Króna, Bárujárn og Míri halda tónleika á **Sódóma Reykjavík** við Tryggvagötu. Dj Biggi Maus þeytir skífum eftir tónleikana. Húsið verður opnað kl. 21.

**➜ Opnanir**

**14.00** Nemendur á fyrsta og öðru ári myndlistardeildar Listaháskólans opna sýningu í Kubbnum, sýningarými myndlistadeildar við Laugarnesveg. **Opið fimmtudag og föstudag kl. 09-16.**

**➜ Fyrirlestrar**

**12.10** Hönnuðurinn **Sruli Recht** verður með fyrirlestur í Opna Listaháskólanum við Skipholt 1 (st. 113). Fyrirlesturinn fer fram á ensku. Nánari upplýsingar á **www.lhi.is.**

**12.10** **Dr Astrid E.J. Ogilvie** flytur erindi um eldsumbrot og áhrif á umhverfi, loftslag og samfélag á Íslandi í aldanna rás. Fyrirlesturinn fer fram hjá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar í andyri Borga við Norðurslóð á Akureyri. Nánari upplýsingar á www.svs.is.

**➜ Málstofa**

**15.00** Málstofa um rannsóknir á launamun kynjanna verður haldin í fundarsal Seðlabankans að Sölvhóli. Erindi flytja Margrét Kristín Indriðadóttir og Eyjólfur Sigurðsson. Nánari upplýsingar á **www.sedlabanki.is.**

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**




# TAKTU SKREFIÐ



# SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

- umsóknarfrestur til 1. júní

## NÁMSBRAUTIR SEM HEFJAST Í HAUST:

Einnig í fjarnámi **LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI**

**GÆÐASTJÓRNUN**

**MATSFRÆÐI**

**PEDAGOGISTA**

**HUGVERKARÉTTUR**

**ÞVERFRÆÐILEGT NÁM Í KYNFRÆÐI**

**VERKEFNASTJÓRNUN – LEIÐTOGAÞJÁLFUN**

Umsagnir fyrrum nemenda:

„Eitt það besta við nám í Endurmenntun er að einungis er tekið fyrir eitt fag í einu og það klárað áður en næsta fag hefst. Ekki skemmir að andinn hjá Endurmenntun er frábær hvort sem er hjá nemendum eða starfsmönnum sem maður þarf að leita til."

**Laufey Sigurðardóttir, útskrifuð úr Gæðastjórnun**

„Námið fór langt fram úr mínum væntingum. Kennarar voru í fremstu röð íslenskra fræðimanna og mátti glögglega sjá að þar var valið af kostgæfni."

**Íris Sveinsdóttir, útskrifuð úr Leiðsögunámi á háskólastigi**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar: sími 525 4444
endurmenntun.is



20% afsláttu
öllum útivista
Útivistarfatnaður
frá North Face, Cintamani,
Zo-on o.fl.
Gönguskór
frá Meindl, SCARPA,
Trezeta o.fl.
Svefnpokar
frá North Face,
High Peak o.fl.
Bakpokar
frá Deuter o.fl.
Gríptu tækifærið
og græjaðu þig
fyrir ferðir sumarsins!
Gildir til sunnudags
ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 50309 05/10
HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500


r af
arvörum
Tjöld
frá North Face,
High Peak o.fl.
Primusar, dýnur
og margt fleira.

ÚTILÍF

# Fólk

folk@frettabladid.is

## > HÁVÆRT HEIMILI

Leikkonan Cate Blanchett, sem fer með eitt aðalhlutverkið í kvikmyndinni Robin Hood á þrjá syni, þá Dashiell, Roman og Ignatius. Hún lýsir heimilishaldinu sem mjög háværu en segir gaman að vera eina konan á heimilinu. „Það er hávært. Mjög hávært. Afskaplega hávært.“



# Ósanngjörn Pink

Söngkonan Pink segist hafa verið ósanngjörn og kvikindisleg við eiginmann sinn í gegnum tíðina. „Ég er mjög dramatísk og hér áður fyrr var ég mjög kvikindisleg. Einn dag kom Carey til mín eftir rifrildi og sagði við mig: Það særir mig þegar þú kallar mig ljótum nöfnum. Viltu vera svo væn að hætta því.“ Og ég sagði við hann á móti: Takk fyrir að deila tilfinningum þínum með mér. Núna reyni ég að vera sanngjörn þegar við rífumst,“ sagði söngkonan sem kynntist motocross-ökumanninum árið 2001 þegar hann lék í tónlistarmyndbandi hennar. Íslandsvinurinn Pink bað hans fjórum árum síðar með því að halda uppi spjaldi sem á stóð „Viltu giftast mér?“ þegar Hart ók fram hjá henni í motocross keppni. Parið gifti sig stuttu seinna en þau skildu svo aðeins tveimur árum síðar.
Söngkonan sagði í viðtali við Ophru að hún hafi loks lært að reyna ekki að breyta eiginmanni sínum heldur elska hann eins og hann er.
„Ég hef líka lært að farsælt hjónaband krefst mikillar vinnu. Nú reyni ég að vinna bæði í sjálfri mér og hjónabandinu,“ sagði hún í sjónvarpsþættinum.



**GRIMM** Pink segist hafa verið kvikindisleg við eiginmann sinn þegar þau rifust. NORDICPHOTOS/GETTY


SANYL ÞAKRENNUR



- RYÐGA EKKI
- PASSA Í GÖMLU RENNUJÁRNIN
- STANDAST ÍSLENSKT VEÐURFAR
- AUÐVELDAR Í UPPSETNINGU
- ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755


# Guðný bloggar um danstónlist

Guðný Svava Gestsdóttir heldur úti tónlistarbloggi undir nafninu Missy Melody og hefur skrifað undir því nafni í rúmt ár. Á blogginu fjallar Guðný Svava um flestar stefnur innan danstónlistar og segir hún slíkt blogg lengi hafa vantað hér á landi.

„Mér fannst vanta blogg þar sem fjallað væri um þessa tegund af tónlist. Ég hlusta á Beatport allan daginn í vinnunni og það getur verið erfitt að finna góða hluti því það er svo mikið framboð af danstónlist í dag. Ég vel bara þau lög sem mér finnst góð og set það inn á bloggið mitt, ég er í raun ekki að gagnrýna tónlist því ég fjalla einfaldlega ekki um tónlist sem mér þykir leiðinleg.“ Guðný Svava hefur starfað sem plötusnúður frá árinu 1994 en segist þó lítið hafa sinnt spilamennskunni undanfarin ár þar sem hún sé orðin móðir og segir það ekki fara sérstaklega vel við lífsstíl plötusnúðs.

Að eigin sögn byrjaði hún upphaflega að blogga til að geta sjálf haldið betur utan um alla þá tónlist sem hún fann á netinu. „Ég hef verið að gera árslista fyrir ýmsa útvarpsþætti í mörg ár og fannst þetta kjörin leið til að halda utan um alla tónlistina sem ég hlustaði á yfir árið. Svo vatt þetta bara upp á sig.“

Guðný Svava skrifar allar færslurnar á ensku en segir það ekki vefjast fyrir sér. „Ég skrifaði fyrst á íslensku en fékk svo mikið af bréfum frá fólki sem var að biðja mig um að þýða færslurnar fyrir sig yfir á ensku og þá ákvað ég bara að svissa yfir. Ég held að það séu um hundrað og fimmtíu manns sem heimsækja síðuna daglega núna sem er ánægjulegt.“

Þeim sem vilja fylgjast með skrifum Guðnýjar Svövu er bent á vefsíðurnar www.missymelody.blogcentral.is og www.rvkunderground.com/missy-melody. -sm



**BLOGGAR UM TÓNLIST** Guðný Svava Gestsdóttir heldur úti bloggi þar sem hún fjallar um danstónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Syngja dúett í Beðmálum

**Söngkonurnar Jennifer Hudson og Leona Lewis hafa sent frá sér lagið Love is Your Colour þar sem þær syngja dúett. Lagið verður að finna í kvikmyndinni Sex and the City 2 sem er væntanleg í kvikmyndahús í sumar. Hudson átti lag í fyrri myndinni og kemur því ekki á óvart að hún endurtaki leikinn í framhaldinu. Lewis er aftur á móti nýliði þegar Beðmálin í borginni eru annars vegar. Hún hefur áður átt lög í myndunum Avatar og Previous. Þær Carrie, Samantha, Charlotte og Miranda verða sem fyrr í sviðsljósinu í Sex and the City 2 og auðvitað kemur Mr. Big líka við sögu.**



**LEONA LEWIS**


ENNEMM / SÍA / NM42162



# Katy Perry veltir Megan Fox úr sessi

**Karlatímaritið Maxim hefur birt lista yfir 100 heitustu konur heims. Söngkonan Katy Perry er í efsta listans og skýtur mörgum föngulegum fljóðum ref fyrir fagurmótaðan rass. Fyrirsætan Brooklyn Decker er í öðru sæti og Avatar-stjarnan Zoe Saldana í því þriðja.**



**FASTAGESTUR** Jessica Alba er fastagestur á listum sem þessum, en nær aðeins 34. sæti að þessu sinni.



**ALLTAF FLOTT** Scarlett Johansson er ekki dóttir Jóhanns Risa, en nær engu að síður 14. sæti listans.



**BLAÐURSKJÓÐA** Gossip Girl-stjarnan Blake Lively er í fjórða sæti listans og vel að heiðrinum því komin.



**KYNÞOKKAFULL** Söngkonan Rihanna hefur verið dugleg að sýna á sér nýjar hliðar undanfarið og nær sjötta sæti listans.



**HEIT MAMMA** Christina Aguilera kemur sterk inn á listann í 18. sæti. Hún eignaðist nýlega son og er að gefa út plötu. Dugnaður!



**HEITUST** Katy Perry er heitasta kona heims að mati tímaritsins Maxim. Megan Fox var í efsta sæti í fyrra en þarf nú að sætta sig við fimmta sæti.



**HEITARI EN PARIS** Kim Kardashian er í níunda sæti, en Paris Hilton, vinkona hennar, kemst ekki inn á listann að þessu sinni.



**DAMON ALBARN** Damon Albarn og félagar í Blur hafa lofað nýrri plötu.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Blur lofar nýrri plötu

**Þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar ætlar breska hljómsveitin Blur að taka upp nýja plötu. Stutt er síðan sveitin gaf út lagið Fool´s Day á sjö tommu til að fagna plötubúðadeginum í Bretlandi. „Ég ætla pottþétt að taka upp fleiri sjö tommur og einhvern tímann í framtíðinni kemur út plata,“ sagði söngvarinn Damon Albarn. „Það er enginn þrýstingur sem fylgir þessu og ég er ánægður með það. Bara að fara í hljóðverið og taka upp á einum degi höfum við ekki gert síðan við tókum upp B-hliðarnar í gamla daga.“ Sjö ár eru liðin síðan síðasta plata Blur, Think Tank, kom út.**



NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus










SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | 4, 7 og 10(POWER) | 12 |
| BACK-UP PLAN | 8 og 10.10 | L |
| IRON MAN 2 | 5, 7.30 og 10 | 12 |
| NANNY MCPHEE & BIG BANG | 5.40 | L |

SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD kl. 5D - 8D - 10:50D (Power kl.10:50D) | | 12 |
| ROBIN HOOD kl. 5 - 8 - 10:50 (Power sýning kl.10:50) | | VIP |
| IRON MAN 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| COPS OUT | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| KICK ASS | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 10:20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8:10 | 12 |

já - er svarið NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| COPS OUT | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | 14 |
| IRON MAN 2 | kl. 5:40D - 8:10D - 10:45D | 12 |
| KICK ASS | kl. 8:10 - 10:40 | 14 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl 8 - 10:30 | 12 |
| KICK ASS | kl 8 - 10:10 | 14 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 8 - 10:50 (Power sýning kl.10:50) | 12 |
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | kl. 8 | 12 |
| IRON MAN 2 | kl. 10:10 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 5 - 8 - 11 | 12 |
| ROBIN HOOD LÚXUS | kl. 5 - 8 - 11 | 12 |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| IRON MAN 2 | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 | 10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| IMAGINARIUM OF DR. P.... | kl. 8 - 10.15 íslenskur texti | 12 |
| UN PROPHÉTE | kl. 6 - 9 enskur texti | 16 |
| FANTASTIC MR. FOX | kl. 6 íslenskur texti | L |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 6 - 7.30 - 9 - 10.30 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 6 - 9 | 12 |
| CRAZY HEART | kl. 5.30 - 10.30 | L |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |




**SPYRJA UM TINNA** Sveinn H. Guðmarsson og Þórarinn B. Þórarinsson stjórna Tinna-spurningakeppni á Rosenberg í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# KOMINN TÍMI Á TINNA-KEPPNI

**Fjölmiðlamennirnir Sveinn H. Guðmarsson og Þórarinn B. Þórarinsson stjórna pöbba-spurningakeppni á Rosenberg í dag þar sem myndasöguhetjan Tinni verður í aðalhlutverki. Efnt er til keppninnar í tilefni af endurútgáfu Tinna-bókanna.**

„Svo ég tali fyrir sjálfan mig hef ég alltaf haft gaman af Tinna. Ég hef verið í spurningakeppnum í gegnum tíðina og samið spurningar og ég hef iðulega laumað inn einni eða tveimur Tinna-spurningum. Þannig að það var kominn tími á að smella í eina keppni,“ segir Sveinn H. Guðmarsson, útvarpsmaður á Rás 2. Hann stjórnar Tinna-spurningakeppni á Rosenberg í dag klukkan 17.

Þeir félagar munu spyrja á þriðja tug Tinna-spurninga í dag og verða þær úr öllum áttum. Þrátt fyrir að vera mikill aðdáandi Tinna vill Sveinn ekki meina að hann sé fróðastur manna um þennan belgíska blaðasnáp. „Ég held að það séu menn þarna úti sem eru fróðari en ég um Tinna. Það verður gaman að sjá þá vonandi.“

En hvað er svona skemmtilegt við Tinna-bækurnar? „Í fyrsta lagi eru þær ofboðslega fyndnar og þýðingar Lofts Guðmundssonar eiga þó nokkurn þátt í því. Þetta eru líka vitsmunalegar bækur sem koma inn á alvöru málefni eins og stjórnmál, framandi heima og kynþáttahyggju,“ segir Sveinn. „Ekki það að maður eigi að fá alla sína heimssýn úr Tinna-bókunum en ég held að maður geti lært eitthvað af þeim umfram það sem kemur fram í öðrum teiknimyndasögum.“

Spurningakeppnin hefst klukkan 17 og eru kvenkyns aðdáendur Tinna sérstaklega hvattir til þátttöku. **freyr@frettabladid.is**

# Sudden með sjö tommu

**Hljómsveitin Sudden Weather Change hefur sent frá sér lagið The Whaler sem er tekið af samnefndri sjö tommu smáskífu sem er væntanleg í verslanir. Auk The Whaler verður lagið The Thin Liner á skífunni. Strákarnir huga að frekari útgáfum síðar á árinu, þar á meðal plötu þar sem þeir deila fjórum lögum með hljómsveitinni Reykjavík! Sudden Weather Change fer einnig í hljóðver með Ben Frost í sumar og tekur upp nokkur lög. Strákarnir eru á leiðinni í stutta Evrópuferð í lok maí. Til að afla fjár fyrir ferðalagið halda þeir tónleika á Venue 21. maí. Quadruplos, Tamarin/(Gunslinger) og Reykjavík! koma einnig fram.**



**STÓR NIKULÁS** Myndin virðist vera vinsæl meðal Íslendinga því hún sló Avatar og Bjarnfreðarsyni við í DVD-sölu hjá Skífunni.

# Nikulás litli vinsæll

Franska fjölskyldumyndin Nikulás litli sló öllum að óvörum í gegn á franskri kvikmyndahátíð fyrir skemmstu. Nýverið kom myndin út á DVD hjá Græna ljósinu og það var ekki sökum að spyrja; Litli Nikulás sló við stórmyndum á borð við Avatar og Bjarnfreðarsyni í sölu hjá verslunum Skífunnar, að sögn Íseifs B. Þórhallssonar hjá Græna ljósinu. „Til samanburðar má nefna að alls sáu um 120 þúsund Íslendingar Avatar í bíó en Bjarnfreðarson fékk sjötíu þúsund áhorfendur. Það voru sex þúsund gestir sem borguðu sig inn á Litla Nikulás,“ segir Ísleifur og bætir því við að þessar sölutölur hafi komið honum skemmtilega á óvart. „Ísland er öruggléga eina landið í heiminum þar sem þessi mynd slær svona risum við.“ **- fgg**

VIÐ LOKUM SKÍFUNNI LAUGAVEGI!

40%




AFSLÁTTUR AF ÖLLU!

ALLT Á AÐ SELJAST!

Opið alla daga 12 - 18.

Athugið! Gildir aðeins í Skífunni Laugavegi 26

SKÍFAN LAUGAVEGUR 26



Fangaðu heiminn með Canon EOS
Frábær saga snýst um uppgötvun.
Fyrir byrjendur í ljósmyndun og áhugaljósmyndara eru Canon EOS myndavélar frábær valkostur.
Eins og allar Canon EOS DSLR myndavélar þá eru EOS 1000D og EOS 450D með CMOS sensor og búa yfir tækni sem er fengin úr atvinnumannavélum Canon. Flottar myndavélar á góðu verði.
EOS 500D og EOS 550D eru fyrir þá sem vilja fanga söguna með allt að 18 megapixla kyrrmyndum og Full HD vídeó.
EOS 50D og EOS 7D eru framúrskarandi myndavélar fyrir íþrótta- og náttúrulífsljósmyndara en þær taka allt að 18 megapixla kyrrmyndir á allt að 8 römmum á sekúndu. Einnig möguleiki á Full HD vídeó.
Farðu lengra með Canon EOS. Yfirgripsmesta stafræna SLR kerfið í heiminum; útskiptanlegar linsur og aukahlutir sem tryggja sveigjanleika. Þrautreynt af atvinnu og áhugaljósmyndurum. Uppáhald ljósmyndara um allan heim.
EOS
Taktu meira en myndir.
Taktu sögur.
Nánari upplýsingar á www.canon.nyherji.is
Vertu aðdáandi Canon á Íslandi á Facebook
Ljósm. RAX
Canon
Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt
ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar / Reykjavík Sense Center, Kringlunni - Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - ELKO Lindum & Skeifunni - Beco, Langholtsvegi 84 - Myndval, Mjódd - Fotoval, Skipholti 50b / Akureyri Pedromyndir - A4 / Húsavík Bókaverslun Þórarins / Ísafjörður Bókahornið - Penninn / Sauðárkrókur Tengill - Kaupfélag Skagfirðinga / Blönduós Kjalfell / Hvammstangi Ráðbarður / Grundarfjörður Hrannarbúðin / Stykkishólmur Skipavík / Borgarnes Omnis / Akranes Omnis / Reykjanesbær Omnis / Selfoss TRS / Höfn í Hornafirði Martölvan / Neskaupstaður Tónspil / Egilsstaðir Myndsmiðjan / Vestmannaeyjar Foto - Tölvun / Netverslun Nýherja, www.netverslun.is

**30 DAGAR Í HM**

**Englendingurinn** Geoff Hurst er eini leikmaðurinn sem hefur náð því að skora þrennu í úrslitaleik HM. Hurst skoraði þrjú mörk í 4-2 sigri Englands á Vestur-Þýskalandi í framlengdum úrslitaleik á Wembley 1966. Annað mark Hurst í leiknum sem fór í slána og niður á línu er eitt umdeildasta mark knattspyrnusögunnar en það kom Englandi í 3-2 í framlengingunni.



**sport**

sport@frettabladid.is

PEPSI-DEILD KARLA: FYLKIR VANN FYRSTA ÚRVALSDEILDARLEIKINN Á SELFOSSI

# *Verðum að vera fljótir að læra í þessari deild*

Það var þjóðhátíðarstemning á Selfossi í gær er Selfoss lék sinn fyrsta leik í úrvalsdeild karla í knattspyrnu. Þrátt fyrir frábæran stuðning áhorfenda og metmætingu á völlinn þá tókst Selfyssingum ekki að næla í fyrstu stigin því Fylkir vann leikinn, 1-3.

„Ég er aldrei sáttur við að tapa leik. Það var algjör óþarfi að sofna þarna tímabundið í upphafi síðari hálfleiks og gefa þeim þessi mörk," sagði Guðmundur Benediktsson, þjálfari Selfoss.

„Svona er þetta bara en við erum að læra og menn læra af þessum leik. Við verðum samt að vera mjög fljótir að læra í þessari deild. Það var samt ýmislegt jákvætt í þessu enda menn að leggja sig fram og reyna. Það voru sjö eða átta leikmenn að spila sinn fyrsta leik í efstu deild og eðlilega nokkur sviðsskrekkur í mönnum."

Fyrri hluti fyrri hálfleiks var nokkuð sprækur hjá heimamönnum en slagkraftinn vantaði í sóknarleik þeirra. Smám saman náði Fylkir yfirhöndinni og hefði átt að leiða í hálfleik en leikmenn nýttu ekki fín færi.



Fylkir fékk aftur á móti óskabyrjun í síðari hálfleik og skoraði snemma. Eftir það kom meiri ró yfir liðið og það var með leikinn algjörlega í höndum sér. Sævar minnkaði muninn í 1-2 en Selfoss hafði ekki nægt sóknarafl til þess að skora annað mark. Fylkir skoraði svo lokamarkið og vann sanngjarnt.

„Ég er að mörgu leyti sáttur við okkar leik. Það var svolítið stress á okkur og leikmenn ekki alveg nógu öruggir á boltanum. Eftir að við skorum fannst mér koma sjálfstraust í liðið. Við sköpuðum okkur fullt af færum í leiknum og það var ánægjulegt að skora þrjú mörk en þau hefðu hæglega getað orðið fleiri," sagði Ólafur Þórðarson, þjálfari Fylkis, sáttur eftir leikinn.

„Við ákváðum að vera þolinmóðir í leikhléi, halda áfram að gera okkar hluti því þá vissum við að mörkin myndu koma sem þau og gerðu," sagði Ólafur en hann gefur Selfoss-liðinu ágætiseinkunn. „Það kemur enginn hingað og sækir auðveld stig. Þetta lið á eftir að gera öðrum liðum skráveifu."

**- hbg**

**Breiðablik 0-1 Keflavík**

Kópavogsvöllur, áhorf.: 1.680 — Þorvaldur Árnason (7)

*0-1 Alen Sutej (36.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–18 (4–10) |
| Varin skot | Ingvar Þór 8 – Ómar 4 |
| Horn | 4–9 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9–14 |
| Rangstöður | 5–1 |

| BREIÐABL. 4–5–1 | | KEFLAVÍK 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Ingvar Þór Kale | 7 | Ómar Jóhannsson | 6 |
| Arnór Sveinn Aðalst. | 5 | Guðjón Á. Antoníuss. | 6 |
| (89. Elvar Páll S. | -) | Haraldur F. Guðm. | 6 |
| Kári Ársælsson | 5 | Bjarni Hólm Aðalst. | 6 |
| Elfar Freyr Helgason | 5 | Alen Sutej | 8 |
| Kristinn Jónsson | 5 | Magnús Þorsteinss. | 6 |
| Olgeir Sigurgeirsson | 4 | Hólmar Örn Rúnarss. | 6 |
| (64. Haukur Baldv. | 6) | ***Paul McShane** | **8** |
| Guðm. Kristjánsson | 5 | (87. Brynjar Guðm. | -) |
| Finnur Orri Margeirss. | 4 | Magnús Þ. Matthíass. | 7 |
| (73. Andri Yeoman | -) | (90. Ómar Karl Sig. | -) |
| Kristinn Steindórss. | 4 | Guðm. Steinarsson | 6 |
| Alfreð Finnbogason | 4 | (46. Jóhann Guðm. | 6) |
| Guðm. Pétursson | 6 | Hörður Sveinsson | 4 |

**Maður leiksins*

# Áhrif Willum augljós á Keflvíkingum

**Keflvíkingar hófu Pepsi-deildina á 1-0 sigri á Blikum í Kópavogi í gær. Skynsamur leikur og gott skipulag landaði sanngjörnum sigri en öruggur var hann þó aldrei þar sem annað markið kom aldrei.**

**FÓTBOLTI** Keflvíkingar byrja vel undir stjórn Willums Þórs Þórssonar en þeir unnu sanngjarnan 1-0 sigur á bikarmeisturum Blika á Kópavogsvellinum í gærkvöldi. Vinstri bakvörðurinn Alen Sutej var einn hættulegasti sóknarmaður leiksins og skoraði sigurmarkið. Markið hans kom í annars jöfnum fyrri hálfleik en í þeim síðari voru gestirnir úr Keflavík miklu hættulegri og sigurinn var því sanngjarn. Það má segja að áhrif Willums séu strax sjáanleg á Keflavíkurliðinu.

„Ég var mjög sáttur við spilamennskuna og mér fannst við vinna mjög vel sem liðsheild. Við vorum mjög agaðari í allri vinnu. Á móti Breiðabliki getur þú ekki vonað að þeir nái ekki sinni spilamennsku því þú verður bara að ná að loka á þetta hjá þeim. Við unnum vel í því og vorum mjög skipulagðir í því," sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Keflavíkur, eftir leikinn.

„Við náum inn marki og það hjálpar okkur. Í seinni hálfleik komum við mjög skarpir og einbeittir til leiks og sköpuðum fullt af færum. Við vorum þá með mjög flottar og gagnvirkar sóknir þar sem Ingvar Þór Kale kom í veg fyrir það að við bættum við marki," sagði Willum Þór og það er hægt að taka undir það. Keflvíkingar náðu samt ekki að bæta við marki og Willum Þór var því aldrei öruggur með sigurinn. „Auðvitað hefði mér liðið betur ef við hefðum náð að bæta við marki tvö vegna þessa að maður veit að Blikaliðið er alltaf líklegra til að refsa. Við vorum samt mjög agaðir og skipulagðir og gáfum ekki færi á okkur með Ómar traustan í markinu. Ég get ekki verið annað en mjög ánægður með liðið," sagði Willum Þór.

Keflvíkingar spiluðu skynsamlega og voru skeinuhættir þegar þeir unnu boltann. Paul McShane var allt í öllu og liðið leitaði mikið að Guðmundi Steinarssyni sem var í frjálsu hlutverki fyrir aftan framherjann. Alen Sutej skoraði sigurmarkið með skalla eftir stutta hornspyrnu og sendingu Guðmundar Steinarssonar. Blikar áttu ágæta spretti framan af en liðinu gekk mjög illa að klára sóknirnar á síðasta þriðjungnum.

Keflvíkingar voru miklu grimmari í upphafi seinni hálfleiks. Jóhann Birnir Guðmundsson leysti Guðmund Steinarsson af í hálfleik og var mjög ógnandi frá fyrstu mínútu. Ingvar Þór Kale bjargaði Blikum í þrígang á fimm mínútna kafla í upphafi seinni hálfleiks og að auki björguðu varnarmenn Blika á marklínu frá Alen Sutej sem var mjög ógnandi í föstu leikatriðunum. Blikar náðu upp smá pressu í lokin en ógnuðu þó aldrei marki Keflavíkur að einhverju ráði.

Blikarnir töpuðu þarna þriðja leiknum á rúmri viku og hlutirnir eru ekki að falla alveg með þeim þessa dagana.

„Þetta eru tvö jöfn lið og tvö lið sem hafa háð marga hildi á síðustu árin og spilað marga fjöruga leiki. Þegar Kristján Guðmundsson þjálfaði Keflavíkurliðið var boðið upp í tangó en tangó var það ekki í dag. Fínt var það ekki. Ég held að Keflvíkingunum sé alveg sama því þeir fara burtu með þrjú stig. Mér fannst örla á taugaspennu hjá mínum leikmönnum að spila fyrsta leikinn og á heimavelli. Keflvíkingarnir fóru betur út úr því dæmi en við. Ég lít á sem svo að þetta hafi verið frumsýningarskjálfti og ég vona það," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks.

**ooj@frettabladid.is**



**GÓÐUR ÚTISIGUR** Haraldur Freyr Guðmundsson í baráttunni við Guðmund Pétursson, leikmann Breiðabliks, í gær. Haraldur og félagar í Keflavík sóttu þrjú góð stig í Kópavoginn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GUÐMUNDUR KRISTJÁNSSON** Rekur hér boltann í leik Breiðabliks og Keflavíkur í gær en Jóhann B. Guðmundsson fylgist með honum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Fram 2-0 ÍBV**

Laugardalsvöllur, áhorf.: 750 — Jóhannes Valgeirss. (8)

*1-0 Tómas Leifsson (4.)*
*2-0 Ívar Björnsson (56.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14–11 (7–4) |
| Varin skot | Hannes 4 – Albert 5 |
| Horn | 4–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–11 |
| Rangstöður | 4–1 |

| FRAM 4–3–3 | | ÍBV 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Hannes Þór Halld. | 7 | Albert Sævarsson | 4 |
| Daði Guðmundsson | 7 | Eiður Aron Sigurbj. | 5 |
| Kristján Hauksson | 6 | Andri Ólafsson | 6 |
| Jón Guðni Fjóluson | 6 | Yngvi Borgþórsson | 6 |
| Sam Tillen | 6 | Matt Garner | 5 |
| Halldór H. Jónsson | 6 | Finnur Ólafsson | 5 |
| Jón G. Eysteinsson | 6 | Tony Mawejje | 5 |
| Almarr Ormarsson | 5 | (58. Gauti Þorvarðar. | 6) |
| Ívar Björnsson | 7 | Tryggvi Guðmundss. | 5 |
| (80. Hlynur Atli | -) | (68. Anton Bjarnas. | 6) |
| ***Tómas Leifsson** | **8** | Eyþór H. Birgisson | 4 |
| (66. Joe Tillen | 5) | (76. Hjálmar Viðarss. | -) |
| Hjálmar Þórarinsson | 5 | Þórarinn Valdimarss. | 6 |
| (88. Guðm. Magn. | -) | Denis Sytnik | 7 |

**Maður leiksins*

Framarar unnu verðskuldaðan sigur á Eyjamönnum á Laugardalsvellinum í gærkvöldi:

# Vorbragur á báðum liðum í Laugardalnum

**FÓTBOLTI** Það gekk brösuglega hjá liði ÍBV að koma sér til Reykjavíkur í gær þar sem Eyjafjallajökull heldur áfram að setja strik í reikninginn. Með hjálp einkaflugmanna tókst þeim þó að komast í bæinn. Liðið reið hins vegar ekki feitum hesti frá viðureign sinni gegn Fram. Mikill vorbragur var á spilamennsku Eyjamanna og feilsendingar þeirra fleiri en góðu hófi gegnir.

Framarar voru með góð tök á leiknum og komust yfir með sérkennilegu marki. Tómas Leifsson fékk óskabyrjun í bláa búningnum og setti boltann yfir Albert Sævarsson, líklega ætlaði Tómas að gefa boltann fyrir en sendingin breyttist í prýðilegt skot.

Þetta reyndist eina markið í fyrri hálfleiknum en í þeim síðari bætti Ívar Björnsson við öðru marki. Eftir það var þetta í raun aldrei spurning þótt gestirnir hafi átt nokkrar ágætar skottilraunir. Úrslitin 2-0 fyrir Fram.

Framarar hafa ekkert breyst í spilamennsku frá því í fyrra og halda áfram að virka vel saman sem vél undir stjórn Þorvaldar Örlygssonar. Liðið þurfti ekki neina skínandi spilamennsku til að vinna mótherja sína í gær. Ef þetta er það sem koma skal frá Eyjamönnum er ansi erfitt sumar í vændum hjá þeim. Tryggvi Guðmundsson var alls ekki að finna sig og munar þar um minna, enginn var til að draga vagninn hjá gestunum.

Úkraínski sóknarmaðurinn Denis Sytnik var ljósasti punkturinn hjá ÍBV en þar fer greinilega hæfileikaríkur leikmaður. Hann náði að skapa talsverðan usla en er þó ákaflega einfættur og var það aðeins að há honum.

Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, vildi ekki tala um að vorbragur hefði verið á leiknum. „Menn sjá lélegar og góðar bíómyndir en mér fannst leikurinn nokkuð góður. En menn voru nokkuð þungir að koma inn á grasið. Það er allavega gott að byrja á sigri og það gefur manni von varðandi framhaldið," sagði Þorvaldur eftir leik.

**- egm**



**ALBERT SÆVARSSON** Mátti sækja knöttinn tvívegis í mark ÍBV í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**Selfoss 1-3 Fylkir**

Selfossvöllur, áhorf.: 1.412 — Magnús Þórisson (7)

*0-1 Ólafur Ingi Stígsson (47.)*
*0-2 Pape Mamadou Faye (56.)*
*1-2 Sævar Þór Gíslason (69.)*
*1-3 Jóhann Þórhallsson (90.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–17 (2–9) |
| Varin skot | Jóhann Ólafur 7 – Fjalar 1 |
| Horn | 3–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–7 |
| Rangstöður | 2–3 |

| **SELFOSS** 4–3–3 | | **FYLKIR** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Jóhann Ólafur S. | 7 | Fjalar Þorgeirsson | 5 |
| Andri Freyr Björnss. | 4 | Andrés Már Jóh. | 6 |
| (87. Ingólfur Þórarinss. | -) | Kristján Valdimarss. | 7 |
| Agnar Bragi Magn. | 5 | Einar Pétursson | 7 |
| Stefán R. Guðlaugss. | 5 | Tómas Þorsteinsson | 7 |
| Kjartan Sigurðsson | 4 | Valur F. Gíslason | 6 |
| Jón Guðbrandsson | 6 | Ólafur Stígsson | 7 |
| (64. Ingi Rafn Ingib. | 5) | (72. Ásgeir Ö. Arnþ. | -) |
| Henning Jónasson | 5 | Ásgeir Börkur Ásg. | 6 |
| Guðm. Þórarinsson | 5 | ***Ingimundur Níels** | **7** |
| Davíð Birgisson | 3 | Pape M. Faye | 5 |
| (64. Ingi Rafn Ingib. | 4) | (64. Jóhann Þórh. | 7) |
| Jón Daði Böðvarss. | 3 | Albert B. Ingason | 6 |
| Sævar Þór Gíslason | 7 | (87. Þór Hannesson | -) |

**Maður leiksins*

## ÚRSLIT

*Pepsi-deild karla*

*1. umferð:*

**Stjarnan - Grindavík 4-0**

1-0 Halldór Orri Björnsson, víti (3.), 2-0 Halldór Orri Björnsson (64.), 3-0 Steinþór Freyr Þorsteinsson (76.), 4-0 Jóhann Laxdal (84.).
Rauð spjöld: Auðun Helgason (2.) og Gilles Mbang Ondo (86.), Grindavík.
*Maður leiksins: Steinþór Freyr Þorsteinsson, Stj.*

| | |
|---|---|
| Breiðablik - Keflavík | 0-1 |
| KR - Haukar | 2-2 |
| Selfoss - Fylkir | 1-3 |
| Fram - ÍBV | 2-0 |
| Valur - FH | 2-2 |

# Haukar sóttu mikilvægt stig til KR

**Haukar gerðu sér lítið fyrir og náðu 2-2 jafntefli gegn KR á útivelli í gær eftir að hafa lent 2-0 undir. KR varð spáð titlinum fyrir mótið en Haukum falli. „Það er bjart fram undan hjá okkur," sagði þjálfari Hauka.**

**FÓTBOLTI** KR og Haukar skildu jöfn, 2-2, er liðin áttust við í fyrstu umferð Pepsi-deildar karla í gær. KR-ingar voru með yfirhöndina nánast allan leikinn en þegar leiða tók á leikinn fóru gestirnir að sækja í sig veðrið. Haukar minnkuðu muninn þegar um tíu mínútur voru eftir og skoruðu svo jöfnunarmarkið mikilvæga þegar tvær mínútur voru eftir af venjulegum leiktíma. Björgólfur Takefusa og Guðjón Baldvinsson skoruðu mörk heimamanna en þeir Úlfar Hrafn Pálsson og Pétur Ásbjörn Sæmundsson sáu um mörkin mikilvægu fyrir gestina.

„Þetta var mjög ljúft og ég er virkilega sáttur. Ég er ánægður með það að við erum með nýjan hóp og ég veit að það býr karakter í mörgum af þessum strákum en þegar maður er búinn að hrista þetta svona saman þá veit maður ekki alveg hvað kemur út. En mér sýnist það eftir þennan leik að það er bjart fram undan hjá okkur," sagði Andri Marteinsson, þjálfari Hauka, eftir leikinn í gær en hann gat brosað eftir frábæran viðsnúning Hauka. Lið hans leit ekki vel út í fyrri hálfleiknum en allt annað var að sjá til þeirra í þeim seinni. Andri segist ekki hafa öskrað úr þeim hræðsluna heldur rætt málin rólega og farið yfir hlutina.

„Minn stíll er nú ekki að sparka í hurðir og annað. Við töluðum bara saman um að yfirstíga þennan þröskuld sem þessi yfirspenningur var að valda.

Við virkuðum þungir en ég veit að þessir strákar geta spilað fótbolta og þeir geta það þegar þeir hafa trú á því sjálfir," bætti Andri við en hann nefndi hversu magnað væri að ná að koma til baka eftir að hafa lent 2-0 undir og jafna á móti einu af sterkustu liðunum í deildinni.

„Ég veit ekki hvort margir geri sér grein fyrir því en að klífa þennan þröskuld var gríðarlega erfitt. Þú ert í Vesturbænum, þungur völlur, fyrsti leikur og margir leikmenn að spila sinn fyrsta leik í þessari deild. Það er bara frábært að ná í þetta stig og ánægður með góða frammistöðu leikmanna," sagði Andri sáttur í leikslok. **- rog**



**GERÐU GÓÐA FERÐ Í VESTURBÆINN** Haukamaðurinn Kristján Ómar Björnsson hefur betur í skallaeinvígi við KR-ing í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**KR 2-2 Haukar**

KR-völlur, áhorf.: 2.112 — Þóroddur Hjaltalín (7)

*1-0 Björgólfur Takefusa (16.)*
*2-0 Guðjón Baldvinsson (31.)*
*2-1 Úlfar Hrafn Pálsson (78.)*
*2-2 Pétur Ásbjörn Sæmundsson (88.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 23–7 (14–6) |
| Varin skot | Moldsked 3 – Daði 8 |
| Horn | 15–0 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–10 |
| Rangstöður | 4–1 |

| **KR** 4–4–2 | | **HAUKAR** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Lars Ivar Moldsked | 4 | Daði Lárusson | 5 |
| Skúli Jón Friðgeirss. | 5 | Kristján Ó. Björnsson | 5 |
| Baldur Sigurðsson | 6 | Þórhallur Dan Jóh. | 5 |
| Mark Rutgers | 5 | (23. Gunnar Ásg. | 5) |
| Jordao Diogo | 5 | Guðm. Viðar Mete | 5 |
| Bjarni Guðjónsson | 7 | Guðjón L. Pétursson | 6 |
| Viktor Bjarki Arnarss. | 5 | Hilmar T. Arnarsson | 5 |
| Óskar Örn Hauksson | 7 | Hilmar G. Eiðsson | 5 |
| (73. Guðm. Reynir | -) | (62. Hilmar Rafn E. | 5) |
| ***Gunnar Örn Jónss.** | **7** | Pétur Sæmundsson | 7 |
| (84. Gunnar Kristj. | -) | Sam Mantom | 6 |
| Guðjón Baldvinsson | 6 | Kristján Óli Sigurðss. | 4 |
| (62. Kjartan Henry | 5) | (70. Úlfar H. Pálsson | -) |
| Björgólfur Takefusa | 6 | Arnar Gunnlaugsson | 5 |

**Maður leiksins*





**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur hrundið af stað atvinnuátaki í samvinnu við stofnanir ráðuneytisins; AVS rannsóknasjóð, Fiskistofu, Framleiðnisjóð landbúnaðarins, Hafrannsóknastofnunina, Matís ohf. og Veiðimálastofnun.**

Miðað er við að Verkefnasjóður sjávarútvegsins veiti fé til stofnananna til að ráða sumarfólk til verkefna sem falla undir verkefnasvið sjóðsins, en Verkefnasjóður sjávarútvegsins veitir styrki til rannsókna, nýsköpunar og eftirlits á sviði sjávarútvegs. Framleiðnisjóður landbúnaðarins mun einnig verja fé til verkefnisins til að fjölga sumarstörfum í tengslum við landbúnað.

Áætlað er að verkefnin verði unnin bæði á Reykjavíkursvæðinu og á landsbyggðinni og að hvert starf standi í u.þ.b. tvo mánuði.

**AVS rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs - allt að 25 styrkir**

Í boði eru allt að 25 styrkir til fjölbreyttra, afmarkaðra verkefna sem eiga að auka verðmæti sjávarfangs og/eða efla starfsemi fyrirtækja í sjávarútvegi og tengdum greinum.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu sjóðsins www.avs.is

**Framleiðnisjóður landbúnaðarins - allt að 15 styrkir**

Í boði eru allt að 15 styrkir tengdir landbúnaði.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu sjóðsins www.fl.is

**Matís ohf. - allt að 15 sumarstörf**

Í boði eru allt að 15 störf sem öll koma að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Störfin verða unnin víða um land af fólki á mismunandi fagsviðum.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Matís ohf. www.matis.is

**Fiskistofa - allt að 5 sumarstörf**

Í boði eru allt að 5 fjölbreytt störf, m.a. tengd eftirliti, fiskeldi, veiðum, vinnslu, verkferla- og skýrslugerð o.m.fl.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Fiskistofu www.fiskistofa.is

**Hafrannsóknastofnunin - allt að 12 sumarstörf**

Í boði eru allt að 12 sumarstörf af fjölbreyttu tagi, m.a. við sýnasöfnun og úrvinnslu, stafræna ljósmyndun botnþörunga, svifdýragreiningar o.fl.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Hafrannsóknastofnunarinnar www.hafro.is

**Veiðimálastofnun - allt að 5 sumarstörf**

Í boði eru allt að 5 fjölbreytt störf sem varða ýmsa þætti í starfsemi stofnunarinnar og sem unnin verða bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Veiðimálastofnunar www.veidimal.is

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur þannig ákveðið að bregðast við miklum skorti á sumarstörfum og skapa, í samvinnu við stofnanir sínar, allt að 70 sumarstörf um land allt sem kalla á fjölbreytilegan bakgrunn á verkefnasviði ráðuneytisins. Öll störfin henta jafnt konum sem körlum.

MYNDUNARAFL / SLR

## > Phil McGraw

„Stundum tökum við rétta ákvörðun. Stundum þegar við tökum ranga ákvörðun fáum við tækifæri á að breyta henni og það getur verið jafnvel betra því þá lærum við af mistökunum í leiðinni."

***Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál í spjallþætti sínum sem Skjár einn sýnir alla virka daga.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON HORFIR Á BESTA ÞÁTTINN Í ÍSLENSKU SJÓNVARPI

# *Ógeðslegur prinsippmaður*

Þættirnir Curb Your Enthusiasm eru ofarlega á lista yfir besta sjónvarpsefnið sem er í boði í dag. Larry David er í fáránlega góðu formi í sjöundu þáttaröðinni sem Stöð 2 sýnir um þessar mundir. Eins fyndinn og Larry er þá er hann vafalaust einn ógeðslegasti maður sjónvarpssögunnar. Hann er óhæfur í samskiptum við annað fólk, smámunasamur og hrokafullur. Þessir hræðilegu ókostir fléttast saman í þennan prinsippmann sem maður hlær að í hvert einasta skipti sem hann opnar á sér trantinn.

Húmorinn í Curb Your Enthusiasm er svo óforskammaður og fullur af mannfyrirlitningu að það er ekki hægt annað en að elska hann.



Hvaða þættir myndu segja sögu manns sem byrjaði að hitta konur í hjólastólum eingöngu vegna þess að þá leit fólk á hann öðrum augum? Og hvernig í ósköpunum er ekki hægt að hlæja að manni sem reynir að losa sig við veika kærustu sína vegna þess að hann hreinlega nennir ekki að hjálpa henni að ná bata. Hann gekk meira að segja svo langt að leita til læknis sem var með þá yfirlýstu stefnu að ráðleggja sjúklingum sínum að útiloka óþolandi fólk úr lífi sínu. Honum tókst ætlunarverk sitt, en ekki með beinni hjálp læknisins.

Eins og allir ættu að vita þá er Larry David heilinn á bak við þættina um annan mikinn prinsippmann: Jerry Seinfeld. Seinfeld ásamt Curb Your Enthusiasm sýna að enginn stenst Larry David snúning þegar hann er í stuði. Guð blessi þennan ógeðslega, ógeðslega mann.

# MIÐVIKUDAGUR



▶ **19.00** **The Real Housewives of Orange County** SKJÁR EINN



▶ **20.00** **Man About Town** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.05** **Morðgátur Murdochs** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.45** **Ghost Whisperer** STÖÐ 2



▶ **21.50** **Modern Family** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**14.55 Íslenski boltinn** (e)
**15.40 Dansað á fákspori** (e)
**16.05 Talið í söngvakeppni** (1:3) (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var... jörðin** (8:26)
**18.00 Disneystundin** Fínni kostur, Sígildar teiknimyndir og Finnbogi og Felix.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Bráðavaktin** (ER XV) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Þetta er lokasyrpan og við sögu koma þekktar persónur frá fyrri árum. .
▶**21.05 Morðgátur Murdochs** (Murdoch Mysteries) Kanadískur sakamálaþáttur um William Murdoch og samstarfsfólk hans sem beitti nýtískuaðferðum við rannsókn glæpamála laust fyrir aldamótin 1900.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Syndir feðranna** Heimildamynd eftir Ara Alexander Ergis Magnússon og Bergstein Björgúlfsson um Breiðavíkurhneykslið. (e)
**23.50 Flugstöðin** (The Terminal) Bandarísk bíómynd frá 2004. Austurevrópskur innflytjandi verður strandaglópur á Kennedy-flugvelli og neyðist til að koma sér fyrir og dvelja þar um skeið. Aðalhlutverk: Tom Hanks, Catherine Zeta-Jones og Stanley Tucci. (e)
**01.55 Kastljós** (e)
**02.35 Fréttir** (e)
**02.45 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 The U.S. vs. John Lennon**
**10.00 The Groomsmen**
**12.00 Shrek the Third**
**14.00 The U.S. vs. John Lennon**
**16.00 The Groomsmen**
**18.00 Shrek the Third**
▶**20.00 Man About Town**
**22.00 No Way Out**
**00.00 The Things About My Folks**
**02.00 Cake: A Wedding Story**
**04.00 No Way Out**
**06.00 Australia**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Ævintýri Juniper Lee og Íkornastrákurinn.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Lois and Clark. The New Adventure** (12:21) LOIS AND CLARK
**11.45 Gilmore Girls** (18:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ally McBeal** (7:22)
**13.45 Oprah's Big Give** (3:8)
**14.35 E.R.** (20:22)
**15.20 Njósnaskólinn**
**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ævintýri Juniper Lee, Íkornastrákurinn og Ruff's Patch.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (13:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (1:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (15:20)
**20.10 Project Runway** (10:14) Vinsæl raunveruleikasería þar sem efnilegir fatahönnuðir keppa í hönnun tískufatnaðar.
**20.55 Grey's Anatomy** (21:24) Vinsæll dramaþáttur sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalans í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
▶**21.45 Ghost Whisperer** (14:23) Spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem á erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf að takast á við drauga sem birtast henni öllum stundum.
**22.30 Ocean's Thirteen** Þriðja myndin um glæpagengi Dannys Ocean's. Í aðalhlutverkum eru: George Clooney, Brad Pitt og Matt Damon og Al Pacino.
**00.30 Zodiac**
**03.05 NCIS** (18:25)
**03.50 E.R.** (20:22)
**04.35 Sjáðu**
**05.00 Grey's Anatomy** (21:24)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Fram - ÍBV** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla.
**15.25 Fram - ÍBV** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla.
**17.15 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað.
**18.15 Atl. Madrid - Fulham** Bein útsending frá úrslitaleik Atletico Madrid og Fulham í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**20.45 Players Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
**21.40 Spænsku mörkin 2009-2010** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**22.35 Atl. Madrid - Fulham** Útsending frá úrslitaleiknum í Evrópudeildinni í knattspyrnu.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Nott. Forest - Blackpool** Útsending fra leik í ensku 1. deildinni.
**16.25 Nott. Forest - Blackpool** Útsending fra leik í ensku 1. deildinni.
**18.05 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**18.40 Cardiff - Leicester** Bein útsending frá leik í umspili ensku 1. deildarinnar.
**20.45 Football Rivalries** Gabriel Omar Batistuta er talinn einn besti framherji sögunnar og í þessum magnaða þætti verður ferill þessa storkostlega leikmanns skoðaður.
**21.15 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**22.10 Cardiff - Leicester** Utsending fra leik í ensku 1. deildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.00 Fyndnar fjölskyldumyndir** (e)
**17.25 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál.
**18.10 Nýtt útlit** (11:11) (e)
▶**19.00 The Real Housewives of Orange County** (2:12) Húsmæðurnar finna fyrir aldrinum innan um allar ungu skvísurnar í Suður-Kaliforníu. Vicki og Jeana ætla að koma sér í flott form en það getur reynst erfitt að vakna snemma til að fara í ræktina. Lauri setur húsið sitt á sölu og Tamra undirbýr fertugsafmælið.
**19.45 King of Queens** (9:24) (e)
**20.10 Spjallið með Sölva** (13:14) Viðtalsþáttur í beinni útsendingu þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr.
**21.00 America's Next Top Model** (3:12) Dans spilar stórt hlutverk í myndatöku vikunnar og ein stúlkan verður að gera upp við sig hvort hún vill halda áfram.
**21.50 Life** (4:21) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök.
**22.40 Heroes** (11:19) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlegum hæfileikum.
**23.25 Jay Leno**
**00.10 Law & Order** (2:22) (e)
**01.00 Big Game** (3:8) (e)
**02.40 King of Queens** (9:24) (e)
**03.05 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Kokkalíf** Landsliðskokkarnir leika listir sínar. Gestgjafi er Fritz Már.
**20.30 Heim og saman** Þórunn Högnadóttir kemur ótrúlegustu hlutum heim og saman.
**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og hópur markaðssérfræðinga brjóta kynningarauglýsingamál til mergjar.
**21.30 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm fær til sín góða gesti.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### Project Runway



Ofurfyrirsætan Heidi Klum og Tim Gunn stjórna spennandi tískuhönnunarkeppni þar sem ungir og upprennandi fatahönnuðir mæta til leiks og takast á við fjölbreyttar áskoranir. Í hverjum þætti fellur einn úr leik svo að lokum stendur einn uppi sem sigurvegari og hlýtur að launum peningaverðlaun, tækifæri til að setja á laggirnar sína eigin fatalínu og tískuþátt í Elle-tímaritinu fræga.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Grey's Anatomy

**Stöð 2 kl. 20.50**

Stöð 2 sýnir sjöttu seríu þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle.

Þar starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar en flókið einkalíf þeirra á það til að gera starfið enn þá erfiðara.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Í boði náttúrunnar
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Norðan við stríð
**15.32** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Leit að samastað í tilverunni
**21.10** Út um græna grundu
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.10** Ellismellir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**20.10 Falcon Crest** (14:18) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶**21.50 Modern Family** (15:24) Gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þeirra liggja saman og þær lenda í drepfyndnum aðstæðum.

**22.15 Bones** (14:22) Fimmta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance „Bones" Brennan, réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.

**23.00 Curb Your Enthusiasm** (3:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjörnunum úr Seinfeld, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George. Aðalgrínið í þáttaröðinni verður nefnilega hvort eitthvert vit sé í endurkomu þessara vinsælustu gamanþátta allra tíma Vandinn er bara sá að þau hafa mismikla löngun il þess að af þessu verði og Larry kemur stöðugt sjálfum sér og öðrum í vandræði.

**23.30 The Doctors**

**00.15 Daily Show: Global Edition** Ómissandi þáttur fyrir þá sem vilja vera með á nótunum og kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.

**00.50 Falcon Crest** (14:18)

**01.40 Fréttir Stöðvar 2**

**02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.10** The Vicar Of Dibley **12.40** My Hero **13.10** My Hero **13.40** My Family **14.10** My Family **14.40** Hustle **15.30** The Inspector Lynley Mysteries **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** My Family **18.00** The Vicar Of Dibley **18.30** Lark Rise to Candleford **19.20** Waking the Dead **20.10** The Vicar Of Dibley **20.40** Strictly Come Dancing **22.05** Robin Hood **22.50** The Vicar Of Dibley **23.20** Lark Rise to Candleford

## DR 1

**12.00** Ha' det godt **12.30** Hammerslag i Sverige **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Splint & Co **14.55** Minisekterne **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjørn **15.30** Alba og Adam **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Kender du typen **18.30** Kæft, trit og knus **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** The Contract **21.00** Onsdags Lotto **21.05** Hercule Poirot **22.45** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bygdeliv **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Solgt! **18.15** På tur med Lars Monsen **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** House **20.25** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.45** Sicko **23.45** Svisj gull

## SVT 1

**12.05** Min onkel **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Norsk attraktion **15.25** Namnam med Noman **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Lehman Brothers sista dagar **20.00** True Blood **20.55** Inför Eurovision Song Contest 2010 **21.55** Annas eviga **22.25** Landet runt **23.10** Kobra **23.40** Debatt


Í sumarskapi

NÝTT KORTATÍMABIL
Á MORGUN FIMMTUDAG

20%
afsláttur
Red herring skór
og öll brúnkukrem






Red herring





50% afsláttur
Kauptu stuttermabol
í herradeild og
fáðu annan með
50% afslætti



Gildir út mánudag

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Sushi barinn á Laugaveginum. Besta sushi í Reykjavík. Þó ekki staður fyrir óþolinmóða.“*

Birgir Örn Steinarsson, poppsögufritari Páls Óskars.



**LÁRÉTT**
**2.** Listastefna, **6.** persónufornafn, **8.** hljóð svína, **9.** gogg, **11.** átt, **12.** vísa, **14.** rót, **16.** bókstafur, **17.** áþekk, **18.** munda, **20.** nesoddi, **21.** yfirhöfn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** stjórnarumdæmis, **3.** rykkorn, **4.** sprengiefni, **5.** maka, **7.** tilgátu, **10.** fley, **13.** óvild, **15.** skakki, **16.** í hálsi, **19.** frá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** dada, **6.** ég, **8.** rýt, **9.** nef, **11.** na, **12.** staka, **14.** grams, **16.** kál, **17.** lík, **18.** ota, **20.** tá, **21.** kufl.
**LÓÐRÉTT: 1.** léns, **3.** ar, **4.** dýnamít, **5.** ata, **7.** getgátu, **10.** far, **13.** kal, **15.** skáli, **16.** kok, **19.** af.


vísir.is
„...ég sá það á vísi“


# Listamenn blása til golfmóts úti á Nesi

„Við erum búin að tala um þetta í fimm til sex ár og ætlum nú loks að láta verða af þessu,“ segir Björn Brynjúlfur Björnsson en Bandalag íslenskra listamanna hyggst halda golfmót úti á Seltjarnarnesi 23. maí næstkomandi. Eina skilyrðið fyrir þátttöku er að menn séu meðlimir í einhverju af aðildarfélögum Bandalags íslenskra listamanna.

Björn er sjálfur liðtækur kylfingur, er með 12,9 í forgjöf sem verður að teljast nokkuð gott. „Ég byrjaði ´94 og þetta er besta forgjöfin sem ég hef verið með frá því að ferillinn í þessu sporti byrjaði,“ segir Björn og viðurkennir að golfið sem íþrótt henti listamönnum ákaflega vel. Björn segir aðeins fjörutíu og fjóra komast að í þessu móti en stefnt sé að því að hafa það árlega. „Við erum að láta smíða bikar en menn hafa ekki reynst tilbúnir til að leggja heiðurs- eða listamannslaun að veði eða einhverja styrki,“ bætir Björn við og hlær en skráning fer fram á fih.is.

Fjölmargir listamenn hafa lagt stund á golfið og þeir hafa margir skráð sig í mótið. Nægir þar að nefna stórleikarann Arnar Jónsson sem er með 9,5 í forgjöf og Kormák Geirharðsson en hann er með 9,2 í forgjöf. Kvikmyndagerðarmaðurinn Lárus Ýmir Óskarsson er skráður með 9,9 í forgjöf en fyrrum Spaugstofufélagarnir Randver Þorláksson og Sigurður Sigurjónsson eru á svipuðum stað ef marka má skráninguna; Randver er með tæpa tuttugu í forgjöf á meðan Sigurður er með 23. **- fgg**



**ÞOKKALEGIR KYLFINGAR** Kormákur Geirharðsson og Arnar Jónsson eru báðir með undir tíu í forgjöf. Þeir taka þátt í golfmóti listamanna ásamt Birni Brynjúlfi.

KRISTJÁN INGIMARSSON: GAMAN AÐ KLJÁST VIÐ SVONA FÓLK

# Lék á móti aðalleikurum Forbrydelsen í Macbeth

„Það var gaman fyrir mig að kljást við svona fólk. Þetta er fólk sem leggur rosalega mikið í það sem það er að gera og er rosalega ötult,“ segir Kristján Ingimarsson.

Hann lék nýverið í leikriti Shakespeare, Macbeth, á móti þeim Nicolas Bro og Sofie Gråbøl úr sjónvarpsþáttunum vinsælu Forbrydelsen. Fóru þau tvö með hlutverk herra og frú Macbeth og stóðu sig með mikilli prýði að sögn Kristjáns. Sjálfur lék hann hin ýmsu hlutverk í sýningunni, þar á meðal nornir og morðingja. Atriðin með nornunum fólu í sér nýstárlega hreyfilist og var það Kristján sem samdi þau.

Rúmlega þrjátíu sýningar voru haldnar í leikhúsinu Gasværket í Kaupmannahöfn fyrir fullu húsi. Leikhúsið er gömul gasstöð sem rúmar 800 manns og er sérlega skemmtilegur vinnustaður að mati Kristjáns. „Húsið að innan er ferlega flott. Þetta er hringlaga tankur sem er hlaðinn úr grjóti og gluggarnir eru einnig hringlaga og mjög flottir,“ segir hann. „Þeir notfærðu sér þetta og gerðu einfalda sviðsmynd. Síðan var okkar að reyna að fylla út í þetta rými.“

Kristján segir að Nicolas hafi gríðarlegan áhuga á teiknimyndahetjum á borð við Spider-Man og Superman. Hann safni teiknimyndablöðum af miklum þrótti og hafi nýtt áhuga sinn á ofurhetjum til að koma sér í gírinn fyrir hlutverk sitt sem hinn blóðþyrsti Macbeth.

Kristján, sem hefur starfað mikið í Danmörku, leikstýrði sinni eigin sýningu áður en hann lék í Macbeth. Hún hét Big Wheel Café. Þar bauð hann gestaleikurum öðru hvoru að stíga á svið. Ólafía Hrönn Jónsdóttir var ein þeirra og eitt kvöldið mætti Nicolas Bro. „Hann kom inn á kaffihúsið sem Macbeth og tók innleikssenu úr leikritinu. Þetta var áður en Macbeth var frumsýnt og þannig kynntist ég honum fyrst,“ segir Kristján og greinilegt að Nicolas er maður sem fer sínar eigin leiðir.

Næsta hlutverk Kristjáns verður í verkinu Af ástum manns og hrærivélar sem verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu 20. maí og er hluti af Listahátíð í Reykjavík. Þar leikur hann einmitt á móti Ólafíu Hrönn. Þau sömdu einnig leikritið ásamt þeim Ilmi Stefánsdóttur og Vala Frey Einarssyni. „Okkur hefur tekist að gera alveg kolbrjálaða og stórskemmtilega sýningu,“ segir Kristján og hlakkar mikið til. **freyr@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**LÉK Á MÓTI FORBRYDELSEN-FÓLKI**
**Kristján** lék á móti **Nicolas Bro** og **Sofie Gråbøl** úr sjónvarpsþáttunum Forbrydelsen í leikritinu Macbeth.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Nú er ljóst að HLH-flokkurinn mætir KK bandi í fyrsta Popppunkts-þættinum sem fer í loftið laugardaginn 5. júní. Upptökur eru þegar hafnar og það má búast við látum í fyrsta þætti þegar reynsluboltarnir mætast. **Björgvin Halldórsson** reynist KK og félögum væntanlega erfiður keppinautur þar sem hann hefur verið lengi í bransanum og ávallt tengst yngra fólki bransans í gegnum börnin sín, Svölu og Krumma…



Og meira um keppendur Popppunkts. Eldgosið í Eyjafjallajökli heldur áfram að trufla ferðalög fólks. Söngkonan **Lay Low** sat föst í New York síðast þegar Fréttablaðið frétti af henni, en Stóra eplið er reyndar ekki versta borg í heimi fyrir strandaglópa. Lay Low er sem kunnugt er í hljómsveitinni Benny Crespo's Gang, en hinir meðlimirnir bíða óþreyjufullir eftir henni þar sem þeir hafa verið boðaðir í upptökur á Popppunkti í dag og eiga að mæta sterku liði hljómsveitarinnar Lights on the Highway…

Og það eru fleiri Íslendingar fastir í New York. Fyrirsætan **Ingibjörg Egilsdóttir**, sem tók þátt í tískuvikunni á eyjunni St. Croix í Karíbahafinu í síðustu viku, ætlaði einnig að vera komin heim. Hún er þó ekki í slæmu yfirlæti þar sem hún fékk lánaða íbúð í Trump-turninum á meðan flugsamgöngur lágu niðri. Eins og nafnið gefur til kynna er turninn í eigu auðkýfingsins Donalds Trump, en hann er eigandi keppninnar Miss Universe, sem Ingibjörg tók þátt í fyrir Íslands hönd í fyrra. **- afb**








# Grímur Atla tekur upp veskið

Forsvarsmenn Iceland Airwaves ætla að borga átta til tólf íslenskum hljómsveitum fyrir þátttöku sína á hátíðinni. Þetta er breyting frá því sem verið hefur því samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur það einungis verið gert í undantekningartilfellum.

„Það verður samið við ákveðnar hljómsveitir en við erum ekki að tala um gígantískar upphæðir,“ segir Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Airwaves. Þær sveitir sem eru á meðal þeirra stærstu hér á landi fá borgað, þ.e. þær sem hafa selt hvað flestar plötur og eru duglegar við að fara í tónleikaferðir erlendis. „Við erum að byggja upp „hæp“ í kringum hátíðina og það er því eðlilegt að þessi stærstu bönd fái ákveðna þóknun,“ segir Grímur. Hann á ekki von á að allar innlendar sveitir fái borgað í framtíðinni, enda er þar um gríðarlega stóran hóp að ræða sem telur á ári hverju nokkur hundruð manns.



Erlendum hljómsveitum verður áfram borgað eins og verið hefur en þó mismikið. Sumar fá eingöngu flugið til Íslands borgað, aðrar fá pening og flug á meðan enn aðrar borga allt saman sjálfar.

Fleiri nýjungar eru í burðarliðnum hjá Iceland Airwaves því reyna á að tengja hátíðina betur við erlendar tónlistarhátíðir. Þannig yrðu nokkrar hljómsveitir sem tækju þátt í Airwaves valdar til þátttöku á öðrum hátíðum á borð við hina norsku By:Larm. Fengi hver um sig um 1.000 evrur í farareyri. „Við erum að markaðssetja íslenska tónlist erlendis og ef band stendur sig vel á Airwaves gæti það verið valið. Við borgum þá bandinu og aukum í leiðinni tækifæri þess erlendis,“ segir Grímur. **- fb**

**GRÍMUR ATLASON** Átta til tólf íslenskar hljómsveitir fá borgað fyrir þátttöku sína í Iceland Airwaves-hátíðinni.

# AMADOU & MARIAM

RETRO STEFSON



Í KVÖLD KL. 20.30
LAUGARDALSHÖLL

MIÐASALA
Á MIDI.IS &
LISTAHATID.IS

**Pitchfork Media:**
*"Amadou & Mariam make the truest form of world music: music for the whole world to enjoy, regardless of background."*

**Q Magazine:**
*"Truely, a voyage of discovery."*

**Rolling Stone:**
*"Dimanche à Bamako - Best Albums of the Decade"*

**The Times:**
*"A dazzling bundle of pop smarts and African soul."*

**The Times:**
*"A dazzling bundle of pop smarts and African soul."*

BEDROOM COMMUNITY

# Whale Watching Tour 2010

SAM AMIDON – BEN FROST
NICO MUHLY – VALGEIR SIGURÐSSON
Daníel Bjarnason – Nadia Sirota – Una Sveinbjarnardóttir
Borgar Magnason – Helgi Hrafn Jónsson

BEDROOM COMMUNITY
THE WHALE WATCHING TOUR
Á LISTAHÁTÍÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ 16. MAÍ KL. 20



FABRIKAN

„I couldn't be any more full of my own happiness than witnessing this night. Bravo and oh and oh to Bedroom Community for their righteous curation and stellar performances. This is passionate, necessary music. Blessed, blessed!"
The Reykjavík Grapevine, Oct 2009

FRÉTTABLAÐIÐ
Iceland Express
CENTER HOTELS
PÓSTURINN
samskip

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA
**Miðasala:** www.listahatid.is,
og við innganginn frá kl. 19

Listahátíð í Reykjavík 2010
12. MAÍ – 5. JÚNÍ
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fríður hópur með Heru

Gengið hefur verið frá því hverjir verða í föruneyti **Heru Bjarkar Þórhallsdóttur** á Eurovision í Ósló. Birna Björnsdóttir sér um hreyfingar á sviði, Emilía Tómasdóttir hefur hárið á sinni könnu og förðunarmeistarinn **Elín Reynisdóttir** verður með púðrið á lofti. Þá mun Kristjana Stefánsdóttir passa upp á rödd Heru og bakradda hennar. Framkvæmdastjóri hópsins er hins vegar Þórdís Lóa en hún er einmitt systir Heru Bjarkar. - fgg



### Kóngur og drottning í kúlulánalandi

Lögmaðurinn **Björn Þorri Viktorsson** hefur verið ötull baráttumaður gegn myntlánum banka og fjármálafyrirtækja og veitingum kúlulána til bankastjórnenda. Til hans sást á dögunum í mótmælastöðu við heimili Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, fyrrverandi varaformanns Sjálfstæðisflokksins. Björn ætti að þekkja flest lánamálin af eigin raun en hann hefur fengið hundruð milljóna króna í erlendri mynt að láni hjá fjármálafyrirtækjum í gegnum tíðina. Sem dæmi skuldar eitt félaga hans Byr um hálfan milljarð króna vegna láns í svissneskum frönkum vegna umdeildrar hlutafjáraukningar í sparisjóðnum haustið 2007. Verðmæti stofnfjárins er núll krónur í dag.



### Bauhaus-gagnaverið

Óþarfi er að ráðast í byggingu gagnavera frá grunni heldur má nýta stórar auðar byggingar undir slíkt. Þorvaldur E. Sigurðsson, ráðgjafi og fyrrverandi framkvæmdastjóri Verne, viðraði þessa hugmynd á ráðstefnu Opinna kerfa. Nefndi hann sérstaklega Bauhaus-húsið við Vesturlandsveg.

### Mest lesið VISIR.IS

1. Ég er engin senditík
2. Grjóthrunið í Bjarnarey - myndir
3. Maí 2010 Fleiri Kaupþingsmenn handteknir
4. Gríðarmikið hrun varð úr Bjarnarey
5. Fréttastjóri Stöðvar 2 segir upp





